

ADALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA - LISTIR



ADALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA

LISTIR

1999

Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla.

1. gr.

Með vísan til 21. gr. og 29. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla með áorðnum breytingum, hefur menntamálaráðherra staðfest nýja aðalnámskrá framhaldsskóla, sem tekur gildi frá og með 1. júní 1999.

Starf í framhaldsskólum samkvæmt hinni nýju aðalnámskrá hefst frá og með skólaárinu 1999-2000. Heimilt er þó að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins að láta námskrána koma til framkvæmda frá og með skólaárinu 2000-2001, enda séu fyrir því rökstuddar forsendur í einstökum framhaldsskólum. Aðalnámskrá framhaldsskóla skal vera komin til fullra framkvæmda í öllu starfi framhaldsskóla eigi síðar en að fimm árum liðnum frá gildistöku auglýsingar þessarar. Námskrá fyrir framhaldsskóla, 3. útgáfa, frá 1990 fellur úr gildi eftir því sem ákvæði nýrrar námskrár koma til framkvæmda.

Hin nýja aðalnámskrá tekur ekki til eftirtalinna þátta: Nánari skilgreiningar á lágmarkskröfum um námsárangur í einstökum greinum og greinaflokkum við lok grunnskóla og starfsþjálfun þar sem hennar er krafist, sbr. 15. gr. laga um framhaldsskóla, lágmarksfjölda kennslustunda í einstökum námsgreinum sbr. 21. gr. og samræmdra lokaprófa sbr. 24. gr. sömu laga. Gildistaka ákvæða aðalnámskrár framhaldsskóla varðandi framangreinda þætti verður auglýst síðar.

2. gr.

Aðalnámskrá framhaldsskóla er gefin út í heftum. Almennur hluti námskrárinnar er birtur í einu hefti. Námskrár einstakra bóknámsgreina og námskrár í sérgreinum starfsnáms eru birtar í sérstökum heftum.

Í almennum hluta aðalnámskrár er meðal annars fjallað um hlutverk og markmið framhaldsskóla, uppbyggingu náms og námsleiðir, almenn inntökuskilyrði, skólanámskrá, réttindi og skyldur nemenda, námsmat og próf, sveinspróf og námssamninga, undanþágur og meðferð persónulegra upplýsinga og meðferð mála. Almennur hluti aðalnámskrár framhaldsskóla er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.


Í námskrám einstakra námsgreina og námskrám í sérgreinum starfsnáms er m.a. skilgreint markmið námsins, gefnar ábendingar um nám og kennslu, námsmat, áfangalýsingar svo og lýsingar á námskipan þar sem við á.


Almennur hluti aðalnámskrár framhaldsskóla ásamt brautarlýsingum verður gefinn út í sérstöku hefti í apríl 1999. Námskrár einstakra bóknámsgreina verða gefnar út í sérstökum heftum fyrir 1. júlí 1999 og námskrár í sérgreinum starfsnáms verða einnig gefnar út í sérstökum heftum fyrir 1. janúar 2000.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 31. mars 1999


Björn Bjarnason


Guðrúnur Sigurðardóttir

AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA

LISTGREINAR

1999

Menntamálaráðuneytið

Menntamálaráðuneytið : námskrár 18

Júlí 1999

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsögötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is

Hönnun og umbrot: XYZETA ehf.
Ljósmyndun: Kristján Maack
Myndskreytingar: XYZETA ehf.
Prentun: Oddi hf.

© 1999 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-30-1

EFNISYFIRLIT

Formáli	7
Listnám í framhaldsskóla	8
Inngangur	8
Skipan náms	10
Nám og kennsla	11
Listnámsbraut	13
Inngangur	13
Lokamarkmið	14
Listnám í kjarna	15
Listir og menning	15
Áfangar	16
LIM 103 Menningarsamhengi og -saga	
LIM 113 Skynjun, túlkun, tjáning	
LIM 203 Samtímamenning í sögulegu samhengi	
Dans	23
Inngangur	23
Lokamarkmið	24
Tónlist	24
Inngangur	24
Lokamarkmið	24
Sjónlistir	25
Inngangur	25
Námsmat	26
Sameiginlegir áfangar sjónlistakjörsviða	28
SJL 103 Teikning og merking	
SJL 203 Form-, efnis- og litafraeði og markaðsfræði	



Myndlist	35
Lokamarkmið	35
Myndlistarkjörsvið	37
Áfangar	37
MYL 103 Módelteikning	
MYL 202 Tvívið formfræði/myndbygging	
MYL 212 Fjarvíddarteikning	
MYL 222 Ljósmyndun	
MYL 233 Anatómía	
MYL 303 Þrívíddarformfræði	
MYL 314 Teikning/myndgreining/myndbygging	
MYL 403 Litafræði/myndbygging	
MYL 504 Umhverfisteikning og málun	
MYL 603 Lokaverkefni	
MYS 103 Sjónlistir fram yfir miðja 19. öld	
MYS 203 Sjónlistir frá miðri 19. öld fram yfir miðja 20. öld	
MYS 304 Samtimalistin	
Hönnun	68
Lokamarkmið	68
Kjörsvið almennrar hönnunar	71
Áfangar	71
AHL 103 Almenn hönnun, tvívið og þrívíð hönnun, margmiðlun	
AHL 113 Teikning, frihendis-, samkvarða-, tvíkvarða- og fjarvíddarteikning, málsetning	
AHL 123 Teikning, vinnuteikning, hornrétt fallmyndun, skurðir, staðlar	
AHL 133 Líkanagerð / þrívíð framsetning	
AHL 143 Efnisfræði og framleiðslutækni	
AHL 203 Almenn hönnun, hugmyndaverkefni	
AHL 213 Myndræn tjáning, myndmiðlun, tölvunotkun	
AHL 303 Almenn hönnun, vinnuvistfræði, tölvur, þróunarverkefni	
AHL 403 Almenn hönnun, efnisval, útfærsla	
AHL 503 Lokaverkefni	
AHS 103 Tækni og verkmenning fram yfir miðja 19. öld	
AHS 203 Hönnun, tækni og verkmenning frá miðri 19. öld fram yfir miðja 20. öld	
AHS 303 Hönnun, tækni og verkmenning 1945-1999	

Kjörsvið handverkshönnunar	97
Áfangar - Fata- og textilhönnun	98
THL 103 Fatahönnun - skissuvinna, saumtækni og sniðteikning	
THL 112 Hönnun og hugmyndavinna	
THL 122 Textil- og markaðsfræði	
THL 136 Textilhönnun	
THL 143 Híbýlahönnun	
THL 203 Fatahönnun - tiskuteiknun, sniðteikning, fóður, teygjanleg efni	
THL 212 Tölvustudd hönnunar- og hugmyndavinna	
THL 303 Fata- og textilhönnun - hannað innskot	
THL 406 Þemavinna, lokaverkefni	
AHS 103 Tækni og verkmenning fram yfir miðja 19. öld	
AHS 203 Hönnun, tækni og verkmenning frá miðri 19. öld fram yfir miðja 20. öld	
AHS 313 Fata- og textilsaga	
Kjörsvið margmiðlunarhönnunar	123
Áfangar	123
MHL 103 Nær samfélagið: margmiðlun	
MHL 203 Kyrr tvívið: stafræn ljósmyndun	
MHL 213 Kyrr tvívið: grafísk hönnun	
MHL 304 Kyrr tvívið: verkstæði	
MHL 313 Tvívið, hreyfimyndir: myndbandagerð	
MHL 323 Tvívið, hreyfimyndir og sýndarþrívið: teiknimyndagerð	
MHL 333 Margmiðlun: hljóðsetning og tónlist	
MHL 403 Margmiðlun: verkstæði	
MHL 504 Margmiðlun: lokaverkefni	
MHS 103 Félagslegt og sögulegt samhengi grafískra miðla	
MHS 203 Félagslegt og sögulegt samhengi kvik- og teiknimynda	
MHS 304 Sögulegt, sálfræðilegt, merkingarfræðilegt, heimspekilegt og félagslegt samhengi myndmiðla í samfélaginu	

Valáfangar í listum	152
Áfangar	153
TÓN 102 Tónlist	
MYN 102 Myndlist	
LEK 103 Leiklist	



FORMÁLI

Í þessu námskrárhefti er gerð grein fyrir listnámi í framhaldsskóla. Skilgreind er listnámsbraut auk þriggja valáfanga í listum.

Í fyrsta hlutanum er fjallað um helstu rök fyrir náms sviðinu listum, skipan náms á sviðinu og vikið að sam- eiginlegum þáttum náms og kennslu.

Í öðrum hluta er námskrá listnámsbrautar. Auk rökstuð- ings fyrir dans-, tónlistar- og sjónlistakjörsviðum tekur hún til lokamarkmiða listnámsbrautar og lokamarkmiða kjörsviða brautarinnar, þ.e. dans, tónlistar og sjónlista, en með sjónlistum er átt við kjörsvið almennrar hönnunar, margmiðlunarhönnunar, handverkshönnunar og mynd- listar. Einnig tekur hún til áfangalýsinga og námsmats list- náms í kjarna brautarinnar og á sjónlistakjörsviðunum.

Í þriðja hluta eru skilgreind þrjú dæmi um valáfanga í list- um; tónlist, sjónlistum og leiklist.



LISTNÁM Í FRAMHALDSSKÓLA

Inngangur

Listir hafa fylgt mannum frá örófi alda og eru ein aðferða hans til að skilgreina reynslu sína og skilning. Með hjálp listanna hefur hann tjáð tilgang og merkingu mannlegrar tilveru og mótað umhverfi sitt. Í listiðkun öðlast maðurinn lífsfyllingu og finnur tilfinningum sínum og hugmyndum farveg.

Listnám stuðlar að eflingu sköpunargáfu.

Frumleg tengslamyndun ásamt rökrænu mati og ályktunarhæfni liggur til grundvallar því sem nefnt hefur verið sköpunargáfa. Í listum er nauðsynlegt að leika, spyrja og ögra, sem leiðir til óvæntra tenginga. Sköpunargáfan er einstaklingnum nauðsynleg til þess að mæta síbreytilegum kröfum nútímaþjóðfélags.

Listnám veitir tækifæri til að þroska fjölbreyttan og persónulegan tjáningarmáta.

Tjáningarmáti einstaklingsins byggist á hinum ólíku þáttum greindar hans og hæfileika. Í listiðkun getur einstaklingurinn fundið sér leið til tjáningar og staðfestingar á eigin eðli og verðleikum. Listir endurspeglar þannig fjölbreytileika mannlífsins.

Listnám eflir sjálfsmynd og sjálfsskilning sem er grundvöllur farsældar í lífi og starfi.

Listnám dýpkar sjálfsvitund og tilfinningu fyrir stöðu í umhverfinu. Listir eru starfsvettvangur en jafnframt áhugamál sem veitir lífsfyllingu allt frá barnæsku til elli ára. Að njóta lista er að næra tilfinningalíf og vitsmuni. Þær eru lífsgæði sem hver einstaklingur á rétt á að njóta.

Listnám stuðlar að tilfinningaþroska, félagsþroska og meðvitund um fagurfræði.

Í listnámi lærist nemendum að þekkja og tjá eigin tilfinningar og virða tilfinningar annarra og túlkun þeirra. Þeir læra að ráða í þá samfélagslegu og persónulegu merkingu og gildismat sem felst í formi og framsetningu hlutanna.

Listnám hjálpar hæfni til þátttöku í menningu samfélagsins.

Með þekkingu og skilningi á táknmáli lista er maðurinn fær um að meta og greina upplýsingar og áhrif sem hann verður fyrir daglega. Þessi þekking og skilningur er forsenda virkrar þátttöku í menningunni. Listir hjálpa nemandanum að skilja menningarlegan fjölbreytileika og að gera sér grein fyrir menningarlegu afstæði með því að kynna fyrir honum gildi, hefðir og hugmyndafræði eigin samfélags og annarra.

Listir eru mikilvæg atvinnugrein.

Listir mynda fjölbreytilegar atvinnugreinar og eru mikilvægt efnahagslegt framlag til samfélagsins. Má þar nefna störf sem tengjast manngerðu umhverfi, skemmtana-, tölvu-, tísku- og listheimi. Fjöldi fólks á sér ævistarf og framfæri af iðkun listgreina í ýmsu formi. Sá fjöldi mun aukast með vaxandi notkun upplýsingatækni sem gerir miðlun hljóðs og mynda auðveldari og aðgengilegri en nú þekkest.

Listir eru áhrifavaldur í samfélaginu.

Listir eru ráðandi í upplýsingamiðlun nútímans og eru þannig einn helsti miðill áhrifa í samtímanum. Tónlist, myndlist, hönnun, leiklist og dans endurspeglar og mótar viðhorf einstaklings og gildismat samfélags. Því er brýnt að hver og einn sé meðvitaður um táknmál listanna en forsenda lýðræðis er upplýstur þegn sem er fær um þátttöku í samfélagsumræðu.

Listir eru kveikja hugmynda og nýsköpunar í efnahagslífi og samfélagi manna.

Í listiðkun er sífellt spurt spurninga og krafist svara því að eðli lista er sköpun. Sá sem er skapandi kemur fram með nýjar hugmyndir, metur þær og fylgir þeim eftir. Á öllum starfssviðum þjóðfélagsins er þörf fyrir einstaklinga sem eru gæddir þeim eiginleikum sem þroskaðir eru í listkennslu; frumkvæði og nýsköpun.

Listir móta og endurspeglja sjálfsmynd og gildismat samfélagsins. Fagurfræði og siðfræði eru greinar af sama meiði. Í listkennslu er fjallað um þessi gildi og menningarlegar forsendur þeirra. Listir eru uppistaðan í menningararfi þjóðanna. Listir helga það sem samfélaginu er mikilvægt, spegla gildi og venjur en ögra þeim jafnframt. Á helgi-stundum, hátíðum og merkisdögum mannsævinnar, jafnt í sorg sem í gleði, leitar mannkynið til listanna til að tjá merkingu stundarinnar.

Skipan náms

Listnám í framhaldsskóla er unnt að skipuleggja á ýmsan hátt.

- Nemandi getur stundað nám á listnámsbraut sem er þriggja ára braut ætluð til undirbúnings frekara listnámi í sérskólum eða á háskólastigi. Á brautinni eru sex kjörsvið: dans, almenn hönnun, handverkshönnun, margmiðlunarhönnun, myndlist og tónlist.
- Ekki er gert ráð fyrir leiklistarkjörsviði í þessari námskrá en skilgreindur er valáfangi í leiklist. Áfangar dans- og tónlistarkjörsviða eru ekki skilgreindir í þessu riti, heldur er vísað í námskrár sérskóla enda sjá þessir skólar um kennsluna í öllum inntakspáttum greinanna.
- Nemandi getur stundað nám á einhverri hinna þriggja bóknámsbrauta en nýtt sér 12 einingar af kjörsviði sínu til listnáms. Á þann hátt getur nemandi á bóknámsbraut fengið viðurkenndar 24 einingar listnáms með því að nýta einnig valeiningar sínar í listnám.

- Öllum nemendum gefst kostur á fjölbreyttu listnámi í vali en í þessari námskrá eru skilgreind dæmi um valáfanga í listum; í sjónlistum, tónlist og leiklist.

Nám og kennsla

Öll listgreinakennsla miðar að því að þroska sköpunargáfu, efla sjálfsvitund og auka menningarskilning nemenda. Í upplýsingasamfélagi hafa nemendur aðgang að ofgnótt þekkingarbrota og hlutverk skólanna er að gefa nemendum forsendur til þess að raða brotunum saman í merkingarbæra heild.

Skilgreint hlutverk listgreinakennslu er tvíþætt: Í fyrsta lagi að **kenna tjáningarleiðir listgreinanna**, tjáningarleiðir sem mannkynið hefur þróað með sér frá fyrstu tíð. Í öðru lagi að vekja með nemendum **vitund um tilgang, merkingu og samhengi í listum**.

Við skipulag náms í listum skal gæta þess að nemendur fái þar tækifæri til að auka **þekkingu** sína, öðlast og þjálf **færni** og efla **skilning** sinn á viðfangsefninu listum. Átt er við að veita nemendum aðgang að þeirri þekkingu sem inntaksflokkar námskrárinnar kveða á um og þjálf þá færniþætti sem greinarnar útheimta, þ.e. sköpun/túlkun/tjáningu og skynjun/greiningu/mat. Nemendur þjálfist í að beita þeirri þekkingu og færni sjálfstætt til þess að efla skilning sinn og mynda sér persónuleg viðhorf til lista.

Einn mikilvægasti eiginleiki upplýsinga- og samskiptatækni er að gera einstaklingnum mögulegt að fást við verkefni sem án tækninnar væru eingöngu á færi sérfræðinga. Upplýsingatækni eykur getu og færni líkt og ritmálið á sínum tíma. Eins og ritmálið jók við getu samfélagsins til að varðveita flókna þekkingu og miðla henni á milli kynslóða gerir upplýsingatæknin einstaklingnum mögulegt að varðveita og fást við flókna hluti sem hann hefði annars orðið að leita sér aðstoðar við.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla er lögð mikil áhersla á að notaður verði viðeigandi vél- og hugbúnaður í hverri námsgrein. Með þeim hætti kynnist nemandinn notagildi upplýsinga- og samskiptatækni á sem flestum sviðum og öðlast með því færni í að beita henni.



LISTNÁMSBRAUT

Inngangur

Menntun á listnámsbraut er grunnur undir frekara nám í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi. Listnámsbraut er skilgreind sem 3 ára námsbraut en nemendur, sem þess óska, geta bætt við sig einungum í bóklegum greinum og aflað sér þannig almennari réttinda til náms á háskólastigi í samræmi við inntökuskilyrði í það nám sem nemandi stefnir að.

Kjörsvið listnámsbrautar felur í sér sérhæfingu í listgreinum. Unnt er að velja um kjörsviðin **dans**, **almenna hönnun**, **handverkshönnun**, **margmiðlunarhönnun**, **myndlist** og **tónlist**. Á listnámsbraut velja nemendur sér kjörsvið en skólar geta, í samráði við menntamálaráðuneytið, skipulagt sjónlistakjörsviðin á annan hátt en hér greinir.

Áfangar dans- og tónlistarkjörsviða eru ekki skilgreindir í þessu riti heldur er vísað í námskrár sérskóla: aðalnámskrá Listdanskóla Íslands og aðalnámskrá tónlistarskóla enda sjá þessir skólar um kennsluna í öllum inntakspáttum greinanna.

Ekki er gert ráð fyrir leiklistarkjörsviði í þessari námskrá en skilgreindur er valáfangi í leiklist.

Listgreinar í kjarna listnámsbrautar, Listir og menning, skammstafað LIM, eru 9 einingar og er sameiginlegt nám allra nemenda á listnámsbraut. Sameiginlegt nám nemenda á sjónlistakjörsviðum brautarinnar (þ.e. myndlistar- og hönnunarkjörsviðum), skammstafað SJL, eru 6 einingar.



Í þessari námskrá er skilgreint dæmi um handverks-
hönnun: Fata- og textilhönnun. Skólar geta með samþykki
menntamálaráðuneytisins boðið upp á aðrar áherslur
textilhönnunar eða aðrar listiðnaðargreinar innan þessa
ramma. Áfangarnir LIM og SJL hafa fastan sess og tveir
áfangar í hönnunar- og stilsögu. Áfangar í öðrum inntaks-
þáttum greinarinnar verða að standast kröfur um gæði og
samræmingu.

Um skipulag brautarinnar er fjallað í almennum hluta
Aðalnámskrár framhaldsskóla, bls. 71-72.

Lokamarkmið

Eftir nám á listnámsbraut á nemandinn að hafa þroskað
færni sína, þekkingu og skilning á list og/eða hönnun og
lagt þannig grunn að áframhaldandi námi á sviði lista
og/eða hönnunar.

Nemandi

- tileinki sér þekkingu á grundvallarlögmálum og færni í aðferðum að minnsta kosti einnar greinar lista og/eða hönnunar, til eigin sköpunar og skilnings á list og/eða hönnun
- tileinki sér þekkingu á því menningarlega samhengi sem list og/eða hönnun sprettur úr, á listrænum menningararfi og á helstu stefnum og straumum í listheiminum
- tileinki sér annars vegar hæfni til umfjöllunar um eðli listar og/eða hönnunar og hins vegar færni til að skynja, greina og meta list og/eða hönnun og leggja þannig grunn að persónulegu mati

Listnám í kjarna

Listir og menning

Listir og menning er heitið á sameiginlegu listnámi allra nemenda listnámsbrautar, skammstafað LIM. Þessu námi er ætlað að opna nemendum sýn á hina listrænu aðferð mannsins til þess að skilgreina reynslu sína og skilning, sýn inn í heim listanna. Í þessum áföngum er rík áhersla lögð á að nemendur fái tækifæri til þess að upplifa, leita þekkingar og skerpa skynjun sína og skilning. Í áfanganum LIM 103, Menningarsamhengi og -saga, þjálfast nemandinn í að túlka og orða boðskap listanna frá ólíkum tímum og stöðum. Þar er lögð áhersla á þá þætti sem áhrif hafa haft á fjölbreytilega listsköpun mannsins. Áfanginn LIM 113, Skynjun, túlkun, tjáning, leggur áherslu á ólíkar tjáningaraðferðir listgreina. Þungamiðjan er skynjun mannsins. Þaðan er fjölbreytni listanna runnin og þangað eiga hinir listrænu hæfileikar rót sína að rekja. Í áfanganum LIM 203, Samtímamenning í sögulegu samhengi, skoða nemendur og skilgreina menningarumhverfi eigin samtíma út frá merkingarfræði og menningarsögu.

Áfangar

LIM 103 Menningarsamhengi og -saga

Áfangalýsing

Markmið áfangans er að nemandinn geri sér grein fyrir eðli þeirra þátta sem mótað hafa listsköpun mannsins í gegnum tíðina. Áfanganum er skipt upp í sex lotur þar sem nemendur kynnst og vinna heildrænt með menningarsamhengið á ákveðnum stað á ákveðnum tíma. Þeir skoða alla þætti listalífsins, myndlist, handverk, hönnun, tónlist, dans og leiklist, hvern í samhengi við annan og við félagslegt og heimspekilegt umhverfi. Vinna í áfanganum fer að mestu fram í hópum þar sem hver hópur tekur fyrir ákveðna þætti menningarinnar, leitar heimilda, vinnur úr þeim og kynnir að lokum fyrir öðrum nemendum. Áfanginn kallar á kennsluhætti þar sem nemendur eru virkir og sjálfstæðir í þekkingarleit. Nauðsynlegt er að í upphafi séu fyrir hendi góðar upplýsingar um hvar megi finna efni og upplýsingar sem tengjast tilteknum stað, tíma og menningarsamhengi.

Áfangamarkmið

Nemandi

- hafi hlotið innsýn í menningarlega og hugarfarslega þróun og margbreytileika í mannlegu samfélagi
 - geri sér grein fyrir samhengi á milli ólíks birtingarmáta skapandi tjáningar á ólíkum stöðum og ólíkum tímum
 - greini sameiginlega þræði í ólíkum listgreinum á hverjum tíma
- geri sér grein fyrir því hvernig listir eru nátengdar félagslegum veruleika á hverjum stað á hverjum tíma
 - skilji hvernig hin ólíku listform tengjast hefðum, notagildi, listrænu yfirbragði, samfélagsmynd, þjóðareinkennum o.fl.

- skilji hvernig atriði eins og staðhættir, náttúruauðlindir, efnahagur, tæknistaða og stjórnarfar geta mótað möguleika manna til menningarlegrar tjáningar
- skoði og skilgreini sinn eigin menningarheim
- geri sér grein fyrir samsvörun og mismun á menningu þess staðar sem nemendur rannsaka og á íslenskum menningarveruleika sama tímabils
- kunni að nýta sér vinnubrögð verkefnisvinnu („prójekt“-vinnu)
 - kunni að skipuleggja vinnu í frjálsu hópastarfi
 - þekki til hugmyndavinnuaðferða í frjálsu hópastarfi
- geti kynnt niðurstöður sínar á fjölbreyttan hátt
- geti tekið á virkan hátt þátt í umræðu um verkefni sín og annarra nemenda

Efnisatriði/kjarnahugtök

Menning, menningarsamhengi, ólík tímabil, ólíkir staðir, hámenning, lágmennning, myndlist, handverk, hönnun, framleiðsla, byggingarlist, húsagerð, skraut, fatnaður, tónlist, taktur, hrynjandi, reglufesta, dans, hefðir, breytingar, leiklist, sviðsetning, búningar, kvikmyndun.

Námsmat

Æskilegt er að námsmat í áfanganum sé símat þar sem kennarinn metur árangur nemenda í rannsóknum, kynningu þeirra á þeim árangri og þátttöku í umræðum út frá markmiðum áfangans.

LIM 113 Skynjun, túlkun, tjáning

Áfangalýsing

Í áfanganum kynna nemendur sér forsendur skynjunar mannsins, túlkun hans á skynhrifum og möguleika hans á þeim grunni til tjáningar í listum og hönnun. Farið verður skipulega í gegnum þá þætti sem snúa að ákveðnum sviðum: sjón og tvívíðri tjáningu í teikningu, málverki og prenthönnun; sjón og snertingu í þrívíðri tjáningu í rýmislist og hönnun; heyrn og tímaskyni í hljóðtjáningu í tónlist; fjölþættri skynjun í rúmi og tíma í kvikmyndum, leiklist, óperu og dansi. Efnið verður tekið fyrir að fjölbreyttan hátt og unnið út frá eðlisfræði, líffræði og sálfræði og heimspeki, táknfræði og fagurfræði. Námið byggist að mestu á verkefnavinnu nemenda þar sem kennari leggur inn náms-efnið og nemendur rannsaka síðan viðfangsefnið á margvislegan hátt. Umræður skipa stóran sess í heimspekium-fjöllum áfangans.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kunni skil á grunnatriðum í eðlisfræði skynjunar
 - kunni skil á eðli ljóss og lita
 - kunni skil á eðli hljóðs og tóna
- kunni skil á grunnatriðum í sálfræði og lífeðlisfræði skynjunar, s.s.
 - eðli sjónar og sjónskynjunar
 - eðli heyrnar og heyrnarskynjunar
 - eðli húðar og húðskynjunar
 - boðleiðum taugaboða
- geti rætt um heimspekileg álitamál um skynjun, s.s.
 - hversdagsskynjun sem vaninn og félagsmenningin löghelgar

- uppbrot á hversdagsskynjun
- gömul fyrirbæri í nýju ljósi (afhjúpun)
- eðli raunveruleika og ímyndunar
- menningarlega mótun skynjunar
- geti rætt um fagurfræðileg álitamál, s.s.
 - fagurfræðilega skynjun; viðbrögð við formrænum eigindum ímynda og atburða
 - fagurfræðilegt gildi, t.d. algilda fegurð, náttúru- fegurð, hagsmuni
 - stýringu og fágun fagurfræðilegra þátta í þeim tilgangi að fanga athygli og virkja næmi viðtakenda
- geti rætt um táknfræðileg álitamál, s.s.
 - listina sem táknfræðilegt merkingarkerfi
 - listina sem aðferð til að skilja og tjá
 - algild tákn / persónuleg tákn
 - afstæði tákna
- geri sér grein fyrir möguleikum manna til að tjá sig í list og hönnun
 - upplifi og skilji hvernig menn geta haft áhrif hver á annan fyrir milligöngu tvívíðra forma í teikningu, málverki, skjá- og prenthönnun
 - upplifi og skilji hvernig menn geta haft áhrif hver á annan fyrir milligöngu þrívíðra forma í listhönnun, iðnhönnun, skúlptúr og byggingarlist
 - upplifi og skilji hvernig menn geta haft áhrif hver á annan fyrir milligöngu hljóða og tóna í tónlist
 - upplifi og skilji hvernig menn geta haft áhrif hver á annan fyrir milligöngu hreyfimiðla, kvikmynda og sjónvarps
 - upplifi og skilji hvernig menn geta haft áhrif hver á annan fyrir milligöngu líkamlegrar tjáningar í leiklist og dansi
- geti kynnt niðurstöður sínar á fjölbreyttan hátt
- geti tekið á virkan hátt þátt í umræðu um verkefni sín og annarra nemenda

Efnisatriði/kjarnahugtök

Skynjun, innri og ytri veruleiki, skynfæri, úrvinnsla skynhrifa, þröskuldar, algild og afstæð greinimörk, sjón, eðlisfræði ljóss, sjónskekkjur, ofsjónir, litblinda, flataskilningur, mynsturskynjun, teikning, myndbygging, tjáning á tvívíðu formi, rúmskynjun, rúmtak, snerting, hlutveruleikinn, áferð, þrívídd, höggmyndalist, heyrn, eðlisfræði hljóðs, tónlist, taktur, hrynjandi, tími, hreyfing, jafnvægi, stöðuskyn, líkamstjáning, vinnuvistfræði (ergonomia), dans, listhugtakið.

Námsmat

Meta má kunnáttu nemenda í efni áfangans, árangur þeirra í rannsóknum á viðfangsefnum áfangans og þátttöku þeirra og virkni í umræðum um álitamál í samræmi við markmið áfangans.



LIM 203 Samtímamenning í sögulegu samhengi

Undanfari: LIM 103 113

Áfangalýsing

Í áfanganum kynna nemendur sér menningarumhverfi samtíma síns og rannsaka það út frá merkingarfræði og menningarsögu. Námið byggist á virkri þátttöku nemenda þar sem þeir nýta sér aðstoð kennara og sérfræðinga við að kynna sér það sem er að gerast í menningarlífinu (hönnun, listviðburði, lífsstíl, fjölmiðla) og meta það út frá forsendum sínum og fjalla um það í hópi samnemenda. Hlutverk kennarans er að aðstoða nemendur við að undirbúa og vinna úr þátttöku sinni og tengja upplifun þeirra við merkingarfræði og menningarsögulegt samhengi.

Áfangamarkmið

Nemandi

- skoði og skilgreini eigin lista- og menningarsamhengi á líðandi stund
- geti greint, borið saman og gagnrýnt hönnun, listviðburði, lífsstíl eða fjölmiðla í samtímanum
- geti fjallað um stöðu listar og hönnunar með vísun í menningar- og sögulega þætti
- geti fjallað um ólík listform í samhengi við hefðir, tækifæri, boðskap, nýjar stefnur og lífsstíl
- þekki skipulagningu og framkvæmd fjölbreyttra viðburða á sviði lista og hönnunar
- geti kynnt niðurstöður sínar á fjölbreyttan hátt
- geti tekið á virkan hátt þátt í umræðu um verkefni sín og annarra nemenda

Efnisatriði/kjarnahugtök

Hámenning, lágmening, myndlist, listasöfn, listhús (galleri), tónlist, ólík tónlistarform, dans, samkvæmisdans, ballett, leiklist, leikhús, söfn, þjóðminjar, kvikmyndir, byggingarlist, hönnun, listhönnun, hibýli, húsmunir, föt, tiska, lífsstill.

Námsmat

Æskilegt er að námsmat í áfanganum sé símat þar sem kennarinn metur árangur nemenda í rannsóknum, kynningu þeirra á þeim árangri og þátttöku í umræðum út frá markmiðum áfangans.

Dans

Inngangur

Dans hefur fylgt mannkyninu frá örófi alda. Hann er alþjóðlegt tungumál án orða. Í dansinum sameinast vitsmunir og tilfinningar í líkamstjáningu þegar unnið er með líkamann í tíma og rými. Dansinn sækir næringu sína í lífið og er samofinn öðrum listgreinum, svo sem tónlist, bókmenntum, leiklist og sjónlistum.

Dansiðkun krefst líkamsþjálfunar, skapandi og rökréttar hugsunar og agaðra vinnubragða. Dansinn eflir sjálfsvitund, stuðlar að skilningi á hefðum og menningu bæði eigin þjóðar og annarra og er mikilvægt framlag til lífandi menningar.

Dansnám á kjörsviði listnámsbrautar er fyrst og fremst ætlað þeim sem hyggja á framhaldsnám í dansi og ætla að hafa atvinnu af dansi. Listdansskóli Íslands sér að jafnaði um kennsluna í öllum inntakspáttum greinarinnar.

Lokamarkmið

Við lok danskjörsviðs á listnámsbraut eiga nemendur að

- hafa lokið klassískum dansi eða nútímalistdans og dansfræðigreinum skv. gildandi aðalnámskrá Listdansskóla Íslands

Danskjörsvið

Sjá aðalnámskrá Listdansskóla Íslands

Tónlist

Inngangur

Tónlist er sértækt tjáningar- og samskiptaform sem hefur á öllum tímum verið snar þáttur í lífi og starfi manna. Iðkun tónlistar krefst líkamsþjálfunar, skapandi og rökréttar hugsunar og agaðra og skipulegra vinnubragða. Með tónlist er unnt að tjá margt sem ekki verður tjáð með öðrum hætti. Tónlistin er mikilvægur hluti menningararfs þjóða og tónlistarkennsla á að veita nemendum innsýn í fagurfræðileg verðmæti þessa menningararfs, í eigin sköpunarverkum og annarra. Einnig er það liður í tónlistarnámi að auka skilning nemandans á áhrifavaldi tónlistar í samfélagi nútímans.

Tónlistarnám á kjörsviði listnámsbrautar skal byggjast á aðalnámskrá tónlistarskóla, útgefinni af menntamálaráðuneytinu og fer það nám að jafnaði fram í samstarfi við tónlistarskóla. Námið er einkum ætlað nemendum sem hyggjast leggja tónlist fyrir sig og á að veita grunn að frekara námi í tónlist.

Lokamarkmið

Við lok tónlistarkjörsviðs á listnámsbraut eiga nemendur að

- hafa lokið framhaldsprófi skv. gildandi aðalnámskrá tónlistarskóla.

Tónlistarkjörsvið

Sjá aðalnámskrá tónlistarskóla

Sjónlistir

Inngangur

Sjónræn upplifun er stór þáttur skynjunar og skilnings mannsins á heiminum enda bendir flest til þess að maðurinn hafi allt frá upphafi vega myndgert líf sitt og umhverfi í margvíslegum tilgangi. Maðurinn hefur alla tíð notað myndmál sem boðtæki þeirra hluta sem ekki er hægt að lýsa á annan hátt. Myndmál miðlar viðhorfum, skoðunum og hugmyndum samfélagsins ekki síður en tungumál.

Nám í og um sjónlistir veitir nemendum tækifæri til að tjá skynjun sína á sjónrænan hátt og til að leysa sjónræn og hagnýt úrlausnarefni. Nemandinn lærir að ráða í þá samfélagslegu og persónulegu merkingu og gildismat sem felst í formi og framsetningu hlutanna og skilja menningarlegan fjölbreytileika með því að kynnast gildum, hefðum og hugmyndafræði eigin samfélags og annarra í fortíð, nútíð og framtíð.

Hugtakið sjónlistir er notað yfir það víðfeðma svið sem tekur til myndgerðar og manngerðs umhverfis í nútíma-samfélagi. Sameiginlegt markmið allrar sjónlistakennslu er að gera nemendum kleift að greina eigindir myndrænnar hugsunar og gera nemendur læsa á sjónrænt umhverfi sitt, hvort sem um er að ræða fagurlistaverk listasafna eða myndmál „götunnar“. Hugtakið felur t.d. í sér frjálsta myndlist, iðnhönnun, byggingarlist, listiðnað, kvikmyndagerð, tölvugrafík og svo mætti lengi telja.

Í námskrá listnámsbrautar verða skilgreind sjónlistakjörsviðin

- almenn hönnun
- margmiðlunarhönnun
- dæmi um handverkshönnun, þ.e. fata- og textilhönnun
- myndlist

Nemendur velja sér kjörsvið en skólar geta, með samþykki menntamálaráðuneytisins, skipulagt sjónlistakjörsviðin með öðrum hætti en hér greinir.

Námsmat

Námsmat ætti að endurspegla markmið í öllum námsþáttum. Símat og sjálfsmat er mikilvægt til að ná árangri í að þroska færni, efla þekkingu og til þess að þróa jákvæð og lifandi viðhorf til ævilangrar þátttöku í listinni.

Að ögra sjálfum sér og kanna nýjar hugmyndir og tækni eru grundvallaratriði í listrænum þroska. Mikið af daglegu skólastarfi í listkennslu á því að vera ferlismiðað. Þess vegna ætti að útskýra fyrir nemendum að þessi ferli eru metin til jafns við fullunnið, frágengið verk enda byggist hvað á öðru. Námsmat byggist þannig bæði á gögnum um vinnuferlið, tilraunum og undirbúningi nemandans og á fullunnu, frágengnu verki.

Í lokamati skal taka tillit til eftirfarandi þátta: framfara, frumkvæðis og vinnulags í vinnuferli nemandans.

Meta skal eftir markmiðum þekkingu, færni og skilning, nemenda á

- **lögmálum og aðferðum** - *skapandi og tæknilegri færni* sem tekur til hugmyndaþróunar og þess forms sem skynjanir og hugmyndir eru tjáðar í og færni í notkun og stjórn á miðlum greinarinnar í sköpun nemenda
- **sögulegu og félagslegu samhengi** - meta skal *skilning og þekkingu á samhengi* sem tekur til náms í myndhefð samfélagsins í nútíð og fortíð
- **fagurfræði og listrýni** - *myndtúlkun og gagnrýnum viðbrögðum* sem tekur til myndvits, þ.e. eðlis viðbragða nemenda og vitundar þeirra um gæði og tjáningu í sjónrænni ímynd og getu þeirra til að lýsa viðbrögðum sínum með viðeigandi orðaforða

Nemendur geta sýnt fram á færni sína, skilning og þekkingu með ýmsum hætti: fullunnum verkum, skriflegum verkefnum, dagbókum, vinnubókum, skissubókum, hefðbundnum prófum, í umræðum.

Kennarar geta nýtt sér ýmsar aðferðir við gagnasöfnun, s.s. gátlista um vinnu nemenda og unnin verk, viðtöl við nemendur, munnleg og/eða skrifleg próf, auk verkefna nemenda.

Sameiginlegir áfangar sjónlistakjörsviða

SJL 103 Teikning og merking

Undanfari: LIM 113 (eða samhliða)

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur grunnatriði teikningar. Námið er í þremur hlutum. Í fyrsta hlutanum er lögð áhersla á að þjálfra formkilning með greiningu einfaldra forma, svo sem kassa- og kúluforma, og athugun á náttúruformum. Í næsta hluta einbeita nemendur sér að skoðun umhverfisins. Þeir teikna rýmið í kringum sig, innanhúss og utan, og læra þannig forsendur eins og tveggja punkta fjarviddar. Að lokum læra þeir að teikna mannslíkamann eftir lifandi fyrirmynd. Þar læra þeir að greina rétt stærðarhlutföll líkamans, stöðu og styttingar í rýminu.

Í tengslum við vinnuna í teikningu er lögð á það áhersla að nemendur reyni að gera sér grein fyrir því í hvers konar samhengi þeir gætu nýtt sér þessa þjálfun. Þeir eru hvattir til að þróa hugmyndir sínar áfram á þessu stigi og að nota skissubækur við þá þróun. Í þessu samhengi eru þeim kynntar forsendur tákn- og merkingarfræði og teikningar þeirra skoðaðar út frá dæmum um sams konar áherslur í heiminum almennt. Rík áhersla er lögð á umræður og að nemendur geti greint niðurstöður sínar út frá táknfræðilegum forsendum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geri sér grein fyrir eðli, uppbyggingu og samsetningu mismunandi forma
 - geti skyggt form eins og kúlu, kassa, keilu, píramída og rör þannig að þau virðist eðlileg í rými
 - geti á blaði sneitt og skorið úr einföldum formum þannig að þau virðist eðlileg í rými

- geti teiknað einfaldar skissur út frá mismunandi fyrirmyndum
 - geti teiknað einfalda hluti þannig að þeir sýnist réttir í rýminu
 - geti teiknað einföld náttúruform þannig að þau verði trúverðug
 - geti teiknað einfaldar rýmismyndir í eins punkts fjarvidd og réttum hlutföllum
 - geti teiknað einfaldar rýmismyndir í tveggja punkta fjarvidd og réttum hlutföllum
- geti teiknað líkamsform manna eftir fyrirmynd í nokkuð réttum stærðarhlutföllum
 - geti teiknað líkamann í gróflega réttum hlutföllum
 - sýni að hann geri sér grein fyrir því hvernig fjarviddarstyttingar breyta myndinni
- sýni að hann geti þróað hugmyndir sínar út frá teiknivinnunni
 - kunni að hagnýta sér tæki eins og skissubækur við hugmyndavinnuna
- sé fær um að ræða og rökstyðja þær hugmyndir sem hann túlkar í verkum sínum
 - geti beitt táknfræðilegum rökum við umræðu um mögulega merkingu óhlutbundinna mynda
 - geti beitt táknfræðilegum rökum við umræðu um mögulega merkingu hlutbundinna mynda

Efnisatriði/kjarnahugtök

Merking, tákn, táknkerfi, aukamerking, samspil, túlkun, stöðug og afstæð merking, sértækur og almennur skilningur. Hugmynd, sköpun, þróun, mat og endurmat, skissubækur. Grunnformateikning, kassa- og kúluform, teiknun einfaldra hluta, línubeiting, mælingar hlutfalla, teiknun náttúruforma, lífræn form, plöntur, náttúruform, grjót. Undirstaða fjarviddarteikningar, eins punkts fjarvidd, tveggja punkta fjarvidd, innanhúsrými, sjónlína, hvarfpunktur, sjóndeildarlína, sjónarhorn. Mannlíkaminn, staða, stærðarhlutföll, jafnvægi, styttingar.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 65% lokaeinkunnar. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta ber tæknilega færni, bæði við teikninguna og úrvinnsluna, og hugmyndaauðgi og frumleika sem kemur fram í afurð. Skynjun, greining og mat í tengslum við táknfræði og umræður um verkefnavinnu vegi þá u.þ.b. 35% í lokaeinkunn. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni.



SJL 203 Form-, efnis- og litafræði og markaðsfræði

Undanfari: SJL 103

Áfangalýsing

Í upphafi er áhersla lögð á forsendur myndbyggingar. Nemendur kynnst klassískum lögmálum myndbyggingar. Þeir kanna myndflötinn og hvernig eðli hans breytist eftir því hvernig merki og form skipta honum upp og hafa áhrif á jafnvægi hans. Þeir kanna einnig eðli og merkingu línu-spils og hvernig merkingarsamhengi á milli forma breytist eftir afstöðu þeirra og mismunandi stærðarhlutföllum. Í þessu samhengi athuga þeir þætti eins og stílfærslu í línunum og formum og hvernig hægt er að byggja upp reglulegt mynstur á fleti.

Nemendur hljóta þjálfun í því að beita litum á markvissan hátt. Þeir kanna einföld tengsl lita og forma og hvernig merkingin breytist með mismunandi litum. Þeir útvíkka síðan þessar kannanir og skoða breytilega merkingu hluta eftir eðli þess efnis sem hluturinn er búinn til úr.

Að loknum þessum grunnathugunum vinna nemendur verkefni þar sem þeir kynnst starfs- og markaðsmöguleikum myndlistarmanna og hönnuða. Hér athuga nemendur möguleika myndlistarmanna og hönnuða til þess að ná til áhorfenda eða neytenda með verkum sínum, möguleika þeirra til að tjá sig og hafa raunhæf áhrif á umhverfi sitt, hvort sem það er með birtingu verka sinna eða með sölu á afurð.

Áfangamarkmið

Nemandi

- hafi rannsakað forsendur óhlutbundinnar myndbyggingar
 - geti metið afstöðu hluta og stærðarhlutföll á blaði með tilliti til þátta eins og jafnvægis og þunga
 - geti túlkað hugmyndir með einföldum línunum í mynd
 - geti túlkað hugmyndir með beitingu einfaldra forma í mynd
 - þekki klassísk fegurðarlögmál og notkun þeirra í myndlist og byggingarlist
- þekki forsendur litablöndunar
 - þekki forsendur jákvæðrar litablöndunar ljóss
 - þekki forsendur neikvæðrar litablöndunar málningar
- sýni að hann kunni að beita litum til að ná fram mismunandi áhrifum
 - kunni að nýta sér andstæðuliti til að ná fram áhrifum
 - kunni að beita litum á einföld form til að ná fram mismunandi áhrifum
 - kunni að beita andstæðum skærra og dempaðra lita til að ná fram áhrifum
- geti notað mismunandi efni til að ná fram ólíkum áhrifum og áferð í tengslum við litabeitinguna
 - kunni skil á því hvernig ólík áferð efna hefur áhrif á merkingu litar
- þekki mismunandi efnistegundir
- geti rætt um það hvernig mismunandi efni, mismunandi form og mismunandi litir hafa mismunandi merkingu í samfélagi okkar
 - geti greint út frá táknfræðilegum forsendum hvaða áhrif mismunandi litir og mismunandi efni hafa
 - geti rökstutt skoðun sína um málefni sem tengjast mismunandi merkingu lita, forma og efnis

- þekki frumforsendur markaðs- og kynningarfræði myndlistar og hönnunar
 - kunni skil á þeim vandamálum sem myndlistarmenn þurfa að kljást við til að ná athygli almennings á verkum sínum
 - kunni skil á þeim vandamálum sem hönnuðir þurfa að kljást við við sölu og dreifingu á hugverkum sínum

Efnisatriði/kjarnahugtök

Grunneiningar forma, eðli og forsenda myndbyggingar á fleti, frumform, klassísk fegurðarlögmál, jafnvægi, spenna, þungi, regla, hrynjandi, lína, lóðrétt, lárétt, skálína, útlína, flötur, mynstur, stílfærsla, samhverfa, andstæður. Frádræg litablöndun, gulur, magenta og cyan, viðlæg litablöndun, rauður, grænn og blár, andstæðulitir, skyldir litir, heitir litir, kaldir litir, mismunandi þungi lita, samspil lita og forma, dökkir litir, ljósir litir, blöndun andstæðra lita, brúnir tónar, sálræn áhrif lita, litir og tilfinningar, myndbygging, myndmál, persónuleg afstaða. Áferð, viðkoma hluta, gljái, málmkennd, hrjúfleiki, vefur, stökkleiki, mýkt, grófleiki, finleiki, rakadrægi, viðloðun. Forsendur kynningar, aðferðir kynningar, áróður, auglýsingar, auglýsingasálfræði, áhrifamáttur myndefnis, texti og mynd, myndlestur, táknfræði, samsetning tákna, undirmeðvitund, meginmerking, hliðarmerking, kynningarferli vöru í samfélaginu, framboð og eftirspurn, sköpun eftirspurnar, sköpun ímyndar vöru, tíska.

Námsmat

Sköpun, túlkun og tjáning nemenda í form-, efnis- og litافرæði er metin í lok annar og getur vægið verið u.þ.b. helmingur lokaeinkunnar. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta ber tæknilega færni, úrvinnslu og hugmyndaauðgi og frumleika sem kemur fram í afurð. Skynjun, greining og mat í tengslum við táknfræði, markaðsfræði og umræður í tengslum við viðfangsefni vegi þá u.þ.b. helming á móti. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast því, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Möguleiki er að hluti námsmats byggist á skriflegu prófi í lokin þar sem metin væri fræðileg þekking nemenda í form-, efnis- og litافرæði og kunnátta þeirra á eðli kynningar- og markaðsumhverfis hönnunar- og listgreina.

Myndlist Lokamarkmið

Nemandi

Lögmál og aðferðir

sköpun/túlkun/tjáning

- hafi öðlast þekkingu og færni í grundvallarlögmálum og aðferðum myndlistar og á efnivið og áhöldum miðilsins
- geti útfært verk eftir eigin hugmynd, með völdum aðferðum greinarinnar
- geti skipulagt heildarvinnuferlið frá hugmynd til endanlegs verks og geti yfirfært þá reynslu sjálfstætt í raunveruleg verkefni
- geti kynnt eigin verk og hugmyndir skriflega, munnlega og á sjónrænan hátt (með sýningu, líkani, myndmiðlum eða öðru)
- geti nýtt sér miðla upplýsingatækni við vinnu sína

skynjun/greining/mat

- hafi náð tökum á orðaforða greinarinnar
- geti tekið eftir, lýst, greint og dæmt um grunnþætti og lögmál listaverks
- geti leitað sér upplýsinga um myndlist og nýtt sér þær við sjálfsnám

Sögulegt og félagslegt sambengi

sköpun/túlkun/tjáning

- geti tjáð samtíma sinn á meðvitaðan hátt
- geti nýtt sér ímyndir, stilbrigði eða tækni frá ýmsum tímum og svæðum í eigin tjáningu

skynjun/greining/mat

- hafi öðlast grundvöll til þess að tengja listaverk því menningarlega sambengi sem það var skapað í
- geti greint félagslega merkingu myndmáls frá tilteknum skeiðum og svæðum

Nemandi

- Fagurfræði og listrýni** *sköpun/túlkun/tjáning*
- geti tjáð tilfinningar, hugsun og/eða skoðanir meðvitað í eigin sköpun
 - geti nýtt sér fagurfræðileg áhrifameðul í eigin sköpun

skynjun/greining/mat

- geti sýnt fram á færni til að dæma um eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt og gera grein fyrir forsendum matsins
- geri sér grein fyrir táknmáli og áhrifameðulum myndlistar og tengi það myndmáli nútímasamfélags
- sé fær um að vinna með myndir og túlka myndir á gagnrýninn hátt
- þekki þau fagurfræðilegu gildi sem endurspeglast í upplifun, afstöðu og umgengni mannsins við mannert og náttúrulegt umhverfi og sé meðvitaður um ábyrgð sína í því samhengi

Myndlistarkjörsvið Áfangar

MYL 103 Módelteikning

Undanfari: SJL 103

Áfangalýsing

Teiknað eftir lifandi fyrirmynd. Teikningar unnar með viðarkolum og blýanti. Áhersla lögð á að nemendur til- einki sér þekkingu á hlutfallaskiptingu mannslíkamans. Læri að skoða, greina og meta fyrirmyndir sínar á kerfis- bundinn og rökrænan hátt. Læri að nota hjálpargögn, svo sem lóðlínu og hjálparlínur, til að bera saman stærðarhlut- föll og meta hreyfingu. Alhliða þjálfun í teikningu og rannsókn á gildi og tjáningarmöguleikum línuteikningar. Áhersla lögð á að nemendur ræði um og þjálfist í að leg- gja mat á vinnu sína og annarra, út frá mismunandi gildis- mati og geti nýtt sér upplýsingatækni við þá vinnu.

Áfangamarkmið

Nemandi

- hafi með sýnilegum hætti þroskað sjónskynjun sína
- hafi þjálfað alhliða færni sína í teikningu
 - kunni skil á hlutfallaskiptingu mannslíkamans
 - geti teiknað mismunandi líkamsstöðu í réttum hlut- föllum
 - hafi tileinkað sér aðferðir til að bera saman, í þessu tilfelli, afstöðu mismunandi líkamshluta og raða saman í heildarmynd
 - geti notað mælingaaðferðir og hjálparlínur til að leggja mat á stærðarhlutföll
 - geti unnið breytingar á teikningum í tölvu
 - geti greint aðalatriði viðfangsefnisins frá aukaatriðum
- kunni að forgangsraða rétt í vinnu sinni
- geti fjallað opinskátt og á faglegan hátt um eigin verk og annarra

Efnisatriði/kjarnahugtök

Mannlíkaminn, stærðarhlutföll, hreyfing, kyrrstaða, jafnvægi, þungi, slökun, mælingar, hjálparlínur, styttingar, línubeiting.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla öll skilgreind verkefni nemenda sem unnin eru í kennslustundum, þar með taldar allar hraðskissur. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á skilning á viðfangsefninu, tæknilega færni og framfarir á tímabilinu. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat fellur þátttaka nemenda í umræðum á önninni, um eigin verk og annarra, svo og einstök verkefni sem nemendur vinna utan kennslustunda og tengjast viðfangsefninu.

MYL 202 Tvívíð formfræði/myndbygging

Undanfari: SJL 203

Áfangalýsing

Framhald formrænna athugana úr SJL 203. Í áfanganum vinna nemendur að því marki að efla næmi sitt fyrir myndbyggingu á tvívíðum fleti og dýpka skilning sinn á meginatriðum hennar. Auk eigin athugana á eðli og möguleikum myndbyggingar, með notkun línu, flata og áferðar, gera þeir samanburð á eigin tilraunum og notkun myndbyggingar í ýmsum myndum úr umheiminum, svo sem ljósmyndum, myndlistarverkum og auglýsingum. Með þessu er reynt að meta hvernig mismunandi áhrifum er náð með ólíkri myndbyggingu og hvaða þátt myndbyggingin á í merkingu myndar. Samhliða rannsóknarvinnu eru reglulegar umræður þar sem nemendur kynna niðurstöður sínar og gagnrýna hver annan á uppbyggilegan hátt. Tölvur skulu nýttar í vinnu áfangans til myndgreiningar og gagnasöfnunar.

Áfangamarkmið

Nemandi

- hafi dýpkað skilning sinn á forsendum myndbyggingar
 - sýni markvisst þróunarferli í rannsóknum sínum
 - sýni að hann hafi gott vald á myndbyggingu
- geti unnið á persónulegan hátt út frá myndbyggingu
 - geti þróað eigin hugmyndir innan þröngra marka myndbyggingar
 - geti nýtt sér tölvutækni í tengslum við verkefni
 - sýni frumleika í skipulagi og útfærslu myndverka sinna
 - geti unnið myndir þannig að gott jafnvægi sé milli einstakra þátta
 - geti unnið myndir þannig að þær verði spennandi og fjölbreyttar án þess að missa tökin á öruggri myndbyggingu

- sé fær um að fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt og gera grein fyrir forsendum
 - geti beitt táknfræðilegum rökum við umræðu um mögulega merkingu óhlutbundinna mynda
 - geti af öryggi metið myndbyggingarlega þætti í myndverkum annarra, t.d. fjölmiðlaefni o.fl.
 - sé fær um að ræða um og rökstyðja þær hugmyndir sem hann túlkar í verkum sínum

Efnisatriði/kjarnahugtök

Grunneiningar forma, eðli og forsenda myndbyggingar á fleti, frumform, klassísk fegurðarlögmál, lína, lóðrétt, lárétt, skálína, hrynjandi, regla, óregla, jafnvægi, áferð, myndbygging, myndmál, persónuleg afstaða, hugmynda- vinna.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á þróun og úrvinnslu hugmynda og frumleika. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

MYL 212 Fjarvíddarteikning

Undanfari: SJL 103

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur að nýta sér forsendur fjarvíddarteikningar til að gera sér skýra mynd af umhverfi sínu. Í upphafi læra nemendur forsendur samsíða fjarvíddar, ísómetríu og hvernig hægt er að gera myndir af umhverfinu með þeirri tækni. Síðan einbeita þeir sér að raunsærri fjarvídd, læra frumforsendur hennar og þjálfá kunnáttu sína á þessu sviði með því að vinna myndir sem byggjast á þeim. Tveir þættir veiga því þyngst í vinnu áfangans: annars vegar ferlið sköpun, túlkun og tjáning, þar sem nemendur vinna að teikningum, hér vinna nemendur teikningar sem þurfa að vera tæknilega réttar og svigrúm þeirra til sjálfstjáningar er því takmarkað; og hins vegar ferlið skynjun, greining og mat þar sem nemendur greina eigin verk, verk samnemenda og teikningar lista-teiknara, arkitekta og myndlistarmanna með tilliti til aðferða og forsendna teikningarinnar og tilgangs listamannanna með því að nýta kerfi fjarvíddarteikningar. Kynnt verða þrívíddarteikniforrit í tengslum við verkefni.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti nýtt sér blýant og reglustikur við að teikna á nákvæman og lýsandi hátt í fjarvídd
 - geti notfært sér mismunandi hörku blýanta til að skapa áherslumun í línuteikningum
 - geti beitt blýanti þannig að línuáhersla verði jöfn
 - geti beitt blýanti til að túlka mismunandi fjarlægð í ísómetriuteikningu
 - geti beitt blýanti og reglustiku saman til að ná fram jafnri skyggingu
 - kunni að nota hringfara og mismunandi reglustikur til að teikna ávöl form

- kunnir að nýta sér ísómetríuteikningu við túlkun flókinna rýmishugmynda, m.a. með hjálp tölvu
 - kunnir skil á mismunandi aðferðum við teikningu í samsíða fjarvídd
 - geti staðsett hluti og línur nákvæmlega innan ísómetríuteikningar
 - sýni fram á að hann geti túlkað ólík og misregluleg form af öryggi í ísómetríuteikningu
 - geti teiknað réttan skugga út frá ákveðinni afstöðu ljósgjafa í ísómetríuteikningu
- kunnir að nýta sér eins, tveggja og þriggja punkta fjarvídd við túlkun flókinna rýmishugmynda, m.a. með hjálp tölvu
 - geti teiknað flókna hluti í réttum hlutföllum í fjarvídd með einum hvarfpunkti
 - geti teiknað flókna hluti í réttum hlutföllum í fjarvídd með tveimur hvarfpunktum
 - geti teiknað einfalda hluti í fjarvídd með þremur hvarfpunktum
 - geti skyggt fjarvíddarmyndir út frá ákveðnu ljóshorni
 - kunnir skil á mögulegri bjögun sem kemur fram í fjarvíddarmyndum ef sjónarhornið er of vítt
 - sýni að hann hafi gott vald á myndbyggingu í myndum sem eru í raunsærri fjarvídd
- sé fær um að fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt og gera grein fyrir forsendum
 - sé fær um að ræða opinskátt um þær hugmyndir sem hann er að reyna að túlka í verkum sínum
 - sé fær um að ræða opinskátt um og gagnrýna myndir samnemenda sinna
 - sé fær um að greina áherslur og stílbrigði merkingar í fjarvíddarnotkun þekkttra listamanna og hönnuða
- geti sýnt fram á að hann sé fær um að þróa myndhugmyndir sínar, innan þröngra marka fjarvíddar, áfram á meðvitaðan og gagnrýninn hátt

Efnisatriði/kjarnahugtök

Blyantsbeiting, línuáherslur, ísómetría, samsíða fjarvídd, málsetning, hæð, breidd og dýpt, samhverf og ósamhverf form, lögun hringforma, mismunandi horn lýsingar, aðferðir við skyggingu, fjarvíddarteikning, fjarvídd með einum hvarfpunkti, fjarvídd með tveimur hvarfpunktum, fjarvídd með þremur hvarfpunktum, sjóndeildarlína, hvarfpunktur, sjónarhorn, bjögun, ljósgjafi, skyggingarreglur, myndbygging, myndmál, persónuleg afstaða, hugmyndavinna.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á tæknilega færni, bæði við teikninguna og úrvinnsluna, og hugmyndaauðgi og frumleika sem kemur fram í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

MYL 222 Ljósmyndun

Undanfari: SJL 203

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur að beita aðferðum ljósmyndunar til að tjá hugmynd sína og tilfinningu fyrir umheiminum. Þeir taka ljósmyndir, framkalla filmuna, stækka myndir og ganga frá þeim til sýningar. Áhersla er lögð á meðvitund nemenda um inntak og uppbyggingu bæði innan einstakra mynda og í samhengi innan myndraða. Hér eru nemendur hvattir til að skoða þá sýn sem myndir þeirra birta af umheiminum. Tveir þættir veða því þyngst í vinnunni: annars vegar ferlið sköpun, túlkun og tjáning þar sem nemendur vinna að eigin verkefnum innan ákveðins ramma sem kennari ákveður, hér taka nemendur myndir, skoða og vinna til sýningar; og hins vegar ferlið skynjun, greining og mat þar sem nemendur greina eigin verk, verk samnemenda og valin verk úr ljósmyndasöggunni með tilliti til inntaks og mynduppbyggingar.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti beitt ljósmyndavél við ólíkar aðstæður til að ná fram fjölbreyttu myndefni
 - skilji hvernig stilling á ljósopi hefur áhrif á skerpu-dýpt myndar
 - skilji hvernig mismunandi vidd linsu hefur áhrif á dýpt myndflatar
 - geti metið hvaða tókuhraði er heppilegastur við ólíkar aðstæður
 - kunni skil á áhrifum mismunandi filmuhraða á myndina
 - kunni skil á tengslum ljósops, tókuhraða og filmuhraða
 - kunni að stilla vélina til að ná hámarksgæðum við óvenjuleg birtuskilyrði í umhverfi

- geti fullunnið ljósmynd til sýningar
 - kunni að framkalla mismunandi filmugerðir
 - kunni að stækka mynd í stækkara
 - kunni að nýta sér ólík skerpustig pappírs
 - sé þjálfaður í að framkalla pappírinn þannig að mestu gæðum sé náð fram
 - kunni að ganga frá ljósmyndum til sýningar
 - fái innsýn í ljósmyndavinnslu í tölvu
- geri sér grein fyrir áhrifum mismunandi mynduppbyggingar á merkingu ljósmynda
 - skilji hvernig mismunandi sjónarhorn og afstaða vélar hefur áhrif á merkingu myndar
 - skilji hvernig ólíkt rými, sem túlkað er á myndfletinum, breytir merkingu myndar
 - skilji hvernig afstaða myndefnis til ljósmyndara breytir merkingu myndar
 - skilji hvernig mismunandi línur og áherslur í mynd geta breytt merkingu myndar
 - skilji hvernig ólík tákni, sem birtast í myndum, geta breytt merkingu myndar
 - skilji tengsl myndefnis myndar við þær aukamerkingar sem hún getur falið í sér
 - skilji hvernig ólíkt samhengi, sem ljósmyndir birtast í, geta breytt merkingu þeirra
 - geri sér grein fyrir því hvernig hafa má áhrif á merkingu mynda með því að stilla þeim saman á mismunandi hátt
- sé fær um að fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt og gera grein fyrir forsendum
 - sé fær um að ræða opinskátt um þær hugmyndir sem hann er að reyna að túlka í verkum sínum
 - sé fær um að ræða um og gagnrýna myndir samnemenda sinna á uppbyggilegan hátt
 - sé fær um að taka gagnrýna afstöðu til verka þekktara ljósmyndara og túlka þau í ræðu og riti

- geti sýnt fram á að hann sé fær um að þróa myndhugmyndir sínar á meðvitaðan og gagnrýninn hátt
- geti sýnt fram á að hann geti nýtt sér ljósmyndun sem miðil til að tjá skoðanir og hugmyndir um samfélag sitt

Efnisatriði/kjarnahugtök

Ljósop, skerpa, skerpudýpt, sjónarhorn, birtuandstæður, gráskali, mismunandi birtuskilyrði, myndbygging, samhverfa, ósamhverfa, gullinsnið, filmuframköllun, ljósmyndastækkun, ljósmyndaframköllun, myndmál, persónuleg afstaða, hugmyndavinna, samhengi innan myndraðar, hugmyndaþróun, táknmál, afstaða ljósmyndara og myndefnis.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat u.þ.b. 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á tæknilega færni, bæði við ljósmyndunina og úrvinnslu, og hugmyndaauðgi og frumleika sem kemur fram í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

MYL 233 Anatómía

Undanfari: SJL 203 MYL 103

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur um þau atriði í beina- og vöðvabyggingu mannslíkamans sem mest áhrif hafa á útlit hans og möguleika til hreyfingar. Teiknað verður brjósthol beinagrindar, mjaðmagrind og höfuðkúpa. Einnig vöðva- bygging á brjóstkaða og baki, hálsvöðvar, maga-, hand- leggs- og lærvöðvar. Andlit, hendur, fætur og liðamót. Við þessa vinnu verður notast við eftirtaldar fyrirmyndir: beinagrind, vöðva- og beinateikningar úr bókum og á margmiðlunarformi og lifandi módel. Enn fremur verður krafist sjálfstæðrar rannsóknarvinnu af hálfu nemenda í formi reglulegra skila á skissuvinnu sem tengist viðfangs- efninu og umræðna um hana.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kunni skil á þeim atriðum beinabyggingar mannslíkamans sem mestu ráða um útlit hans og hreyfímöguleika
- kunni skil á meginatriðum vöðvabyggingar mannslíkamans og vöðvatenginga
- þekki ítarlega lögun höfuðkúpu og hlutfallaskiptingu andlits
- þekki vel formbyggingu handa og fóta
- þekki vel hreyfingu liðamóta, t.d. hnés og olnboga, og geti teiknað þau í mismunandi stöðu og frá ólíkum sjónarhornum
- geti unnið sjálfstætt að einstökum verkefnum, t.d. í formi skissuvinnu og tölvuvinnslu, sem dýpka skilning hans á viðfangsefninu
- geti tjáð sig opinskátt um verkefni sín og rökstutt þau
- geti tekið við gagnrýni frá öðrum og nýtt sér hana á jákvæðan hátt
- geti fjallað um verk annarra á faglegan og uppbyggilegan hátt

Efnisatriði/kjarnahugtök

Beinabygging, vöðvabygging, vöðvatengingar, liðamót, höfuðkúpa, andlit, hendur og fætur.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat u.þ.b. 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla öll verkefni nemenda í kennslustundum. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta ber skilning eins og hann birtist í úrlausnum og tæknilega færni í framsetningu. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla sjálfstæðar athuganir, umræður um þær og vinnu í kennslustundum. Meta ber þátttöku nemenda í umræðum, heimavinnu þeirra og öll framlögð gögn sem tengjast henni.

MYL 303 Þrívíddarformfræði

Undanfari: MYL 202 212

Áfangalýsing

Í áfanganum vinna nemendur að því marki að efla næmi sitt og dýpka skilning sinn á meginatriðum myndbyggingar í rými. Þeir nota athuganir sínar í tvívíðri formfræði sem grunn en þróa hugmyndirnar síðan áfram með tilliti til sérstakra eiginleika rýmisins. Þeir byrja á einföldum verkefnum þar sem þeir læra að skilgreina rýmið og móta það. Þeir vinna einnig náíð við að kanna tjáningarmöguleika þess efnis sem þeir eru að nota hverju sinni. Seinna þróa þeir þetta út í hugmyndalega flóknari verk þar sem meiri krafa er gerð um persónulega tjáningu. Nemendur læra að nýta sér þrívíddarforrit við vinnslu hugmynda sinna.

Áfangamarkmið

Nemandi

- sýni að hann þekki fjölbreyttar forsendur að baki myndvinnu í þremur víddum
 - geti byggt upp einföld verk þar sem virknin byggist á öllum þremur víddum
 - geti gert þrívíð myndverk þar sem þættir eins og jákvætt og neikvætt rými eða spenna og þungi eru settir í merkingarbært samhengi
 - geti búið til verk sem tekur á meðvitaðan hátt tillit til líkamlegrar afstöðu mannsins í virkni sinni
 - kunni aðferðir við hugmyndaþróun, m.a. með hjálp tölvu
- sá fær um að ræða um og rökstyðja þær hugmyndir sem hann túlkar í verkum sínum
 - sýni að hann geti unnið á persónulegum forsendum í þremur víddum
 - geti beitt tákfræðilegum rökum við umræðu um mögulega merkingu verka sinna

- sé fær um að fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt og gera grein fyrir forsendum
- sé fær um að ræða opinskátt um þær hugmyndir sem hann er að reyna að túlka í verkum sínum
- sé fær um að ræða opinskátt um og gagnrýna myndir samnemenda sinna
- sé fær um að greina áherslur og stilbrigði merkingar í rýmis- og efnisnotkun þekkra listamanna

Efnisatriði/kjarnahugtök

Þrívíð myndhugsun, þrívídd: hæð, lengd og dýpt, jákvætt og neikvætt rými, þan, tengingar, span, spenna, þungi, léttleiki, líkamsafstaða, skali, efni, áferð, efniseiginleikar, myndbygging, persónuleg afstaða, hugmyndavinna, merking.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat u.þ.b. 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á annars vegar tækni-lega færni við úrvinnslu hugmynda og framkvæmd verka og hins vegar hugmyndaauðgi og frumleika sem kemur fram í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

MYL 314 Teikning/myndgreining/myndbygging

Undanfari: MYL 202 212 222 233

Áfangalýsing

Áfanginn hefur þrjár megináherslur: 1. Alhliða þjálfun á flestum þeim sviðum, tæknilegum og fagurfræðilegum, sem lúta að teikningu. Áhersla verður lögð á að nemendur nái valdi á fjölbreyttum teikniaðferðum og möguleikum tölvutækni við teikningar og þróun hugmynda. 2. Grunnreglur um formræna uppbyggingu myndlistarverka. 3. Þjálfun í skissugerð og uppbyggingu tvívíðra myndlistarverka í formi og lit.

Teikning: Í áfanganum læra nemendur að beita teikningu sem fjölbreytilegum tjáningarmiðli. Kennð verður notkun mismunandi teikniefna og verkfæra og teknir fyrir flestir eðlisþættir almennrar teiknunar.

Myndgreining: Í þessum hluta áfangans læra nemendur að formgreina listaverk og dýpka þar með almennt skilning sinn á sjónrænum forsendum myndlistarverka. Nemendur velja í samráði við kennara myndlistarverk, ung eða gömul, sem þeir rannsaka.

Myndbygging: Nemendur eru þjálfaðir í að byggja upp myndverk í formi og lit. Unnið verður út frá uppstillingum þar sem einungis örfá aðalatriði eru til staðar og nemendur verða sjálfir að fylla í eyðurnar og beita til þess sköpunargáfu sinni. Mikil áhersla verður lögð á skissuvinnu, þjálfun í að leita myndefnis í hversdagslegu umhverfi og að raða upp eigin myndefni.

Mikilvægt er að nýta tölvutækni við vinnu þessa. Lokaniðurstöður skulu ávallt byggðar á markvisst þróaðri skissuvinnu þar sem margvíslegir möguleikar hafa verið kannaðir.

Umræður fara fram í kennslustundum um alla námsþættina og mikil áhersla er lögð á að nemendur geti ávallt rökstutt niðurstöður sínar og að þeir geti fjallað um niðurstöður annarra á faglegan hátt.

Áfangamarkmið

Nemandi

- hafi náð góðu valdi á teikningu sem upplýsandi frásagnarmáta
- hafi náð góðu valdi á teikningu sem listrænum tjáningarmáta
 - geti beitt teikniaðferðum með mismunandi hætti eftir því hvert viðfangsefnið er
 - geti unnið nákvæmnisteikningar með blýanti
 - geti kannað form, ljós, skugga og efnisáferð í teikningum sínum
 - geti gefið til kynna efnisáferð á mismunandi hátt
 - geti unnið kraftmiklar teikningar með mismunandi efnum og miðlum, t.d. viðarkolum, teiknikrítum, pastellitum og tölvutækni
- hafi sýnt með greinandi verkefnum að hann skilur lög-mál formrænnar uppbyggingar myndlistarverka
 - geti greint burðargrind myndverka
 - geti greint flataskiptingu
 - geti greint litabeitingu: ljóst, dökkt, sterkt, veikt, heitt, kalt, samstæður, andstæður
 - geti metið tengsl inntaks og formrænnar framsetningar verkanna
 - geti metið sögulegt samhengi verkanna (hvenær gerð? í hvers konar menningarumhverfi?)
 - geti metið gildi verkanna í listasögulegu samhengi
- hafi með sýnilegum hætti aukið færni sína í að greina myndræna eiginleika fyrirmynda sinna
 - geti rökstutt val sitt á fyrirmyndum og sjónarhorni
 - geti rökstutt uppröðun á eigin myndefni
 - geri sér grein fyrir því hvernig myndefni getur breytt um útlit og inntak eftir því hvaða sjónarhorn er valið

- hafi sýnt í verkum sínum að hann sé fær um að byggja upp markvisst þróunarferli
- geti nýtt sér tölvutækni við framsetningu hugmynda sinna
- geti rökstutt afstöðu sína til myndefnis og þann þróunarferil sem það fer í gegnum
- geti á faglegan hátt fjallað um verk annarra, þar á meðal samnemenda sinna, þannig að gagnlegar umræður skapist

Efnisatriði/kjarnahugtök

Hlutateikning, samsíða fjarvídd, grunnform, grunnmyndir, skýringarmyndir, málsetning, mælingar hlutfalla, línuteikning, ljós, skuggi, áferð, formræn greining, lína, stefna, flötur, litur, sterkt, veikt, ljóst, dökkt, myndbygging, myndmál, myndefni, nákvæmni, túlkun, tjáning, sköpun, persónuleg afstaða, hugmyndavinna.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, rannsóknir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á tæknilega færni og framfarir sem lesa má úr niðurstöðum, skilning á viðfangsefninu, þróun og úrvinnslu hugmynda, frumleika og sjálfstæði í afstöðu. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla önnur framlögð gögn nemenda, svo sem skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka þeirra í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

MYL 403 Litafræði/myndbygging

Undanfari: MYL 314 MYS 203

Áfangalýsing

Í áfanganum vinna nemendur á kerfisbundinn hátt með málningu og liti. Í upphafi kanna þeir möguleika á tjáningu með hreinum litum í einföldu formi. Þeir kynna sér mun á blöndunarþáttum lita og hvernig litur breytist út frá breytingum í tón, blæ eða ljósmagni. Þeir skoða litaandstæður og litasamspil á kerfisbundinn og einfaldan hátt og alltaf með mögulega táknun og merkingu á bak við eyrað. Hægt og rólega auka þeir við litaskalann, taka inn fjölbreyttari milliliti, jarðliti og aðra brúna tóna. Í lokin vinna þeir markvisst með fjölbreytta liti og litablöndun með það í huga að kanna möguleika sína á persónulegri tjáningu í málverki. Ætlast er til þess að nemendur leitist við að kanna mögulega merkingu tilrauna sinna og geti rætt frjállega um hana á gagnrýninn hátt. Samfara þessu greina nemendur listaverk þekkra listamanna með tilliti til litanotkunar og vægis litarins í myndbyggingu. Í hverri viku kynna þeir síðan athuganir sínar á þessu sviði og tilraunir sínar í beitingu lita fyrir samnemendum sínum og ræða þær sín á milli. Mikilvægt er að nemendur kynnist bæði forsendum litanotkunar í efni og á skjá.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kunni að beita litum á fjölbreyttan hátt bæði í efni og á skjá
 - sýni að hann hefur vald á litablöndun
 - kunni að greina tón, blæ og ljósmagn lita og hagnýta sér þessa þekkingu við litablöndun
 - geti nýtt allan litaskalann á áhrifaríkan hátt í einföldum myndum

- geti tjáð hugmyndir sínar á sjálfstæðan hátt með fjölbreyttri beitingu lita
 - þekki viðhorf sín til ólíkrar samsetningar lita og forma
 - sýni að hann hefur vald á því að nota liti markvisst við að tjá hugmyndir sínar, skoðanir og tilfinningar
- geti greint áhrif lita og litasamsetningar í mismunandi samhengi
 - geti greint með vísan til tákfræði hvaða möguleg áhrif samsetning lita og forma getur haft
 - geti greint mismunandi áhrif lita í ólíkum miðlum
 - geri greinarmun á persónulegri merkingu og almennri merkingu lita
- sé fær um að fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt og gera grein fyrir forsendum
 - sé fær um að ræða opinskátt um þær hugmyndir sem hann er að reyna að túlka í verkum sínum
 - sé fær um að ræða opinskátt um og gagnrýna myndir samnemenda sinna
 - sé fær um að greina áherslur og stílbrigði merkingar í litanotkun og myndbyggingu þekktra listamanna og hönnuða

Efnisatriði/kjarnahugtök

Frumlitir, hreinir litir, jarðlitir, andstæðulitir, pastellitir, litablöndun, tónn, blær, ljósmagn, litaáferð, táknræn merking lita, litasamspil, tengsl lita og forma, áherslur í litum, persónulegt viðhorf, sjálfstjåning, málverk.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat u.þ.b. 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á hæfni við markvissa litablöndun og -samsetningu, getu til markvissrar hugmyndapróunar og hæfni til sköpunar og persónulegrar tjáningar í málverki. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

MYL 504 Umhverfisteikning og málun

Undanfari: MYL 403

Áfangalýsing

Lokaverkefni þessa áfanga er málverk, unnið með akríleða oliulitum. Megináhersla er þó lögð á ferlið frá frumskissu að málverki: frumskissa, formrænt þróunarferli, litur, málverk. Hvernig þróast hugmynd (hvernig verður myndverk til)? Myndefni er t.d. sótt í umhverfi, bæði utan húss og innan, t.d. smáatriði í landslagi (grjótform), landslag, borgarlandslag, innanhússrými. Kennt verður að byggja upp rökrænt þróunarferli sem leið til markvissrar listrænnar niðurstöðu. Ítreka skal að engin leið er sjálfgefin, að niðurstaða fæst einungis með tilraunum og verður því markvissari sem fleiri möguleikar hafa verið kannaðir. Nemendur kynnast notkun tölvumiðla við þessa vinnu. Ítarlegar umræður fara fram um viðfangsefnin á öllum vinnslustigum. Þátttaka allra nemenda er mikilvæg í þeim umræðum til að sem flest sjónarmið komi fram.

Áfangamarkmið

Nemandi

- hafi aukið við fyrri reynslu sína í því að leita myndefnis í umhverfi sínu
 - sækji myndefni í mismunandi umhverfi
 - reyni mismunandi leiðir til að túlka myndefni sitt
 - tengi formræna framsetningu við inntak verka sinna
 - sýni persónulega afstöðu í vali myndefna og úrvinnslu
- hafi þroskað myndræna skynjun sína með aukinni reynslu og öguðum vinnubrögðum
 - geti unnið eftir ákveðnu ferli þar sem eitt vinnslustig tekur við af öðru, frá frumskissu til niðurstöðu
 - venjist því að leita stöðugt fleiri leiða til að bæta (styrkja) myndefni sitt

- geti unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði
- sé fær um að greina samhengi við áður fengna þekkingu
- geti á sýnilegan hátt yfirfært reynslu sína úr fyrri myndlistaráföngum á vinnu sína
- geti ávallt rökstutt niðurstöður sínar með tilvísun til faglegrar þekkingar
- kunni að leita sér heimilda sem að gagni geta komið og nýti sér upplýsingatækni í því samhengi
- geti meðhöndlað þau efni og áhöld sem notuð eru við gerð málverka
- geti yfirfært og þróað áfram niðurstöður sínar úr skissuvinnuferli í málverki
- geti fjallað um eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt og gert grein fyrir forsendum álits síns

Efnisatriði/kjarnahugtök

Umhverfi, úti, inni, sjónarhorn, myndefni, myndbygging, myndmál, form, litur, skissa, úrvinnsla, teikning, málverk, hugmyndaþróun, persónuleg afstaða.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, allar skissur, tilraunir og fullunnin verk. Meta á þróun og úrvinnslu hugmynda, frumleika, sjálfstæði, tæknilega færni og framfarir. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla önnur gögn sem nemendur leggja fram og tengjast viðfangsefninu, svo sem skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka þeirra í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkum sínum og rökstyður þær niðurstöður sem þar birtast.

MYL 603 Lokaverkefni

Undanfari: MYL 504

Áfangalýsing

Fyrirkomulag áfangans miðast við að nemendum gefist kostur á að velja um lokaverkefni á myndlistarbraut, eftir áhugasviði hvers og eins. Viðfangsefni nemenda geta tengst ákvörðunum þeirra um val á framhaldsnámi. Nemendur hafa vól á að dýpka skilning sinn á miðlum sem þeir hafa áður kynnst, svo sem teikningu, málun og skúlptúr (þrívíddarvinnu), eða kynnst nýjum, t.d. grafik, tölvuteikningu, myndbandagerð o.fl. eftir því sem aðstæður leyfa. Nemandi skal í upphafi áfangans gera lýsingu á verkefni sínu ásamt áætlun um framkvæmd og leggja fyrir kennara sinn.

Fjöldi einstakra verka, sem skila þarf, er breytilegur eftir miðlum en umfang lokaverkefna að öðru leyti sambærilegt. Kröfur um hugmyndaauðgi, listræna framsetningu og frágang eru hinar sömu. Skrifleg greinargerð skal fylgja lokaverkefni við skil þess þar sem fram koma forsendur fyrir vali á viðfangsefni, hugmyndir að baki verkinu, lýsing á þróunarferli þess og afstaða höfundar til niðurstöðunnar, t.d. hvort eða að hve miklu leyti fyrir fram ákveðnum markmiðum var náð.

Áfangamarkmið

Nemandi

- hafi náð aukinni færni í notkun þeirra miðla sem hann hefur áður kynnst eða tekist á við nýja
 - velji sér viðfangsefni að eigin frumkvæði
 - geri verkáætlun og fylgi henni eftir
 - sýni frumkvæði og hugmyndaauðgi
 - sýni ögun í vinnubrögðum
 - geti unnið sjálfstætt

- geti með fagmannlegum hætti lagt verk sín fram til kynningar
 - geti rökstutt val sitt á viðfangsefni
 - geti rökstutt túlkun sína á viðfangsefninu
 - geti rökstutt þróunarferli þess
 - sýni að verkáætlun hafi verið fylgt
- geti á upplýstan og greinargóðan hátt fjallað um verk samnemenda sinna þannig að gagnlegar umræður skapist

Efnisatriði/kjarnahugtök

Sérgreining, málverk, grafík, skúlptúr, teikning, tölvuteikning, myndbandagerð.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat u.þ.b. 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, rannsóknir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á frumleika og sjálfstæði, þróun og úrvinnslu hugmynda og tæknilega færni. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla önnur framlögð gögn, skrifleg greinargerð, munnleg röksemdafærsla og önnur þátttaka í faglegum umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri ítarlega grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum og þróun þeirra.

MYS 103 Sjónlistir fram yfir miðja 19. öld

Undanfari: LIM 103 113

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur um forsendur sjónlista frá öndverðu fram yfir miðja 19. öld. Áfanginn er þematiskur og skiptist upp í 7 meginþætti þar sem stiklað er á stóru í evrópskum sjónlistum. Nemendur rannsaka hvert þema undir stjórn kennara, greina helstu þætti sjónlista, menningar og þjóðfélagsháttá á hverju tímabili, kynna hver fyrir öðrum og ræða um. Nemendur nýta sér fjölbreytta miðla við upplýsingaleit og læra að nýta sér tölvutækni við framsetningu hugmynda sinna. Mikilvægt er, þótt áhersla sé lögð á ákveðin tímabil, að litið sé á söguna sem heild og að kennari tengi framangreind tímabil saman.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki helstu stílbrigði sjónlista á afmörkuðum tímabilum í sögu Evrópu
 - þekki tæknilegar forsendur listsköpunar á afmörkuðum tímabilum í sögu Evrópu
 - þekki félagslegar forsendur að baki sjónlistum
 - geri sér grein fyrir tengslum samfélagslegra þátta og sjónlista
 - geri sér grein fyrir tengslum heimspeki og myndlistar
- geri sér grein fyrir menningarlegu og persónulegu afstæði fagurfræðilegs mats á staðreyndum listasögunnar
- sé fær um að fjalla um forsendur sjónlista á gagnrýnni hátt í ræðu og riti

Efnisatriði/kjarnahugtök

- Upphaf listar, forsagan, hellamálverk, höggmyndir, hvers vegna listir?
- Klassíska fornöldin (300 f.Kr. - 200 e.Kr.), borgarskipulag, agora, háborg, byggingarlist, bogi, hvelfing, hvolfþak, dórískur stíll, jónískur stíll, korintískur stíll, gullinsnið, höggmyndir, leirker, heimspeki, lýðræði, trúarbrögð, verslun, verkfræði, flatarmálsfræði.
- Víkingaöldin (800-1050), þráðlist, höggmyndir, útskurður, gull- og silfursmiði, byggingarlist, rómönsk formgerð, hringbogi, hvelfing, stafkirkjur, steinsmiði, torfhleðsla, híbýli, verslun, siglingar, trúarbrögð.
- Gotneski stíllinn (1200-1350), byggingarlist, oddbogi, súlnaknippi, rós, steint gler, tækniframfarir, höggmyndir, málaralist, útskurður, mynsturgerð, þráðlist, handritalýsingar, trúarbrögð, lénskipulag, arabísk áhrif.
- Háendurreisnin (1500-1600), byggingarlist, samhverfa, klassísk áhrif, hvolfþak, höggmyndalist, marmari, bronssteypa, kontrappostó, breytt þjóðfélagsstaða listamannsins, málaralist, freska, egg-tempera, olíumálverk, fjarvidd, fúmató, prentlistin, koparstungur, kapítalismi, húmanismi, einstaklingshyggja, borgarmenning, trúarbrögð, trúarbragðadeilur, höfðingjaveldi, vísindi, tækniframfarir, læknisfræði, siglingar, landafundir.
- Barokkstillinn (1600-1750), byggingarlist, ósamhverfa, skraut, mynstur, málverk, chiaroscuro, tegundamálverk (genre), höggmyndalist, þráðlist, borgaralýðræði, einveldi, galdrabrennur, verslun, siglingar, heimsveldi, upplýsing, efahyggja.
- Umbrot og afturhvarf (1780-1860), rókókó, nýklassík, rómantík, raunsæi, keisarastíll, byggingarlist, stílstælingar, járnarkitektúr, málverk, sögumálverk, salonstíll, vatnslitir, höggmyndalist, steinprent, iðnbyltingin, tæknibylting, heimsverslun, stjórnámál, franska byltingin, borgarastétt, lýðræði, náttúrufræði.

Námsmat

Námsmat getur að miklu leyti falist í mati á verkefnum og umræðuþáttöku nemenda út frá markmiðum áfangans. Þar á að meta árangur nemenda í rannsóknum, kynningu þeirra á þeim árangri, þáttöku í umræðum og skilning sem þeir sýna á því efni sem fjallað er um. Mögulegt er að hluti námsmats byggist á skriflegu prófi í lokin þar sem nemendur geti sýnt fram á skilning sinn og þekkingu á efni áfangans.



MYS 203 Sjónlistir frá miðri 19. öld fram yfir miðja 20. öld

Undanfari: MYS 103

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur um forsendur sjónlista frá miðri 19. öld fram til um 1960. Áfanginn er þematískur og skiptist upp í 7 meginþætti þar sem skoðaðar eru megináherslur í sögu nútímalistar. Nemendur rannsaka hvert þema undir stjórn kennara og greina helstu þætti sjónlista, menningar og þjóðfélagshátta. Þeir nýta sér fjölbreytta miðla við upplýsingaleit og læra að nýta sér tölvutækni við framsetningu hugmynda sinna. Helstu þræðir í sögu nútímalistar eru raktir eftir öldinni og settir í samhengi við samfélagsgerð og samfélagsbreytingar, stjórnarfar, tækni-breytingar, heimspæki og hugmyndafræði. Mikilvægt er, þótt áhersla sé lögð á ákveðin tímabil, að litið sé á söguna sem heild og að kennari tengi framangreind tímabil saman.

Áfangamarkmið

Nemandi

- greini helstu stílbrigði sjónlista frá miðri 19. öld fram yfir miðja 20. öld
- þekki tæknilegar og hugmyndafræðilegar forsendur sjónlista frá miðri 19. öld fram yfir miðja 20. öld
- geri sér grein fyrir tengslum samfélagslegra þátta og sjónlista frá miðri 19. öld fram yfir miðja 20. öld
 - geri sér grein fyrir áhrifum stjórn málaþróunar og -átaka á sjónlistir
 - geri sér grein fyrir áhrifum nútímataækni á sjónlistir
 - geri sér grein fyrir áhrifum fjölmiðla á sjónlistir
- geti tekið þátt í umfjöllun um tengsl heimspæki og myndlistar frá miðri 19. öld fram yfir miðja 20. öld
- geri sér grein fyrir menningarlegu og persónulegu af-stæði fagurfræðilegs mats á staðreyndum listasögunnar
- sé fær um að fjalla um forsendur nútímalistar á gagn-rýninn hátt í ræðu og riti

Efnisatriði/kjarnahugtök

- Impressjónismi, póstimpressjónismi, japönsk list, pointillismi, sýmbólismi, íslenskar áherslur fram eftir öldinni, salonið, málverk, skúlptúr, steinþrykk, tilvistarspeki.
- Expressjónismi, fávismi, ungstíll, íslenskar áherslur fram eftir öldinni, aldahvörf, trúarbrögð, bóhem, málverk, skúlptúr, grafík (trérista), hönnun, steinsteypa, háhýsi, fyrri heimsstyrjöldin, Nietzsche.
- Kúbismi, fútúrismi, afrísk list, íslenskar áherslur fram eftir öldinni, nútímahyggja, málverk, skúlptúr, samklipp, gjörningalist, leirker, grafík.
- Dadaismi, súrrealismi, ready-made (tilbúningur), andlist, málverk, skúlptúr, gjörningalist, grafík, ljósmyndun, kvikmyndun, handahóf, sálgreining, stjórn-málaleg afstaða, fyrri heimsstyrjöldin, Freud, Marx.
- Geómetría, konstrúktífismi, alþjóðlegi stíllinn, íslensk list, nytjastíll, Bauhaus, De Stijl, óhlutbundin list, málverk, skúlptúr, grafík, þráðlist, nytjalist, byggingarlist, seinni heimsstyrjöldin.
- Abstrakt expressjónismi, ljóðræn óhlutbundin list, íslensk list, málverk, skúlptúr, grafík, kalda stríðið, Hiroshima.
- Popplíst, íslensk list, málverk, skúlptúr, grafík, kvikmyndun, myndband, gjörningalist, kalda stríðið, lífskjarabylting, geimvisindi, Kórea og Víetnam, unglíngamenning.

Námsmat

Æskilegt er að námsmat felist að miklu leyti í mati á verkefnum og umræðuþátttöku nemenda út frá markmiðum áfangans. Þar skal meta árangur nemenda í rannsóknum, kynningu þeirra á þeim árangri, þátttöku í umræðum og skilning sem þeir sýna á því efni sem fjallað er um. Mögulegt er að hluti námsmats byggist á skriflegu prófi í lokin þar sem nemendur geti sýnt fram á skilning sinn og þekkingu á efni áfangans.

MYS 304 Samtímalistin

Undanfari: LIM 203 MYS 203

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur um forsendur samtímalistarinnar. Þeir kynna helstu hræringum í myndlist, hönnun og byggingarlist samtímans. Meginmarkmið áfangans er að nemendur verði vel með á nótunum um stöðu sjónlista í samtíma sínum, að þeir skilji þær hræringar, hugmyndir og stílbrigði sem nú tíðkast. Þeir rannsaka sjónlistir samtímans í samhengi við meginþætti samfélagsgerðarinnar: stjórnarfar, fjölmiðlun, lífsgæði, hagsmuni einstakra hópa, tísku og hefðir, hugmyndafræði og heimsmynd. Innlögn í áfanganum verður í fyrirlestrarformi en auk þess er mikil áhersla lögð á sjálfstæðar rannsóknir nemenda á þeim hugmyndum sem uppi eru um myndlist samtímans og umræður um stöðu myndlistarinnar í sögulegu ljósi. Nemendur nýta sér fjölbreytta miðla við upplýsingaleit og læra að nýta sér tölvutækni við framsetningu hugmynda sinna.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geri sér grein fyrir tæknilegum og hugmyndafræðilegum forsendum sjónlista í samtímanum
 - greini forsendur og fjölbreytta aðferðafræði sjónlista í samtímanum
 - þekki forsendur að baki félagslegri virkni í sjónlistum samtímans
 - kunni skil á hugmyndum að baki pólitískri samtímalist minnihlutahópa
 - geri sér grein fyrir þeim áhrifum sem tæknibreytingar hafa haft á tjáningarmöguleika sjónlistamanna í samtímanum
 - geri sér grein fyrir þeim áhrifum sem aukin áhersla á umhverfismál hefur haft á sjónlistir í samtímanum

- geri sér grein fyrir tengslum samfélagslegra þátta og sjónlista í samtímanum
 - geri sér grein fyrir áhrifum stjórn málaþróunar og -átaka á sjónlistir í samtímanum
 - geri sér grein fyrir áhrifum fjölmiðla á sjónlistir í samtímanum
- geri sér grein fyrir tengslum heimspeki og sjónlista í samtímanum
- geri sér grein fyrir menningarlegu og persónulegu afstæði fagurfræðilegs mats í samtímanum
- sé fær um að fjalla um forsendur samtímalistar á gagnrýninn hátt í ræðu og riti

Efnisatriði/kjarnahugtök

Póstmóðernismi, naumhyggja, femínismi, hugtakalist, nýja málverkið, landslagslist, félagsleg list, innsetningar, rýmislist, umhverfislist, gallerílist, málverk, skúlptúr, grafík, ljósmyndun, myndbönd og kvikmyndir, gjörningalist, tölvulist, táknfræði, heimspeki, sálgreining, líkaminn, 68-kynslóðin, Vietnamstriðið, oliukreppan, kjarnorkuváin, hrun járnþjaldsins, umhverfisvernd, réttindi minnihlutahópa, mannréttindi.

Námsmat

Æskilegt er að námsmat felist að miklu leyti í mati á verk efnum og umræðuþátttöku nemenda út frá markmiðum áfangans. Þar skal meta árangur nemenda í rannsóknum, kynningu þeirra á þeim árangri, þátttöku í umræðum og skilning sem þeir sýna á því efni sem fjallað er um. Mögulegt er að hluti námsmats byggist á skriflegu prófi í lokin þar sem nemendur geti sýnt fram á skilning sinn og þekkingu á efni áfangans.

Hönnun

Eins og getið er um í sjónlistainngangi eru í þessari námskrá skilgreind þrjú kjörsvið hönnunar

- **almenn hönnun** sem tekur til þrívíddarhönnunar sem undirstöðu fjöldaframleiðslu og hönnunar rýmis
- **handverkhönnun** sem tekur til hönnunar í handverki
- **margmiðlunarhönnun** sem tekur til stafrænna miðla, skjá- og prentmiðla

Í allri hönnun er þó sameiginlegt ákveðið ferli, hönnunarferlið, sem í grófum dráttum felst í að

- skilgreina forsendur og þörf og afla upplýsinga
- vinna úr forsendum hönnunarinnar, hugleiða útlit, notagildi, öryggi og áreiðanleik og rannsaka, þróa og tjá hönnunartillöguna með því að gera mismunandi líkön eða skissur
- setja fram vinnuáætlun, greina verkþætti og huga að öðrum lausnum ef vinnuáætlun reynist óraunhæf
- endurmeta hönnunarhugmyndir á hverju stigi verksins (símat)

Lokamarkmið

Nemandi

Lögmál og aðferðir

sköpun/túlkun/tjáning

- geti sett fram hugmynd að hannaðri afurð bæði munnlega, skriflega og á myndrænan hátt í tvívídd og/eða þrívídd, m.a. með hjálp tölvu, þar sem gerð er grein fyrir tilurð og forsendum hugmyndar
- geti skipulagt vinnuferlið þannig að það sé raunhæft miðað við forsendur (tímapátt, tilgang, hráefni o.s.frv.)
- geti þróað eða endurmetið hugmynd eða framleiðslu á öllum stigum vinnuferlisins
- geti greint og metið vinnuferlið og afurðina og dæmt um það sem hefur haft áhrif á hana
- geti nýtt sér miðla upplýsingatækninnar á sviði greinarinnar

Nemandi

- a) (ef um handverkshönnun er að ræða)
 - geti nýtt sér mismunandi aðferðir að minnsta kosti einnar listiðnaðargreinar
 - geti valið form og lit, efni og aðferð og stutt valið út frá formfræði, fagurfræði, gæða-, hagnýtis- og umhverfissjónarmiðum
- b) (ef um almenna hönnun er að ræða)
 - hafi fengið innsýn í efnisfræði og margvíslegar framleiðslu- eða útfærsluaðferðir í iðnaði og rýmissköpun
 - geti valið form, lit og efni og stutt valið út frá formfræði, fagurfræði, gæða-, hagnýtis- og umhverfissjónarmiðum
- c) (ef um margmiðlunarhönnun er að ræða)
 - hafi fengið innsýn í tækni stafrænna miðla, skjá- og prentmiðla
 - geti sett fram hannaða afurð og stutt valið út frá formfræði, fagurfræði, gæða-, hagnýtis- og umhverfissjónarmiðum

skynjun/greining/mat

- hafi náð tökum á orðaforða greinarinnar
- geti lýst, greint og dæmt um lögmál og aðferðir og forsendur hönnunar
- geti leitað sér upplýsinga um fagið og nýtt sér við sjálfsnám

Sögulegt og félagslegt samhengi

sköpun/túlkun/tjáning

- geti vitnað í stílbrigði, ímyndir eða tækni frá tilteknu skeiði og svæði í eigin hönnun
- geti tjáð samtíma sinn á meðvitaðan hátt

skynjun/greining/mat

- hafi öðlast grundvöll til að tengja hönnun því menningarlega samhengi sem verkið var skapað í
- hafi öðlast þekkingu á neyslu í víðasta skilningi ásamt þeim náttúrulegu og menningarlegu forsendum sem stýra henni og hafa áhrif á tísku og hönnun

Nemandi

- geti greint félagslega merkingu myndmáls frá tilteknum skeiðum og svæðum

Fagurfræði og listrýni

sköpun/túlkun/tjáning

- geti rökstutt þau formfræði-, gæða-, og hagnýtis-sjónarmið sem liggja til grundvallar eigin hönnun
- geti nýtt sér fagurfræðileg áhrifameðul í eigin hönnun

skynjun/greining/mat

- geti sýnt fram á færni til að dæma um eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt og gert grein fyrir forsendum
- geti gert grein fyrir táknmáli og áhrifameðulum myndmáls nútímasamfélags
- þekki þau fagurfræðilegu gildi sem endurspeglast í upplifun, afstöðu og umgengni mannsins við mannigert og náttúrulegt umhverfi og sé meðvit-aður um ábyrgð sína í því samhengi



Kjörsvið almennrar hönnunar Áfangar

AHL 103 Almenn hönnun, tvívíð og þrívíð hönnun, margmiðlun

Undanfari: SJL 103 203

Áfangalýsing

Þessi áfangi er framhald af SJL 103 og SJL 203. Í þessum áfanga er lögð áhersla á að nemendur fái aukna fræðslu um formfræði og læri hvernig nota má þá þekkingu til að ná fram markmiðum sínum varðandi útlit og notagildi hluta eða rýmis. Fjallað verður um liti og hvernig hægt er að nota þá til þess að koma ákveðnum boðum til skila í hönnun. Einnig verður fjallað um leturgerðir sérstaklega með margs konar merkingar í huga. Grafísk forrit verða kynnt, einnig forrit tengd hönnun og framleiðslu. Ýmis jaðartæki verða kynnt eftir þörfum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki tvívíð form, myndbyggingu og möguleika, með tilliti til grafískrar tjáningar
- þekki þrívíð form, uppbyggingu og notkun til að skapa hluti eða rýmisverk
- læri að móta verk sín eftir ákveðnum reglum til að þau uppfylli þær kröfur sem fram eru settar hverju sinni
- þekki hvernig nota á liti til að ná fram tilteknum áhrifum
 - viti hvernig litir virka innbyrðis
 - þekki merkingu lita í táknfræði og skyldum fræðum
 - þekki áhrif mismunandi lita á líðan manna
- þekki helstu leturgerðir
- þekki afbrigði algengra leturtegunda
- geti teiknað ákveðnar leturgerðir með mismunandi áhöldum

- viti hvaða samsetning lita á letri og bakgrunni er auðlæsilegust
- sé fær um að ræða opinskátt um og gagnrýna hugmyndir og verk samnemenda sinna
- sé fær um að taka gagnrýna afstöðu til verka á sviði tvívíðrar og þrívíðrar hönnunar og túlka þau í ræðu og riti

Efnisatriði/kjarnahugtök

Punktur, lína, flötur, rými, hæð, lengd, breidd, dýpt, tími, tvívíð form, þrívíð form, náttúruform, stærðfræðileg form, samræmi, andstæður, jafnvægi, misvægi, speglun, hrynjandi, taktur, endurtekning, jákvæð form, neikvæð form, áferð, uppsetning, litir, letur, skrift, tölvuhugbúnaður og jaðartæki.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á tæknilega færni, bæði við hugmyndavinnuna og úrvinnsluna, og hugmyndaauðgi og frumleika sem kemur fram í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

AHL 113 Teikning, fríhendis-, samkvarða-, tvíkvarða- og fjarvíddarteikning, málsetning

Undanfari: SJL 203

Áfangalýsing

Í áfanganum kynnast nemendur helstu áhöldum og efnum sem notuð eru við teikningu. Aðalmarkmiðið er að þjálfa nemendur í að tjá hugmyndir sínar á myndrænan hátt, með mismunandi teikniáferðum. Áhersla er lögð á að nemendum takist að sýna gerð og áferð þess sem unnið er með þannig að utanaðkomandi eigi auðvelt með að gera sér grein fyrir útliti, efni og jafnvel virkni. Myndir eiga ávallt að vera teiknaðar í ákveðnum hlutföllum og þannig að auðvelt sé að málsetja þær.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki mismunandi hörku blýs og notkunarvið þess
- geti beitt blýi til að túlka margs konar áferð og efni
- þekki mismunandi stikur og mát og not þeirra
- kunni að vinna með kolum
- þekki mismunandi gerðir penna og not þeirra
- þekki mismunandi gerðir lita og hvernig á að beita þeim
- kunni að skyggja hluti á ýmsa vegu eftir stöðu ljósgjafa
- geti sett hluti í eðlilegt umhverfi
- kunni skil á myndbyggingu
- þekki forsendur samkvarðamynda
- þekki forsendur tvíkvarðamynda
- geti teiknað óreglulegt form nákvæmlega í samkvarðagrind
- kunni að stækka og minnka teikningar í réttum hlutföllum
- kunni skil á gerð eins, tveggja og þriggja punkta fjarvíddar
- viti hvaða tegund fjarvíddar hentar best hverju sinni

- geti valið sjónarhorn til að undirstrika ákveðin atriði myndar sinnar
- geti tekið á virkan hátt þátt í umræðu um verkefni sín og annarra nemenda

Efnisatriði/kjarnahugtök

Áhöld, efni, punktur, lína, punktalína, miðlína, flötur, hæð, breidd, dýpt, lýsing, mótljós, meðljós, skygging, línubeiting, hlutföll, málsetningar, mælikvarðar, grunnform, náttúruform, samkværðateikning (ísometría), tvíkværðateikning (dímetría), mát, eins punkts, tveggja punkta og þriggja punkta fjarvið, sjóndeildarhringur, myndplan, sjónarhorn, augnhæð, augnpunktur, hvarfpunktur, sjónlína, hæðarlína, tölvur, hugbúnaður.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, skissur, verkefni o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á faglega þekkingu og tæknilega úrvinnslu eins og hún kemur fram í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, glósur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni.

AHL 123 Teikning, vinnuteikning, hornrétt fall-myndun, skurðir, staðlar

Undanfari: SJL 203

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur að beita hringfara við ýmsar aðgerðir. Nemendur læra grunnatriði rúmteikningar, hvernig finna á sannar stærðir og hvernig gera á útflatninga á ýmsum formum. Nemendur læra hornrétt fall-myndun, þ.e. að sýna hlut frá minnst þremur sjónarhornum: grunnmynd (ofan frá), framhlið (framan frá) og hlið. Einnig að teikna sniðmyndir, skurði og hlutamyndir. Nemendur læra réttar málsetningar og kynnast þeim stöðlum sem gilda um vinnuteikningar og teikningalestur. Nemandinn fær þjálfun á tölvu við gerð teikninga.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti skipulagt teikningasett á blaði
- kunni að gera og útfylla nafnreit
- þekki staðla um málvik og málsetningar
- þekki staðla um algengustu teiknitákn
- þekki SI-einingakerfið um lengdareiningar
- þekki gildandi staðla um pappírsstærðir og málsetningar
- þekki hugtök og skilgreiningar sem notaðar eru í teikningu, teikningalestri og mælitækni
- þekki grunnatriði flatarteikningar
- þekki grunnatriði rúmteikningar
- geti fundið sannar stærðir
- kunni þær reglur sem gilda um hornrétt fallmyndun
- geti teiknað útflatningsmyndir af algengum formum
- kunni að teikna skurðar- og sniðmyndir
- geti gert hlutamyndir
- geti teiknað myndir í mismunandi mælikvörðum

- geti notað tölvu við gerð vinnuteikninga
- kunning á helsta hugbúnaði til teikninga
- geti tekið á virkan hátt þátt í umræðu um verkefni sín og annarra nemenda

Efnisatriði/kjarnahugtök

Rúmteikning, hornrétt fallmyndun, sannar stærðir, hæð, breidd, dýpt, sléttir fletir, bognir fletir, skurðarfletir, kantur, hornpunktur, hornalína, fallpunktur, fallmynd, myndflötur, grunnmynd, framhlið, hlið, sniðmynd, hjálparmynd, hluta-mynd, útflatningar, strendingar, strýtur, sívalningar, keilur, kúlur, snið, skurðir, málsetning, mælikvarðar, nafnreitir, teikningastærðir, staðlar, tölvur, hugbúnaður, hringur, radius, miðpunktur, miðjupunktur, endapunktur, topppunktur, gráður, gráðubogi, bogi, bogastrengur, ferningur, réttthyrningur, samsíðungur, tígull, trapisa, strýta, sporbaugur, horn, rétt horn, hvasst horn, gleitt horn, jafnhliða, jafnarma, hvasshyrndur, gleiðhyrndur, réttthyrndur, þríhyrningur, hornatákn: alfa, beta, gamma, delta, teiknistaðlar.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, skissur, verkefni o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á faglega þekkingu og tæknilega úrvinnslu eins og hún kemur fram í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, glósur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni.

AHL 133 Líkanagerð / þrívíð framsetning

Undanfari: SJL 203

Áfangalýsing

Í áfanganum á nemandinn að útfæra líkan. Hann kynnist algengustu tegundum líkana og vinnur með þau efni sem helst eru notuð til líkanagerðar. Nemandinn kynnist mismunandi samsetningum, límtegundum, fyllingarefnum og yfirborðsefnum. Nemandinn lærir að fara með helstu handverkfæri og vélar sem notaðar eru til líkanasmíði og kynnist helstu íhlutum sem stuðla að raunmynd líkans.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti yfirfært málsetta teikningu í réttan kvarða
- geti yfirfært teikningu á þrívíða afurð
- geti unnið öll algengustu líkön, t.d. prufugerðir, herma, skissu-, kvarða-, kynnis- og virknislíkön
- geti farið með algengustu handverkfæri og vélar sem notaðar eru við líkanagerð, s.s. hamar, sporjárn, sög, hefil, dúkahníf, vinkil, kítisspaða, mælikvarða, borðsög, bandsög, tifsög, stingsög, fræsara, borvél, standbor
- geti nýtt sér algengustu efni sem notuð eru til líkanagerðar, s.s. pappa, leir, gifs, frauðplast, akrílpplast, trefjaplast, nælonplast, balsa, við, rör, prófila
- geti nýtt sér algeng fyllingarefni, s.s. gifs- og epoxýefni
- geti nýtt sér mismunandi samsetningar, t.d. með nöglum, skrúfum, töppum, dilum og vinklum
- geti nýtt sér mismunandi límtegundir, s.s. snertilím, trélím, pappírslím, gúmmílím, úreþanlím og tveggja þátta epoxýlím

- geti valið helstu íhluti sem best henta hverju sinni, s.s. ýmis efni úr náttúrunni, gróður, grjót o.fl. eða úr manngerðu umhverfi, s.s. margs konar textíl, gler o.fl. eða úr sérverslunum, t.d. ímyndir af fólki, skepnum, farartækjum, húsmunum o.fl.
- geti valið þá yfirborðsáferð sem líkist fyrirmynd helst, t.d. olíumálningu, plastmálningu, brúsamálningu, lakk, bæs, olíu

Efnisatriði/kjarnahugtök

Skissulíkan, kvarðalíkan, kynnislíkan, virknislíkan, prufugerð, hermir, íhlutir, lýsing, gróður, mælikvarði, miskvarði, áhöld, verkfæri, efni.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á tæknilega færni við úrvinnsluna og hugmyndaauðgi og frumleika sem birtist í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg verkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

AHL 143 Efnisfræði og framleiðslutækni

Undanfari: SJL 203

Áfangalýsing

Í áfanganum kynnast nemendur algengustu iðnaðar-efnum. Nemendur læra um eiginleika og uppbyggingu efnanna og hvaða lögmál gilda um notkun þeirra. Skoðaðar eru framleiðsluaðferðir fyrir hin mismunandi efni og hvaða forsendur ráða þegar velja þarf á milli aðferða. Kynnt er mótagerð og hvert sambengi er á milli fjölda framleiðslueininga og mótakostnaðar. Nemendur læra hvernig hönnun þarf að taka mið af þeirri mótagerð sem notuð er.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki algengustu efni sem notuð eru við hönnun manngerðs umhverfis
- viti um eiginleika og uppbyggingu efnanna og hvaða lögmál gilda um notkun þeirra
- þekki algengustu framleiðsluaðferðir hinna mismunandi efna
- þekki helstu atriði varðandi forsendur þegar velja á framleiðsluaðferð eða útfærslu
- kunni skil á ýmsum gerðum móta
- viti hvert sambengi er á milli fjölda framleiðslueininga og mótakostnaðar
- geri sér grein fyrir því hvaða áhrif ofnotkun efna getur haft á lífríki jarðar
- geri sér grein fyrir því hvaða áhrif vinnsla sumra efna hefur á lofthjúp jarðar

Efnisatriði/kjarnahugtök

- Efni: málmar, viður, jarðefni, textill, plastefni, bygg-
ingarefni.
- Eiginleikar: eðlisþyngd, uppbygging, lotukerfi,
bræðslumark, þensla, samdráttur, hita- og rafleiðni,
burðarþol, brotþol, tog, þan, sveigja, styrkur, tæring,
íefni o.s.frv.
- Áferð: gróft, fint, matt, gljáandi, mjúkt, hart, slétt, úfið,
mynstrað o.s.frv.
- Yfirborð: málað, lakkað, bæsað, olíuborið, vaxbórið,
þæft, þrykkt, rafhúðað, plasthúðað, sprautað, sand-
blásið, bónað, pólerað, fægt, málmhúðað o.s.frv.
- Samsetning: naglar, skrúfur, boltar, hnoð, tappar, dílar,
fjöðrun, geirnegling, lím, rafsuða, logsuða, mic- og tic-
suða, lóðun, kveiking, fölsun, saumur o.s.frv.
- Framleiðsla: sagað, heflað, fræst, steyppt, dregið, valsað,
blásið, þanið, brennt, rafgreint, klippt, saumað, ofið
o.s.frv.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi 2/3 af loka-
mati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið
sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nem-
enda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá
markmiðum í lok áfangans. Meta á tæknilega færni, bæði
við hugmyndavinnuna og úrvinnsluna, hugmyndaauðgi
og frumleika sem kemur fram í afurð. Undir ferlið skynj-
un/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast
þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og
þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að
hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem
nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum
sínunum.

AHL 203 Almenn hönnun, hugmyndaverkefni

Undanfari: AHL 103 113

Áfangalýsing

Í áfanganum kynnist nemandinn undirstöðuatriðum hönnunar. Nemandur vinna eftir hönnunarferlinu frá því að hugmynd kviknar og þar til að hugmyndin hefur fengið ákveðið form. Í áfanganum vinna nemandur skipulega að lausn hönnunarverkefna. Í að minnsta kosti einu verkefni þarf að beita vinnuvistfræðilegri (ergónómískri) aðferðafræði. Efnisfræði er þáttur í lausn allra viðfangsefna. Framleiðslutækni er þáttur í lausn allra verkefna. Öll verkefni eru sett í sögulegt samhengi. Hver nemandi kynnir verkefni sín og rökstyður þær lausnir sem notaðar eru. Lausnir eru gagnrýndar af kennara og samnemendum og áhersla er lögð á umræður um verkefni.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti aflað sér nauðsynlegra upplýsinga varðandi verkefnið, s.s. af Netinu, í bókasafni, úr umhverfinu, hjá sérfróðu fólki
- kunni aðferðir markvissrar hugmyndavinnu, s.s. þankahrið (brain storming), markvissa tengingu fyrirbæra frá ólíkum menningarheimum og vinni út frá gefnum formum eða öðrum forsendum
- geti þróað hugmynd eftir markvissu þróunarferli
 - kunni aðferðir við þróun ímyndar, s.s. bjögun, einföldun, speglun, flúrur, stækkun, minnkun, teygingu, þjöppun, hvöss horn, gleið horn, mismunandi radiusa á inn- og úthornum, skipt um sjónarhorn
 - geti myndgert hugmynd með mismunandi teiknitækni, svo sem frihendisskissum, hornréttum fallmyndum og í tölvum
 - geti hlutgert hugmynd með mismunandi líkönum, svo sem skissulíkönum og kvarðalíkönum

- geti valið úr hugmyndum sínum og rökstutt val sitt út frá notkun, fagurfræði, hagnýti, umhverfi, vinnuvistfræði, efni og framleiðsluaðferð
- geti beitt mismunandi kynningartækni við framsetningu hugmynda, svo sem munnlega, skriflega, myndrænt með skissum, einföldum líkönum, ljósmyndum og í tölvu (með skönnuðum myndum)
- geti haldið utan um skissur, teikningar, glósur, ritgerðir o.fl. í verkefnamöppum
 - sé fær um að ræða opinskátt um og gagnrýna hugmyndir og verk samnemenda sinna
 - sé fær um að taka gagnrýna afstöðu til verka á sviði hönnunar og túlka þau í ræðu og riti

Efnisatriði/kjarnahugtök

Upplýsingatækni, bókasöfn, tímarit, útdráttir, Netið, mannleg samskipti, aðferðafræði, hugmyndaþróun, myndgerving hugmynda, vinnuvistfræði (ergonomia), saga.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á tæknilega færni, bæði við hugmyndavinnuna og úrvinnsluna, og hugmyndaauðgi og frumleika sem kemur fram í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

AHL 213 Myndræn tjáning, myndmiðlun, tölvunotkun

Undanfari: AHL 113 123

Áfangalýsing

Í áfanganum lærir nemandinn hvernig hann getur tjáð hugmyndir sínar myndrænt með ýmiss konar efnum og áhöldum. Einnig lærir nemandinn um grafísk áhöld og margs konar efni sem hann getur nýtt sér við vinnu sína. Nemandinn kynnist því hvernig nota á mismunandi hjálpartæki, t.d. myndavélar, myndbandstökuvélar, skyggjur, myndvarpa, glærur, bókvarpa, flettistöflu, sjónvarpsskjá, tölvu og tilheyrandi hugbúnað.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kunni að nota spegilmyndavél
- kunni að nota stafræna ljósmyndavél
- kunni að nota myndbandstökuvél
- kunni að nota skyggjur
- geti notað myndvarpa
- kunni að gera glærur með handskrift eða á tölvu
- þekki möguleika bókvarpa
- geti notað flettistöflu
- geti nýtt hugbúnað til að útbúa efni á tölvu eða sjónvarpsskjá
- geti tjáð sig með mismunandi grafískum áhöldum, t.d. blýi, bleki, vaxlitum, pastellitum, vatnslitum, trélitum, kóli, kritt, filtpenna
- hafi náð góðum tókum á teikningu til að skýra hugmyndir sínar
- kunni skil á hugbúnaði sem kemur að gagni við grafíska vinnu
- sé fær um að fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt og gera grein fyrir forsendum

- sé fær um að ræða opinskátt um þær hugmyndir sem hann er að túlka í verkum sínum
- sé fær um að ræða og gagnrýna myndir samnemenda sinna á uppbyggilegan hátt

Efnisatriði/kjarnahugtök

Blý, blek, kol, krít, vaxlitir, pastellitir, vatnslitir, trélitir, filt-pennar. Ljósmyndun, ljósop, lýsing, bakgrunnur, filmur, skyggjur, framköllun, myndvinnsla, letur, glærur á myndvarpa, á skjá, bókvarpi, hugbúnaður, tölvur.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, skissur, verkefni o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á faglega þekkingu og tæknilega úrvinnslu eins og hún kemur fram í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, glósur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni.

AHL 303 Almenn hönnun, vinnuvistfræði, tölvur, þróunarverkefni

Undanfari: AHL 203

Áfangalýsing

Í áfanganum vinna nemendur að þróunarverkefnum þar sem tillit þarf að taka til framleiðsluaðferðar eða útfærslu og þar af leiðandi efnisvals. Nemandinn kynnist því hvernig hönnunarforsendur breytast eftir því hvaða efni eru notuð, hvaða framleiðsluaðferð er valin og hvort um er að ræða fjöldaframleidda eða sérsmiðaða afurð. Nemandinn kynnist því hvernig mismunandi yfirborðsfrágangur breytir ásýnd og eigindum afurðar. Við lausn verkefna skal hafa í huga atriði eins og neytandann, umhverfisþætti, útlit, efnisnýtingu, hagkvæma framleiðslu, samsetningu, merkingu, pökkun og dreifingu, smíði, fjármögnun, notagildi, kynningu, ímyndasköpun o.s.frv. Nemendur kynna lausnir sínar sem eru síðan gagnrýndar af kennara og samnemendum og áhersla er lögð á umræður um verkefni. Öll verkefni eru sett í sögulegt samhengi.

Áfangamarkmið

Nemandi

- viti hvar helst sé að leita upplýsinga varðandi hvert verkefni
- geti beitt rökvisri hugmyndavinnu
- geti þróað hugmynd á markvissan hátt
- geti myndgert hugmynd með mismunandi aðferðum, s.s. frihendisskissum, ísómetriskri teikningu, fjarvíddarteikningu, tölvumyndum
- geti hlutgert hugmynd með mismunandi líkönum: skissulíkönum, kvarðalíkönum, prufugerðum, virknislíkönum
- geti kynnt hugmyndir sínar á áhrifaríkan hátt í mæltu máli, skriflega, með teikningum, með ljósmyndum, með myndböndum og á tölvuskjám
- geti gert málsettar vinnuteikningar af verkefnum sínum
- geti gert sniðteikningar af verkefnum sínum

- þekki eiginleika þeirra efna sem tengjast hverju verkefni
- viti hvaða framleiðsluaðferðir koma til álita við ákveðin verkefni
- geti valið þá framleiðsluaðferð sem hentugust er hverju sinni
- viti hvaða samsetning hentar best í hverju tilviki
- geti rökstutt niðurstöður sínar út frá notkun, hagnýti, útliti, umhverfi, vinnuvistfræði, efni, framleiðsluaðferð, samsetningu, þökkun, dreifingu, förgun
- geti skoðað eigin afurð í sögulegu samhengi
- geti sett eigin afurð í sögulegt samhengi
- leggi áherslu á að halda vandaða möppu með afrakstri hverrar annar
- geti tekið á virkan hátt þátt í umræðu um verkefni sín og annarra nemenda

Efnisatriði/kjarnahugtök

Upplýsingatækni, bókasöfn, tímarit, útdrættir, Netið, mannleg samskipti, aðferðafræði hönnunar, hugmyndaþróun, myndgerving hugmynda, hlutgerving hugmynda, fullvinnsla hugmynda, verkefnakynning, vinnuvistfræði, efnisfræði, framleiðslutækni, samsetning, merking, þökkun, dreifing, gagnrýni, saga.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á tæknilega færni, bæði við hugmyndavinnuna og úrvinnsluna, og hugmyndaauðgi og frumleika sem kemur fram í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

AHL 403 Almenn hönnun, efnisval, útfærsla

Undanfari: AHL 203 213

Áfangalýsing

Í áfanganum fullvinna nemendur hönnunarverkefni frá hugmynd til lokaútfærslu. Við þróun hugmynda beita þeir á skipulegan hátt aðferðafræði hönnunar til að komast að niðurstöðu um bestu lausn. Við myndgervingu og fullvinnslu hugmynda gerir nemandi teikningar og líkön. Nemendur kynna afurð sína með tilheyrandi hjálpartækjum. Allar lausnir eru ræddar og gagnrýndar og settar í samhengi við fortíð og nútíð.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki það ferli sem stuðlar að því að hugmynd verður að veruleika
- geti lokið röklegri hugmyndavinnu á tilsettum tíma
- geti valið bestu lausn með aðferðafræði hönnunar
- geti gert grein fyrir lausn sinni í mæltu máli
- geti gert grein fyrir lausn sinni í rituðu máli
- geti myndgert og formað lausn sína
- geti rökstutt val sitt með tilliti til markhóps
- hafi forsendur til að ávarða lit, áferð og útlit afurðar
- viti hvort afurð hentar líkamlegri getu notandans
- viti hvort afurð þjónar tilgangi sínum
- geti varið lausn sína á hugmyndafræðilegum grunni

Efnisatriði/kjarnahugtök

Upplýsingatækni, bókasöfn, tímarit, útdrættir, Netið, mannleg samskipti, aðferðafræði hönnunar, hugmyndaþróun, myndgerving hugmynda, hlutgerving hugmynda, fullvinnsla hugmynda, gagnrýni, verkefnakynning, vinnuvistfræði, efnisfræði, framleiðslutækni, samsetning, yfirborð, merking, þökkun, dreifing, förgun, markaður, umhverfi, staðlar, reglugerðir.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi $2/3$ af lokamati og skynjun, greining og mat $1/3$. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á tæknilega færni, bæði við hugmyndavinnuna og úrvinnsluna, og hugmyndaauðgi og frumleika sem kemur fram í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.



AHL 503 Lokaverkefni

Undanfari: AHL 403

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er áhersla lögð á að dýpka skilning nemenda á því efni sem farið hefur verið yfir í undangengnum áföngum. Nemendur skilgreina verkefni sín í samráði við kennara og vinna að verkefnum þar sem allir þættir hönnunar koma við sögu. Æskilegt er að verkefni séu unnin í samráði við fyrirtæki eða einkaaðila þannig að þau verði sem raunverulegust. Verkefni eru unnin sjálfstætt eða í hópvinnu.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti unnið á sjálfstæðan hátt á öllum stigum hönnunarferlisins
- geti unnið í hóp að öllum þáttum hönnunarverkefnis
- viti hvernig nálgast á þær upplýsingar sem að gagna koma
- kunni að nýta aðferðir markvissrar hugmyndavinnu til að finna lausn á hönnunarverkefni
- geti þróað hugmynd til fullunnins hönnunarverks
- geti nýtt sér vinnuvistfræðilega þekkingu í hönnun sinni
- kunni að nota þekkingu sína til að velja rétt efni í afurð sína
- geti ákvarðað framleiðsluaðferð
- geti rökstutt hönnun sína með tilliti til markaðar
- viti hvaða áhrif þau efni, sem afurð er úr, hafa á náttúru og lífríki
- geti rökstutt allar ákvarðanir sem hann tekur í hönnunarferlinu
- geti tekið þátt í umræðum um hönnun á hugmyndafræðilegum grundvelli
- geti formgert hugmynd sína út frá fagurfræðilegum forsendum

- geti annast tengsl við eitt eða fleiri fyrirtæki vegna verkefnis
- geti annast tengsl við aðila utan skólans vegna verkefnis
- sé fær um að fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt og gera grein fyrir forsendum
 - sé fær um að ræða opinskátt um þær hugmyndir sem hann er að túlka í verkum sínum
 - sé fær um að ræða opinskátt um og gagnrýna myndir samnemenda sinna
 - sé fær um að taka gagnrýna afstöðu til verka þekktra hönnuða og túlka þau í ræðu og riti

Efnisatriði/kjarnahugtök

Upplýsingatækni, tölvuteikning, CAD, CAM, mannleg samskipti, aðferðafræði hönnunar, hugmyndaþróun, myndgerving hugmynda, hlutgerving hugmynda, fullvinnsla hugmynda, gagnrýni, verkefnakynning, vinnuvistfræði, efnisfræði, framleiðslutækni, samsetning, merking, þökkun, dreifing, förgun, markaður, umhverfi, hópvinna, fyrirtæki, stofnanir.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á tæknilega færni, bæði við hugmyndavinnuna og úrvinnsluna, og hugmyndaauðgi og frumleika sem kemur fram í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

AHS 103 Tækni og verkmenning fram yfir miðja 19. öld

Undanfari: LIM 103 113

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur um verkmenningu mannsins frá þeim tíma er fyrstu píramídarnir voru reistir og fram til Heimssýningarinnar miklu sem haldin var í Crystal Palace árið 1851. Fjallað er um byggingar, húsmuni, textíl, verkfæri og áhöld frá þessu tímabili. Skoðað er hvaða áhrif stjórnarfar, landslag og veðurfar, auk tækni hvers tíma, hafði á þróun manngerðs umhverfis á ýmsum landsvæðum. Evrópa verður hér í fyrirrúmi en einnig verður litið til Afríku, Asíu og Ameríku. Einnig eru stöðu Íslands í þessu samhengi gerð nokkur skil.

Áfangamarkmið

Nemandi

- hafi fengið innsýn í þau ólíku menningarsamfélög sem hér um ræðir, sérstaklega hvað við kemur verkmenningu þeirra, tækni og listum
- þekki hvaða ytri aðstæður hafa áhrif á byggingar og tæki
- geri sér grein fyrir því hvaða áhrif mismunandi stjórnarfar hefur á hvað er framleitt
- geri sér grein fyrir því hvaða áhrif gróður og veðurfar hefur á gerð bygginga, fatnaðar og annarra hluta sem ætlaðir eru til almennra nota
- geri sér grein fyrir því hvaða áhrif aðgengi að mismunandi hráefni hefur á mangert umhverfi
- geti á skilmerkilegan hátt gert grein fyrir því hvernig mangert umhverfi hefur þróast við mismunandi aðstæður
- þekki einkenni manngerðs umhverfis hinna mismunandi menningarsamfélaga

- þekki vestræn stílbrigði manngerðs umhverfis á þeim ólíku tímabilum sem hér eru til umfjöllunar
- geri sér grein fyrir því hvaða stefnur hafa verið áhrifavaldar hérlendis á tímabilinu við gerð bygginga, fatnaðar, listmuna og annarra hluta ætlaðra til almennra nota

Efnisatriði/kjarnahugtök

Egípskt, mínóskt, mesópótamískt, mýkenskt, etruskt, grískt, rómverskt, býsanskt, Normannastíll, gotneskt, endurreisn, manérismi, barokk, rókókó, rómantik, nýklassík, indverskt, kínverskt, japanskt, pólýnesískt, Inkar, Mayar, Astekar, Inúítar. Píramídar, grafir, áhöld, húsmunir, fatnaður, leikföng, áveitur, vegir, brýr, hof, dórískar, jónískar og korintískar súlur, gullinsnið, kirkjur, þorp, bæir, borgir, steinn, marmari, leir, skinn, þráðarverk, járn, brons, vatnsafl, gufuafli.

Námsmat

Próf í lok áfanga gæti vegið u.þ.b. helming af lokamati og verkefni og umræður hinn helminginn. Matin er þekking og skilningur nemenda á forsendum hönnunar. Mat á verkefnum og umræðum getur verið símat þar sem kennarinn metur árangur nemenda í rannsóknum og kynningu á þeim. Einnig er æskilegt að lagt sé mat á þátttöku nemenda í umræðum.

AHS 203 Hönnun, tækni og verkmenning frá miðri 19. öld fram yfir miðja 20. öld

Undanfari: LIM 203 AHS 103

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur um iðnbyltinguna og þeir kynnast þeirri deiglu sem gat af sér listiðnaðarfélög, -fyrirtæki og -skóla. Nemendur kynnast einnig þeim tækninýjungum sem fram komu á þessu tímabili. Þá verður gerð grein fyrir þeirri miklu aukningu sem varð í framboði á vöru og húsnæði í kjölfar iðnbyltingarinnar.

Kynntar eru þær listastefnur sem mest áhrif höfðu á hönnun manngerðs umhverfis og fjallað er um helstu atburði tímabilsins sem straumhvörfum ollu. Fjallað er jafnhliða um hvaða áhrif atburðir, stefnur og straumar hafa haft á hönnun hérlendis.

Áfangamarkmið

Nemandi

- viti hvaða áhrif iðnbyltingin hafði á lifnaðarhætti og manngert umhverfi í hinum vestræna heimi
- viti hvaða áhrif iðnbyltingin hafði á lifnaðarhætti og manngert umhverfi á Íslandi
- viti hver var orsök stofnunar list- og handmenntafélaga, -fyrirtækja og -skóla
- viti hverjir voru forustumenn og forkólfar þessara félaga
- viti hvaða áhrif þessi félög höfðu á gildismat almennings, heima og erlendis
- viti hvað olli hnignun þessara félaga
- viti hverjir voru helstu hönnuðir þessa tímabils
- þekki helstu tækninýjungar sem fram komu á þessum tíma
- þekki þær afleiðingar sem þessar tækninýjungar höfðu hér heima og erlendis

- þekki þær listastefnur sem fram komu 1851-1945 og áhrif höfðu á hönnun fatnaðar, húsa, farartækja og annarra hluta til almennrar notkunar
- kunni skil á helstu stjórn mála viðburðum og stýrjöldum þessa tímabils, orsökum þeirra og afleiðingum og áhrifum á manngert umhverfi
- viti hvaða merkar hönnunarkenningar birtust á þessum tíma
- geri sér grein fyrir tengslum íslenskrar hönnunar og erlendrar á þessu tímabili

Efnisatriði/kjarnahugtök

Iðnbyltingin, listiðnaðarfélög, listiðnaðarfyrirtæki, listiðnaðarskólar, vörusýningar, garðbæir, Shakers, Art Nouveau, De Stijl, konstrúktífismi, Bauhaus, Art Deco, nytjastefna, straumlína, þróunarkenningin, kommúnismi, kapítalismi, fasismi, nasismi, borgarastýrjöldin í Bandaríkjunum, Búastríðið, heimsstýrjöldin fyrri, rússneska byltingin, Spánarstýrjöldin, vetrarstríðið, heimsstýrjöldin seinni, kjarnorkusprengjan.

Námsmat

Próf í lok áfanga gæti vegið u.þ.b. helming af lokamati og verkefni og umræður hinn helminginn. Matin er þekking og skilningur nemenda á forsendum hönnunar. Mat á verkefnum og umræðum getur verið símat þar sem kennarinn metur árangur nemenda í rannsóknum og kynningu á þeim. Einnig er æskilegt að lagt sé mat á þátttöku nemenda í umræðum.

AHS 303 Hönnun, tækni og verkmenning 1945-1999

Undanfari: LIM 203 AHS 203

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur um hvaða þátt ný efni, tækni og hönnun á í uppbyggingu nútímaframleiðsluinaðar. Kynnt eru framsýn fyrirtæki sem lögðu áherslu á þróun og hönnun vöru og þeir hönnuðir sem sett hafa mark sitt á það umhverfi sem við lifum í.

Áfangamarkmið

Nemandi

- hafi fengið innsýn í þá þróun sem átt hefur sér stað liðna hálfu öld á sviðum hönnunar, tækni og verkmenningar
- geri sér grein fyrir hugmyndafræðilegum forsendum hönnunar í samtímanum
- geri sér grein fyrir þeim áhrifum sem ný efni og tæknibreytingar hafa haft á tjáningarmöguleika hönnuða í samtímanum
- geti skilgreint helstu stefnur sem mótað hafa hönnun sl. 50 ár
- kunni skil á dæmum um að góð eða slæm hönnun hafi skipt sköpum fyrir fyrirtæki
- þekki dæmi um fyrirtæki sem byggja afkomu sína á hönnun
- viti hvaða áhrif það hefur á efnisval og úrvinnslu hönnuða að taka tillit til umhverfismála og lífríkis jarðar
- sé fær um að fjalla um forsendur hönnunar á gagnrýnn hátt

Efnisatriði/kjarnahugtök

Rafeindatækni, smárar, kísilflögur, tölvur, CAD, CAM, plastefni, plastvefir, léttmálmar, Alessi, Apple, Bang og Olufsen, Braun, Citroën, Dior, Fritz Hansen, Kartell, Microsoft, Olivetti, Philips, Sony, Swatch, hönnunarmiðstöðvar, hönnunarsýningar og -söfn, orkukreppa, hönnun og lífríki, hönnun og endurnotkun, hönnun og umhverfi, vinnuvistfræði, popplíst, póstmódernismi, nýbarokk, hátækni, andhönnun, kitsch, endurhönnun, amerísk, ítölsk, þýsk, japönsk, skandinavísk og íslensk hönnun.

Námsmat

Próf í lok áfanga gæti vegið u.þ.b. helming af lokamati og verkefni og umræður hinn helminginn. Matin er þekking og skilningur nemenda á forsendum hönnunar. Mat á verkefnum og umræðum getur verið símat þar sem kennarinn metur árangur nemenda í rannsóknum og kynningu á þeim. Einnig er æskilegt að lagt sé mat á þátttöku nemenda í umræðum.



Kjörsvið handverkshönnunar

Handverkshönnun í framhaldsskóla er sameiginlegt heiti um víðtækt svið. Það er hlutverk námskrár að setja fram almennar kröfur um umfang og skipan námsins. Hver skóli verður síðan að byggja námsframboð sitt á staðbundnum forsendum, s.s. aðstöðu, sérþekkingu og nemendahópi.

Handverkshönnun tekur til hönnunar í handverki. Unnt væri að skilgreina ótal greinar innan þessa sviðs, s.s. leirkerasmíði, glergerð, vefnað og þrykk, málm og tré o.s.frv. Hér er dæmi um eina grein handverkshönnunar: Fata- og textílhönnun. Kjörsviðið er byggt á ákveðnum ramma. Áfangarnir LIM og SJL og tveir áfangar í hönnunar- og stílsögu hafa fastan sess. Áfangar í inntakspáttunum lögmálum og aðferðum og fagurfræði og rýni verða að standast kröfur um gæði og samræmingu. Skólar geta með samþykki menntamálaráðuneytisins boðið upp á aðrar áherslur textílhönnunar eða aðrar listiðnaðargreinar innan þessa ramma.

Áfangar - Fata- og textílhönnun

THL 103 Fatahönnun - skissuvinna, saumtækni og sniðteikning

Áfangalýsing

Lögð er áhersla á máltöku og vinnu með tilbúin snið og gerðar einfaldar sniðbreytingar. Auk þess er kennt að vinna með grunnsnið og kynntir ýmsir möguleikar á að framkvæma einfaldar sniðútfærslur út frá eigin hugmyndum. Nemendur læra á saumavél og möguleika hennar. Saumaðar eru prufur og einfaldar flikur. Lögð er megináhersla á að nemendur læri að fylgja verkinu eftir frá hugmynd að fullunnu verki og temji sér vönduð vinnubrögð. Einnig fá nemendur þjálfun í að koma hugmyndum sínum til skila í skissuvinnu. Kynntir eru möguleikar tölvuvinnu í tengslum við upplýsingaöflun, snið- og tiskuteiknun. Æskilegar eru heimsóknir í fyrirtæki og verslanir sem selja vefnaðarvöru og fylgihluti til saumaskapar.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kunni að taka mál og bera þau saman við máltöflur
- þekki viðbótarmál vegna hreyfivíddar og aukavíddar
- þekki heiti og útlit hina ólíku sniðhluta
- þekki frávik frá persónulegum málum
- ráði við einfaldar sniðbreytingar, s.s. að stytta, síkka, þrengja, vikka
- kunni að vinna út frá tilbúnum sniðum
- sé fær um að skilja skýringar- og leiðbeiningartexta
- sé fær um að skilja skýringarmyndir
- hafi tamið sér vönduð vinnubrögð við að taka upp snið
- geti gert neytendamiðaða vinnuáætlun
- geri gert útreikninga á efnismagni eftir efnisbreidd
- geti gert vinnulýsingu bæði í orðum og teikningum

- geti forgangsraðað og skipulagt vinnu sína
- geti raðað sniðhlutum á efni eftir áferð, munstri og efnisbreidd
- kunni skil á sniðmerkingum, saumförum og földum við sniðagerð
- geti nýtt sér hjálpartæki og fylgihluti við sniðagerð
- þekki mismunandi saumavélanálar
- þekki notagildi sporgerða á saumavél
- fái þjálfun í ýmsum tækniatriðum á saumavél með þrúfusaum
- geti saumað einfaldar flikur
- hafi tamið sér vönduð vinnubrögð við frágang
- kunni að nota grunnsnið
- hafi lært einfaldar sniðútfærslur
- geti komið hugmyndum sínum til skila í skissuvinnu
- ráði við einfaldar sniðbreytingar út frá eigin hugmyndum
- geti rökstutt val sitt á verkefnum út frá efnis- og litavali
- geti nýtt sér handbækur og fagblöð
- kunni skil á hugmyndavinnu og upplýsingaöflun á tölvu

Efnisatriði/kjarnahugtök

Máltaka, máttun, máttöflur, hjálpartæki, fylgihlutir, sniðhlutar, fagorð, sniðbreytingar, tilbúin snið, að taka upp snið, skýringarmyndir, skýringartexti, vinnuáætlun, vinnulýsing, útreikningar, skipulagning, að sniða, saumavélin, grunnsnið, sniðútfærslur, hugmyndir, skissuvinnu, efnisval, sniðval, handbækur, fagblöð, upplýsingamiðlar.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, hugmyndavinna, skissur og verkleg afurð, þar með talinn profusaumur. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skriflegar greinargerðir og þátttaka í umræðum. Metinn er skilningur á viðfangsefninu, skipulag og vinnubrögð, vinnuáætlun, vinnulýsingar, greinargerð vegna verkefnavals, hugmyndavinna og úrvinnsla hugmynda, eigið símat nemenda og þátttaka í umræðum. Metið skal út frá markmiðum áfangans.



THL 112 Hönnun og hugmyndavinna

Undanfari: SJL 203

Áfangalýsing

Lögð er áhersla á sambandið milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og listrænnar sköpunar, greiningar og túlkunar og þróuð þannig hæfni nemandans til þess að starfa sjálfstætt, setja fram hugmynd, meta og gagnrýna eigið verk. Nemendur vinna ýmis fyrir fram ákveðin verkefni, auk sjálfvalinna. Vinnan er að mestu fólgin í hugmyndavinnu, t.d. form- og litafraeði, tiskuteiknun, hugmyndavinnu á tölvu, hráefnisþekkingu, tilraunum og fleiri þáttum sem stuðla að nýsköpun. Einnig er lögð áhersla á þekkingu varðandi breyttar þarfir, nýjungar og upplýsingaöflun. Sérstök áhersla er lögð á þemavinnu í hóp sem fólgin er í fyrir fram ákveðnu verkefni, t.d. völdu leikverki þar sem nemendur ákveða leikmynd og búninga eða framkvæmd og uppsetningu á tiskusýningu o.s.frv. Nemendur hafa mismunandi hæfileika og áhugasvið og geta þannig samnýtt þá þætti og um leið tamið sér tillitssemi, jákvæða gagnrýni og rökhyggju. Unnið er með líkön, sýnishorn, kynningu eða sýningu. Æskilegar eru vettvangsheimsóknir og fyrirlestrar í tengslum við námsefnið.

Áfangamarkmið

Nemandi

- skilji sambandið milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og niðurstöðu
- geti hugleitt útlit og notagildi út frá fagur- og formfræðilegum forsendum
- geti sett fram hugmynd bæði munnlega, skriflega og á myndrænan hátt
- kunni að tileinka sér nýjungar í gegnum upplýsingamiðla, handbækur og fagtímarit
- hafi lært að þekkja liti, gildi þeirra og notkun í umhverfi okkar

- hafi lært tiskuteiknun og hugleitt útlit, efni, áferð, munstur og liti
- skynji merkingu orða eins og glæsilegur, klassiskur, frumlegur, menningarlegur o.fl.
- þjálfist í að útfæra munstur fyrir útsaum, þrykk og þrjón
- hafi þjálfað litasamsetningu fyrir textilhönnun
- geti unnið tiskuteiknun og munsturgerð á tölvu
- geti nýtt sér náttúru og eigin menningu sem upp-
sprettu hugmynda við eigin vinnu
- geti nýtt sér eigin athuganir og tilraunir við val á hráefni
- geti gert rýmisteikningu af híbýlum
- geti hugleitt samspil lita, munstra og gæða í textílefn-
um híbýla og stofnana
- sé fær um að vinna í hóp og greina áhuga- og sérsvið
við framkvæmd verks
- sé fær um að rökstyðja eigið verk, taka gagnrýni og
gagnrýna aðra á jákvæðan hátt
- sé fær um að koma vinnu sinni á framfæri á fjölþættan
máta

Efnisatriði/kjarnahugtök

Hugmyndavinna, teikning, tiskuteiknun, munsturgerð, litir, form, hráefni, tækni, aðferðir, þarfir, nýjungar, nota-
gildi, umhverfi, tilraunir, rannsóknir, menning, nýsköpun, hópavinna, gagnrýni, rökstuðningur, kynning.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, hugmyndavinna, skissur og verkleg afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/ mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skriflegar greinargerðir, dagbækur og þátttaka í umræðum. Meta skal þróun og úrvinnslu hugmynda, bæði munnlegra, skriflegra og myndrænna, eigið símat nemenda, umræður og gagnrýni, þátttöku og samvinnu í verkefnum og kynningar og/eða sýningar. Metið skal út frá markmiðum áfangans.

THL 122 Textíl- og markaðsfræði

Áfangalýsing

Lögð er áhersla á mismunandi textílhraefni, eiginleika þeirra, gæði, meðhöndlun, meðferð og notagildi. Mismunandi vef- og prjónaaðferðir með tilbúnum efnum og mismunandi prjóna-, vef- og útsaumsgarn. Nemendur fá innsýn í flókna og fullkomna tölvu- og vélvæðingu í textíliðnaðinum og hvernig hönnun, framleiðsla og markaðssetning helst í hendur. Einnig hvað hefur áhrif á ímynd vöru. Kröfur og réttindi neytenda og hvað hefur áhrif á neysluvenjur og breyttar þarfir. Hönnunarlög og hönnunarvernd. Tengsl greinarinnar við atvinnulíf, vöruþróun og nýsköpun. Einnig samhengið við menningu og listir. Námið er í formi fyrirlestra og verkefnavinnu. Vettvangs- heimsóknir í tengslum við námsefnið væru æskilegar.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki flokkun textílhraefna í náttúru-, dýra- og gervitrefjar og eiginleika þeirra
- þekki mismunandi aðferðir við að vinna ýmis textílhraefni
- þekki mismunandi efnablöndur og eiginleika þeirra
- þekki mismunandi vef- og prjónaaðferðir með tilbúnum efnum
- þekki mismunandi prjóna-, vef- og útsaumsgarn
- viti hvernig efni í fatnað og til hibýla er valið eftir eiginleikum, gæðum og notagildi
- þekki litun efna með tilbúnum taulitum
- þekki gömul íslensk handbrögð, að koma ull í voð
- hafi kembt og spunnið ull á snældu
- geti valið efni út frá gæðaflokkum
- geti flokkað efni út frá trefjum og brunaprófum
- hafi þekkingu á meðferð og hreinsun mismunandi efnablandna
- þekki staðlaðar alþjóðlegar meðferðarmerkingar

- sé meðvitaður um flókna og fullkomna tölvu- og vélvæðingu í textíliðnaðinum
- geti gert greinarmun á vöru sem er verksmiðjuframleidd og handunnin
- geti gert greinarmun á fjöldaframleiddri vöru og sérstæðri hönnun
- viti hvernig hönnun, framleiðsla og markaðssetning helst í hendur
- fái innsýn í hönnunarlög og hönnunarvernd
- viti hvernig litir, umgjörð, fatnaður og framkoma hefur áhrif á ímynd vöru
- fái innsýn í kröfur og réttindi neytenda
- fái innsýn í grundvallarreglur um rekstur fyrirtækja
- fái innsýn í grundvallarlögmál sölusálfræði og markaðssetningar
- sé meðvitaður um breyttar þarfir, tækniframfarir og nýjungar
- sé meðvitaður um náttúrulegar og menningarlegar forsendur sem stýra hönnun
- viti hvernig tiskustraumar hafa áhrif á neysluvenjur
- þekki hlutverk greinarinnar í tengslum við atvinnulífið, þróun og nýsköpun
- þekki markmið og hefðir greinarinnar í tengslum við menningu og listir



Efnisatriði/kjarnahugtök

Textílhraefni, eiginleikar, aðferðir, gæði, notagildi, litun efna, íslensk handbrögð, að kemba og spinna, brunapróf, meðferðarmerkingar, tölvu- og vélvæðing, verksmiðjuframleiðsla, handunnið, markaðssetning, áhrif auglýsinga, vöruþekking, verð og gæði, neytendamál, neysluvenjur, vöruúrval, breyttar þarfir og nýjungar, hönnunarlög og -vernd, tiskustraumar og -áhrif, atvinnulíf, þróun og nýsköpun, tengsl við menningu og listir.

Námsmat

Þekkingu og skilning er unnt að meta með skriflegu prófi í lok áfangans og er æskilegt að það vegi u.þ.b. helming. Verkefnavinna og þátttaka í umræðum vegi þá helming á móti. Matið skal miða við lokamarkmið áfangans.

THL 136 Textílhönnun*

Áfangalýsing

Þetta er blandaður áfangi sem fólgin er í þekkingu á hinum ólíku tækni- og kunnáttusviðum textílhönnunar og hvernig sú þekking nýtist sem möguleiki á listrænu tjáningarformi, þ.e. að „mála“ með nál, þrjónum, efni, þræði o.s.frv.

Áfanginn skiptist í tvennt

Fyrri hlutinn (þrjár einingar): Lögð er áhersla á vinnuaðferðir, tæki og tól, munsturgerð, litasamsetningu o.fl. Unnið er með blandaða tækni og gerðar þrjú, t.d. þrjón, útsaumur (bundinn, frjáls), vefnaður (borð- og gólfvefstóll, myndvefnaður, spjaldvefnaður), þrykk, bútasumur, ásaumur, skinn, knipl, hekl, þæfing o.fl. Unnið er með minnst tvö til þrjú af framantöldum kunnáttusviðum, gerðar þrjú og verkefni.

Seinni hlutinn (þrjár einingar): Verkefni nemenda sem unnið er út frá myndfleti, skúlptúr, fötum eða nytjahlutum. Verkefnavalið er í höndum nemenda í samráði við kennara.

Lögð er áhersla á skapandi, vönduð og skipulögð vinnubrögð í formi hugmyndamöppu sem inniheldur þrjú, tilraunir, vinnulýsingar og vinnuteikningar. Nemendur vinna munsturgerð á tölvu auk annarrar hugmyndavinnu sem tölvutækni býður upp á. Vettvangsheimsóknir í tengslum við námsefnið gætu verið t.d. í ullarverksmiðju, þrjónastofu, til textílhönnuða, tengst skinnaiðnaði o.fl. Æskilegt er að nemendur haldi sýningu á verkum sínum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki hin ólíku tækni- og kunnáttusvið textilhönnunar
- geti nýtt aðferðir, form, liti, munstur og hráefni fyrir listræna tjáningu
- kunnir undirstöðuatriði í vinnuferli minnst tveggja verkþátta textílgreina
- skilji munsturgerð fyrir ólíkar textílgreinar
- þjálfist í litasamsetningu með efni eða garn
- geti unnið munsturgerð og aðra hugmyndavinnu á tölvu
- geti skipulagt vinnu sína og rökstutt val á hráefni og vinnuaðferðum
- kunnir að umbreyta hugmyndum sínum í myndir, skúlptúra, fatnað eða nytjahluti

Efnisatriði/kjarnahugtök

Tækni- og kunnáttusvið textilhönnunar, listræn tjáning, vinnuaðferðir, blönduð tækni, munsturgerð, litasamsetning, þrjón, útsaumur, vefnaður, þrykk, bútasaumur, ásaumur, skinn, knípl, hekl, þæfing, hattasaumur, myndflötur, skúlptúr, nytjahlutir, sköpun, skipulag, tölvuvinna, þrúfur, tilraunir, vinnulýsingar, vinnuteikningar, hugmyndavinna.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, hugmyndavinna, skissur og verkleg afurð, þar með talin þrúfurverkefni. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skriflegar greinargerðir, dagbækur og þátttaka í umræðum. Meta skal þróun og úrvinnslu hugmynda, frumleika og listrænt innsæi, sjálfstæði og skipulag í vinnubrögðum, þátttöku í umræðum og hugsanlegri sýningu. Matið skal fara fram út frá lokamarkmiðum áfangans.

THL 143 Híbýlahönnun

Áfangalýsing

Lögð er áhersla á og kynntir hinir mismunandi möguleikar á textilhönnun í manngerðu umhverfi okkar, t.d. gluggatjöldum, púðum, áklæði, dúkum o.s.frv. Hvaða hlutverki slíkir hlutir gegna í daglegum þörfum okkar og lífsstíl. Tekin eru fyrir gæði og eiginleikar þeirra hráefna sem notuð eru til híbýla. Einnig hverju þarf að taka mið af við útfærslu hugmynda við slíka hönnun, útreikninga, þ.e. við mælingar, efnismagn o.fl. Einnig er lögð sérstök áhersla á hinar mismunandi vinnuaðferðir, bæði er varðar styrkleik, frágang og útlit. Fjallað er um hin ólíku stílbrigði, húsbúnað, lýsingu, liti, verð og gæði, meðferð og meðhöndlun; allt eru þetta þættir sem hafa áhrif á val okkar, lífsstíl og hugmyndafræði. Teknir eru fyrir hinir ólíku hönnunarþættir textilgreina sem tengjast inn í híbýlahönnunina, t.d. þrykk, útsaumur, vefnaður o.fl. Nemendur gera tillögur að nokkrum útfærslum og rýmisteikningar af híbýlum, safna prufum og upplýsingum sem færðar eru inn í hugmyndaþætur. Þeir velja síðan eina hugmynd og fullvinna. Nemendur gera greinargerð um þær forsendur sem liggja að baki hugmyndinni og framkvæmd verksins. Markmiðið er að afurðin hafi notagildi og tengist umhverfi nemandans. Æskilegt er að vettvangsheimsóknir og fyrirlestrar tengist áfanganum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki hina mismunandi möguleika á hönnun nytjahluta í nánasta umhverfi okkar
- þekki gæði og hlutverk gluggatjalda og mikilvægi þeirra í innréttingu híbýla
- þekki gæði og notagildi áklæða og rúmteppa og lit-samspil við gluggatjöld

- þekki notagildi tilbúinna nytjahluta út textíl, s.s. dýna, sænga, handklæða, teppa o.fl.
- geti gert útreikninga út frá mælingum hvað varðar efnismagn og munstrun efna
- kunni að meta vinnuaðferðir varðandi endingu, útlit og frágang
- geti metið og gert samanburð á verði, gæðum, meðhöndlun og meðferð
- þekki hin ólíku stílbrigði og lífsstíl sem tengist nútíma-hibýlum
- þekki hina ólíku hönnunarþætti textílgreina
- geti gert rýmisteikningu af hibýlum
- geti unnið hugmynd út frá sínu nánasta umhverfi
- geti rökstutt forsendur og framkvæmd verksins
- geti unnið með tölvur í tengslum við verkefni sín

Efnisatriði/kjarnahugtök

Hibýli, umhverfi, daglegar þarfir, lífsstíll, hráefni, gluggatjöld, púðar, áklæði, dúkar, hugmyndir, vinnuaðferðir, vinnulýsingar, vinnuáætlanir, útreikningar, vinnuteikningar, notagildi, styrkleiki, verð og gæði, útlit, stílbrigði, lit-samsetning, lýsing, húsbúnaður, verkþættir textílhönnunar, hugmyndavinna.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, hugmyndavinna, skissur og verkleg afurð, þar með talin profuverkefni. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skriflegar greinargerðir, dagbækur og þátttaka í umræðum. Meta skal þróun og úrvinnslu hugmynda, frumleika og listrænt innsæi, sjálfstæði og skipulag í vinnubrögðum, eigið símat nemenda og þátttöku í umræðum. Matið skal fara fram út frá lokamarkmiðum áfangans.

THL 203 Fatahönnun – tískuteiknun, sniðteikning, fóður, teygjanleg efni

Undanfari: THL 103

Áfangalýsing

Lögð er áhersla á útfærslu eigin hugmynda út frá grunn-sniðum og sniðútfærslum í minni skólum. Þjálfun í skapandi og sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur eiga að skilgreina forsendur og skipuleggja vinnuferli. Mikilvægt er að nemandinn þroski og þrói með sér tilfinningu fyrir formi, litum, notagildi og listrænu yfirbragði. Tölvunotkun varðandi hugmyndavinnu og upplýsingaöflun. Aukin færni í símati eigin hugmynda og framkvæmd verksins. Lögð er megináhersla á það hvernig sauma á yfirhöfn, fóðra flik og sauma í teygjanleg efni. Nemendur læra mikilvæga grunnvinnu sem er fólgin í að sauma prufuflikur, máta á gínu og gera sniðbreytingar. Einnig kunnáttu í að vinna með snið fyrir dömu-, herra- og barnafatnað. Aukin þekking á sniðútfærslum fyrir mismunandi vaxtarlag. Kynning á sérhönnun á íprótta-, einkennis- og vinnufatnaði auk fatnaðar fyrir fatlaða. Vettvangsheimsóknir og fyrirlestrar tengdir námsefninu. Þátttaka í sýningu er æskileg.

Áfangamarkmið

Nemandi

- skilji skýringar- og leiðbeiningartexta
- skilji skýringarmyndir
- hafi náð tókum á orðaforða greinarinnar
- hafi tamið sér vandvirkni og skipulag
- hafi þjálfast í skapandi og sjálfstæðum vinnubrögðum
- kunni að taka mál og máta
- hafi góða færni í að sníða og sauma á saumavél
- geti unnið bæði með dömu-, herra- og barnasnið
- hafi tileinkað sér þjálfunarpætti í prufugerð í tengslum við verkefnavalið

- geti unnið prufuflíkur á gínu, lagfært og skráð breytingar
- hafi lært að fódra flik
- geti nýtt grunnsnið við að útfæra fódraða flik út frá eigin hugmynd
- hafi lært skipulagða vinnu við fóðurisetningu
- þekki og skilji muninn á teygjanlegum og föstum efnum varðandi efnis- og sniðval
- hafi fengið þjálfun í að vinna með teygjanleg efni
- geti útfært flik úr teygjanlegu efni
- geti skráð hugmyndir sínar í formi skissuvinnu og tísku-teiknunar í hugmyndabækur
- kunni að vinna sniðútfærslur eigin hugmynda í 1/4 og 1/8 skala eða 1/2 stærð grunnsniða
- kunni að yfirfæra sniðútfærslur í minni skala í fulla stærð með notkun grunnsniða
- geti unnið vinnuáætlun, vinnulýsingar og vinnuteikningar í dagbækur
- geti rökstutt forsendur fyrir hönnun sinni út frá snið-, efnis- og litavali
- geti endurmetið hugmynd sína og framkvæmd verksins á mismunandi stigum
- geti nýtt sér tölvu við tískuteiknun og vinnulýsingar
- þekki mismunandi vaxtarlagseinkenni og geti nýtt sér það við sniðval
- hafi kynnst sérhönnun á íþrótt- og einkennisfatnaði auk fatnaðar fyrir fatlaða

Efnisatriði/kjarnahugtök

Hugmyndavinna, greinargerð, útlitsteikningar, vinnuáætlanir, vinnulýsingar, efnisval, litaval, sniðval, tískuteiknun, vinnuteikningar, dömu-, herra- og barnasnið, grunnsnið, sniðútfærslur, prufuflíkur, mátun á gínu, fódruð flik, teygjanleg efni, sérhönnun.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, hugmyndavinna, skissur og verkleg afurð, þar með talin útfærsla á sniðum, profusaumur og profuflíkur. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skriflegar greinargerðir og þátttaka í umræðum. Meta skal tækni- og fræðilega færni. Auk þess skal meta hugmyndavinnu, skilgreindar forsendur fyrir hönnuninni, úrvinnslu hugmynda, framvindu og skipulagningu verksins og sniðútfærslur í minni skala og eigið mat í tengslum við verkefnavalið, þátttöku í umræðum og hugsanlegri sýningu. Metið skal út frá markmiðum áfangans.

THL 212 Tölvustudd hönnunar- og hugmyndavinna

Undanfari: THL 112 203

Áfangalýsing

Lögð er áhersla á að vinnan, sem fram fer í þessum áfanga, sé hliðstæð þeim áföngum sem eru í boði á sömu önn. Lögð er megináhersla á hönnunar- og hugmyndavinnu varðandi munsturgerð, tískuteiknun, þrívíddarteikningu/rýmisteikningu, sniðútfærslur, sniðbreytingar út frá vaxtarlagi, sniðbreytingar út frá hugmyndum, hvernig snið er lagt út á efni eftir efnisbreidd og breytingu sniða í mismunandi stærðir (gradering). Auk þess er mikilvægt að nemendur geti notað tölvu til upplýsingaöflunar og kynningar á eigin hönnun. Áhersla er lögð á að nemendur geti tileinkað sér allar þær nýjungar sem tölvuvinna býður upp á hverju sinni og að áfanginn mótist af þeim nýjungum. Verkefnavinna, vettvangsheimsóknir, kynning og sýning á verkum nemenda í tengslum við námsefni og verkefnaval.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti unnið munsturgerð á tölvu
- geti unnið tískuteiknun á tölvu
- geti unnið þrívíddarteikningu/rýmisteikningu á tölvu
- geti unnið ýmsar sniðútfærslur á tölvu
- geti skipulagt sniðagerð á tölvu
- geti unnið með stærðir (graderað) á tölvu
- geti notað möguleika tölvu til þess að þróa listræna og skapandi hugsun
- geti notað tölvu til upplýsingaöflunar og kynningar á eigin hönnun
- geti tileinkað sér nýjungar í tölvuvinnu

Efnisatriði/kjarnahugtök

Hönnun, hugmyndir, munsturgerð, tískuteiknun, þrívídd-arteikning, rýmisteikning, sniðútfærslur, sniðbreytingar, upplýsingaöflun, markaðssetning, nýjungar.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, hugmyndavinna, skissur og verkleg afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skriflegar greinargerðir og þátttaka í umræðum. Meta skal þróun, útfærslu hugmynda og frumleika, eigið símat nemenda, þátttöku í umræðum og kynningu eða sýningu. Matið skal fara fram út frá loka-markmiðum áfangans.

THL 303 Fata- og textílhönnun - hannað innskot

Undanfari: THL 203

Áfangalýsing

Gengið er út frá nokkrum þjálfunarbáttum í samhengi við hugmyndavinnu varðandi hönnun, sk. hannað innskot.

- Munsturgerð og litasamsetning fyrir þrjón, útsaum, þrykk eða vefnað sem nota á í flik, t.d. gömul munstur, jurtalitað garn o.fl. Fyrirmynd í sögulegu samhengi, þ.e. hugmynd úr bókum, blöðum, leikritum, kvikmyndum o.fl. sem sýnir fatnað frá ýmsum tímabilum. Hugmyndin er síðan yfirfærð í nýjan búning sem hluti af flik eða öll flikin.
- Tilraunahönnun í efnis-, snið- og/eða litavali, t.d. að blanda saman þrjóni og ofnu efni eða nota „önnur“ efni, eins og segl, plast, málma, óunna ull, skinn, roð o.fl.
- Sprettu upp gamalli flik, endurnýta eða nota sniðið sem hugmynd í nýja flik, nota gömul snið og bera saman við ný, breyta og sauma.

Kynntir eru allir möguleikar á hönnuðu innskoti. Nemendur velja síðan tvö af ofanefndum verkefnum. Gera greinargerð um forsendur, safna og afla upplýsinga, gera útlitsteikningar, vinnuáætlun, vinnulýsingar, vinnuteikningar og færa inn í safn- og hugmyndabækur. Útfæra sniðin í minni skala, fullvinna sniðið eða vinna beint á gínu (drapera). Kynnt sérhönnun á búningum fyrir leikhús og skemmtanaíðnaðinn, þjóðbúningar, danskjólar o.fl. Vettvangsheimsóknir á vinnustaði þar sem unnið er með „önnur“ efni, flóamarkaði, Rauða krossinn, Sorpu o.fl. Nemendur kynna og sýna eigin verk.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti beitt verklagi og verkfærum greinarinnar
- kunni skil á forsendum hönnunar hvað varðar tilraunir, rannsóknir og notagildi
- kunni skil á forsendum hönnunar hvað varðar nýsköpun
- kunni skil á forsendum hönnunar hvað varðar sögu og hefðir
- kunni skil á forsendum hönnunar hvað varðar reynslu og notkun
- geti rökstutt verkefnaval sitt út frá fagurfræði, gæða- og hagnýtissjónarmiðum
- geti útfært eigin hugmynd og fylgt eftir þróun verksins frá upphafi til enda
- geti skipulagt vinnuferlið raunhæft miðað við tímapátt, tilgang og hráefni
- geti haldið dagbók yfir framkvæmd verksins
- geti nýtt sér upplýsingatækni og aðra miðla við hugmyndavinnu
- noti hugmynda- og safnbækur sem hluta af verkefnavinnu
- læri að vinna með „önnur“ efni og þekki eiginleika þeirra
- geti unnið flik beint á gínu (draperað)
- fái innsýn í sérhönnun fyrir leikhús og skemmtanaíðnað
- öðlist þekkingu á sérhönnun á þjóðbúningum
- geti kynnt eigin verk og tekið þátt í sýningu
- sé fær um að ræða opinskátt um verk sín
- geti á meðvitaðan og gagnrýninn hátt fjallað um verk annarra
- geti tekið gagnrýni frá öðrum og nýtt sér hana á jákvæðan hátt

Efnisatriði/kjarnahugtök

Hannað innskot, þrjón, útsaumur, þrykk, vefnaður, sögulegt samhengi, tilraunahönnun, gömul flík, gamalt snið, endurnýjun, „önnur“ efni, útlitsteikning, safn- og hugmyndabækur, þjóðbúningar, leikbúningar.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, hugmyndavinna, skissur og verkleg afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skriflegar greinargerðir, dagbækur og þátttaka í umræðum. Nemendur geta lagt fram dag-, hugmynda- og safnbækur sem metnar eru út frá hugmyndavinnu, greinargerð, útlits- og vinnuteikningum, vinnuáætlunum og vinnulýsingum. Meta skal þróun, úrvinnslu hugmynda og hugmyndaauðgi hvað varðar form, liti, notagildi og listrænt yfirbragð, eigið símat nemandans, þátttöku í kynningu eða sýningu. Matið skal miðast við lokamarkmið áfangans.

THL 406 Þemavinna, lokaverkefni

Undanfari: THL 112 122 AHS 313

Áfangalýsing

Lögð er áhersla á að nemendur vinni sjálfstætt að hönnunarverkefni í formi þemavinnu. Vinnan er fólgin í upplýsingaöflun, vettvangsheimsóknnum og viðtölum í tengslum við verkefnavalið. Nemendur skila vandaðri hugmyndavinnu, fylgja skipulögðu vinnuferli í formi dagbókar, safn- og hugmyndamöppu þar sem tilgreindar eru forsendur fyrir hugmyndinni, framkvæmd og framvindu verksins auk undirbúnings-, tilrauna- eða rannsóknarvinnu. Nemendur vinna einnig hugmyndavinnu og útfærslur á tölvu. Einnig halda nemendur kynningu og fyrirlestur á verkum sínum og taka þátt í sýningu. Lokamarkmiðið er að koma afurð sinni á framfæri. Lögð er einnig sérstök áhersla á tengsl við vinnustaði tengda fata- og textilhönnun.

Áfangamarkmið

Nemandi

- sé fær um að taka sjálfstæða ákvörðun varðandi verkefnaval
- hafi þjálfast í sjálfstæðum, faglegum og skapandi vinnubrögðum varðandi framkvæmd verksins
- sé fær um að skilgreina forsendur og þörf og afla upplýsinga
- geti hugleitt útlit, notagildi, öryggi og áreiðanleik
- geti metið gildi hönnunar út frá fagurfræði
- geti sett fram vinnuáætlun og greint verkþætti
- kunnir að útfæra hugmyndavinnu og teikningar á tölvu
- geti unnið vandaða hugmyndavinnu í formi eigin teikninga, prufna, ljósmynda o.fl.
- geti endurmetið hugmyndir sínar og framkvæmd verksins á öllu vinnuferlinu

- sé fær um að rýna í eigið verk og rökstyðja niðurstöður bæði munnlega og skriflega
- geti komið vinnu sinni á framfæri í formi kynningar eða sýningar
- hafi fengið innsýn í atvinnusvið fata- og textilhönnunar

Efnisatriði/kjarnahugtök

Sjálfstæð, skapandi og skipulögð vinnubrögð, vinnuáætlun, þemavinna, hugmyndavinna, símat, kynning, fyrirlestur, sýning.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, hugmyndavinna, skissur og verkleg afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skriflegar greinargerðir, dagbækur og þátttaka í umræðum. Meta skal þróun, úrvinnslu hugmynda, símat nemenda og frumleika út frá fagurfræði og listrænu innsæi. Skrifleg og munnleg greinargerð á verkefnavali auk kynningar eða sýningar á niðurstöðum. Matið skal fara fram út frá lokamarkmiðum áfangans.

AHS 103 Tækni og verkmenning fram yfir miðja 19. öld

Undanfari: LIM 103 113
(sjá námskrá í almennri hönnun)

AHS 203 Hönnun, tækni og verkmenning frá miðri 19. öld fram yfir miðja 20. öld

Undanfari: AHS 103
(sjá námskrá í almennri hönnun)

Nemendur í handverkshönnun taka allir tvo sameiginlega áfanga í almennri hönnunar- og stílsögu og eru þessir áfangar hinir sömu og nemendur í almennri hönnun taka. Nemendur í handverkshönnun geta þó lagt sérstaka áherslu á sín sérsvið í verkefnum og rannsóknum. Einn áfangi innan inntakspáttarins sögulegt og félagslegt samhengi tekur mið af sérgrein innan handverkshönnunar.



AHS 313 Fata- og textílsaga

Undanfari: LIM 203 AHS 203

Áfangalýsing

Megináhersla er lögð á að fylgja eftir þróun í fata- og textílsögu fram til dagsins í dag. Sérstaklega er tekin fyrir íslensk menningararfleifð, íslenski þjóðbúningurinn, íslensk ullarhönnun og skinnaframleiðsla. Einnig er lögð áhersla á það hvernig staðið er að varðveislu og samtímasöfnun textíls. Þá er tekið fyrir hvernig fatnaður talar til okkar hvað varðar stéttarstöðu, lífsstíl, hóptilfinningu, at-hafnir og hefðir. Saga og umfjöllun um fylgihluti fatnaðar, s.s. skó, hatta, töskur, sokka o.fl. Hvenær og hvernig tískan varð að markaðsvöru og hvernig unglingatískan mótaðist. Hvernig fatatískan mótar og hefur áhrif á hið manngerða umhverfi og nýsköpun. Uppdrættir og teiknivinna af fatnaði fólks frá ýmsum tímabilum. Vettvangsheimsóknir, ritgerðasmíði, myndbönd, litskyggnur, ljósmyndir og safnbækur auk annarrar upplýsingaöflunar í tengslum við námsefnið.

Áfangamarkmið

Nemandi

- viti hvernig staðið er að varðveislu gamals textíls
- þekki til samtímasöfnunar
- geti aflað sér heimilda um sögu textíls í umhverfi sínu og nýtt sér gamlar hefðir
- hafi öðlast þekkingu á sögu íslensks textíls
- þekki hlut textíls á sviði alþýðulistar
- þekki gerð og notkun íslenska þjóðbúningsins
- þekki þróun íslenskrar ullarhönnunar og skinnaframleiðslu
- þekki hlutverk textíls í trúarlegu samhengi
- þekki hlutverk textíls í skreyti- og rýmishönnun
- þekki til hinna mismunandi forsendna hvað varðar samfélagslega stöðu fatnaðar

- viti hvernig fatnaður mótar og hefur áhrif á athafnir og hefðir
- þekki til sögu hinna mismunandi fylgihluta fatnaðar
- geri sér grein fyrir nýjum straumum í markaðs- og framleiðsluaðferðum
- geri sér grein fyrir því hvernig tískuheimurinn starfar
- viti hvernig unglingatískan mótaðist
- hafi þjálfast í teiknivinnu með fatnað ýmissa stíltímabila
- geri sér grein fyrir tískustraumum, áhrifum og fyrirmyndum
- þekki samtímastrauma og -stefnur í textilhönnun
- þekki til helstu textilhönnuða á öldinni
- geti nýtt sér miðla upplýsingatækninnar við öflun heimilda um textíl

Efnisatriði/kjarnahugtök

Alþýðulist, varðveisla, samtímasöfnun, saga og þróun verkþátta, straumar og stefnur, fatnaður, stílbrigði, listsköpun, þjóðfélags- og menningarleg áhrif, véla- og tækni-framfarir, nýir straumar, náttúruauðlindir, veðurfar, íslensk menningararfleifð, íslenski þjóðbúningurinn, stéttarstaða, lífsstíll, athafnir, hefðir, fylgihlutir fatnaðar, markaðsvara, unglingatíska, manngert umhverfi, nýsköpun, hönnuðir, uppdrættir, upplýsingaöflun.

Námsmat

Unnt er að meta þekkingu nemenda og skilning á forsendum textilhönnunar með skriflegu prófi í lok áfanga sem vegi u.þ.b. helming af lokamati. Verkefna- og umræðuvinna helming á móti. Matið skal miðast við markmið áfangans.



Kjörsvið margmiðlunarhönnunar Áfangar

MHL 103 Nærsamfélagið: margmiðlun

Undanfari: LIM 113 SJL 103

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur að búa til gagnvirkt margmiðlunarkerfi. Efniviður vinnunnar er nánasta samfélag nemenda sem þeir greina út frá sínum eigin forsendum. Niðurstöðu þessarar greiningar túlka þeir síðan á einföldu gagnvirku formi. Áfanginn byggist á verkefnisvinnu („prójekt“- vinnu) þar sem nemendur vinna í litlum hópum, skipuleggja vinnuna út frá markmiðum áfangans, vinna síðan eftir því skipulagi á gagnrýninn hátt og endurskipuleggja sig eftir þörfum. Í hverri viku eru skipulagðir umræðutímar þar sem hóparnir gera grein fyrir vinnu sinni og gagnrýna störf hver annars.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kunni að skipuleggja einfalt gagnvirkt upplýsingakerfi
 - kunni að notfæra sér möguleika á að tengja saman texta og myndir á gagnvirkan hátt
 - þekki forsendur og tækni að baki gagnvirkri miðlun
- kunni vinnubrögð verkefnisvinnu („prójekt“-vinnu)
 - kunni að skipuleggja vinnu í frjálsum hópastarfi
 - þekki til hugmyndavinnuaðferða í frjálsum hópastarfi
- geti greint og skilgreint ólíkar þarfir einstaklings í margbreytilegu samfélagi
 - sýni færni í að afla upplýsinga um samfélagið
 - sýni getu til þess að meta samfélagsleg álitamál á hlutlægan hátt
 - kunni að lesa úr upplýsingum ólíkra miðla, þ.m.t. tölfræðilegum gögnum
 - þekki kosti lýðræðislegra vinnubragða og gildi þeirra við úrlausn vandamála í samfélaginu

- hafi þróað hæfileika sína til skapandi og gagnrýnnar hugsunar
- geti sett fram niðurstöður sínar á einfaldan og skýran hátt
- geti tekið á virkan hátt þátt í umræðu um verkefni sín og annarra nemenda

Efnisatriði/kjarnahugtök

Margmiðlun, gagnvirkni, Netið, tengingar, millivísanir, kerfisskipulag, lýðræði, rökfræðireglur, rökvillur, siðferði, samfélag, menning, mismunandi hópar, stofnanir, einstaklingar, hlutverk, gagnrýnin hugsun, táknmál, tungumál, myndræn framsetning, tengsl texta og myndar.

Námsmat

Námsmatið getur verið í formi símats þar sem kennarinn skrái stöðugt árangur vinnu nemenda við verkefnið og vegi það u.þ.b. 30%, kennari metur afrakstur vinnu hvers hóps fyrir sig þegar þáttaskil verða í náminu og vegi það u.þ.b. 50% og þátttöku einstakra nemenda í vikulegum umræðum, u.þ.b. 20%.

MHL 203 Kyrr tvívídd: stafræn ljósmyndun

Undanfari: MHL 103 SJL 103

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur að beita aðferðum stafrænnar ljósmyndunar til að tjá hugmynd sína og tilfinningu fyrir umheiminum. Taka ljósmyndir, vinna þær í tölvu og ganga frá þeim til birtingar. Mikil áhersla er lögð á meðvitund nemenda um inntak og uppbyggingu bæði innan einstakra mynda og í samhengi innan myndraða. Hér eru nemendur hvattir til að skoða vel þá sýn sem myndir þeirra birta af umheiminum. Tveir þættir vega því þyngst í vinnunni: annars vegar ferlið sköpun, túlkun og tjáning þar sem nemendur vinna að eigin verkefnum innan ákveðins ramma sem kennari ákveður, hér taka nemendur myndir, skoða og vinna til birtingar; og hins vegar ferlið skynjun, greining og mat þar sem nemendur greina eigin verk, verk sammemenda og valin verk úr ljósmyndasögunni með til-
liti til inntaks og mynduppbyggingar.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti beitt ljósmyndavél af öryggi við ólíkar aðstæður til að ná fram fjölbreyttu myndefni
 - skilji hvernig stilling á ljósopi hefur áhrif á fókusdýpt myndar
 - skilji hvernig mismunandi vídd linsu hefur áhrif á dýpt myndflatar
 - geti metið hvaða tókuraði er heppilegastur við ólíkar aðstæður eftir því hvort ná skal fram skerpu í mynd eða hvort hún á að vera hreyfð
 - kunni skil á áhrifum mismunandi filmuhraða á myndina
 - kunni skil á tengslum ljósops, tókuraða og filmuhraða

- kunni að stilla vélina til að ná hámarksgæðum við óvenjuleg kontrastskilyrði í umhverfi
- kunni skil á því hvernig mismunandi sjónarhorn og afstaða vélar hefur áhrif á merkingu myndar
- geti nýtt sér tölvutækni til að fullvinna ljósmynd á fjölbreyttan hátt til útgáfu
 - kunni að skanna mynd inn í hámarksgæðum
 - kunni að velja upplausn skönnunar með tilliti til lokastærðar myndar og tilvonandi útgáfuupplausnar
 - kunni að nota mismunandi vistunar- og þjöppunarforsendur ljósmynda m.t.t. birtingarmáta myndar
 - kunni að stilla birtu, kontrast og litblæ myndar í tölvu
 - kunni að stilla lita- og grátónadýpt myndar í tölvu
 - kunni að nýta sér helstu filtera sem nota má til að bjaga og breyta blæ myndar í tölvu
- geri sér grein fyrir áhrifum mismunandi mynduppbyggingar á merkingu ljósmynda
 - skilji hvernig mismunandi sjónarhorn breytir merkingu myndar
 - skilji hvernig ólíkt rými, sem túlkað er á myndfletinum, breytir merkingu myndar
 - skilji hvernig afstaða myndefnis til ljósmyndara breytir merkingu myndar
 - skilji hvernig mismunandi línur og áherslur í mynd geta breytt merkingu myndar
 - skilji hvernig ólík ták, sem birtast í myndum, geta breytt merkingu myndar
 - skilji tengsl myndefnis myndar við þær aukamerkingar sem hún getur falið í sér
 - skilji hvernig ólíkt samhengi, sem ljósmyndir birtast í, getur breytt merkingu þeirra
 - geri sér grein fyrir því hvernig hafa má áhrif á merkingu mynda með því að stilla þeim saman á mismunandi hátt



- sé fær um að fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt og gera grein fyrir forsendum
 - sé fær um að ræða opinskátt um þær hugmyndir sem hann er að reyna að túlka í verkum sínum
 - sé fær um að ræða um og gagnrýna myndir samnemenda sinna á uppbyggilegan hátt
 - sé fær um að taka gagnrýna afstöðu til verka þekktra ljósmyndara og túlka þau í ræðu og riti
- geti sýnt fram á að hann sé fær um að þróa myndhugmyndir sínar áfram á meðvitaðan og gagnrýninn hátt
- geti sýnt fram á að hann geti nýtt sér ljósmyndun sem miðil til að tjá skoðanir sínar og hugmyndir um samfélag sitt

Efnisatriði/kjarnahugtök

Ljósop, fókusdýpt, sjónarhorn, skerpa, kontrast, grátónadýpt, mismunandi birtuskilyrði, myndbygging, symmetría/asymmetría, gullinsnið, skannupplausn, bjögun, umbreyting, skerping, myndblöndun, litstillingar, birtukúrfa, myndmál, persónuleg afstaða, hugmyndavinna, samhengi innan myndraðar, hugmyndaþróun, táknmál, afstaða ljósmyndara og myndefnis.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á tæknilega færni, bæði við ljósmyndunina og úrvinnsluna, og hugmyndaauðgi og frumleika sem kemur fram í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

MHL 213 Kyrr tvívídd: grafísk hönnun

Undanfari: SJL 103

Áfangalýsing

Við lok áfangans á nemandinn að hafa tileinkað sér færni í að koma upplýsingum og skoðunum skilmerkilega á framfæri á tvívíðum fleti. Í áfanganum læra nemendur að hanna síður, bæði fyrir prent- og skjámiðla. Þeir læra reglur um textasetningu og gera tilraunir með fjölbreytta uppsetningu á texta. Þeir kynnst einnig reglum um notkun mynda í skipulagi síðu. Mikil áhersla er lögð á að nemendur séu sér ætíð meðvitaðir um tengsl innihalds og útlits síðunnar. Tveir þættir vega því þyngst í vinnu annarinnar: annars vegar ferlið sköpun, túlkun og tjáning þar sem nemendur vinna að einstökum verkefnum og frelsi þeirra til útfærslu eigin hugmynda eykst þegar líður á áfangann; og hins vegar ferlið skynjun, greining og mat þar sem nemendur greina eigin verk, verk samnemenda og verk þekktara hönnuða með tilliti til inntaks og uppsetningar efnisins.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kunnir að vinna með myndefni og texta á síðu
 - þekki forsendur myndbyggingar á síðu
 - kunnir skil á mismunandi tegundum leturs
 - þekki íslenskar grunnreglur í textasetningu
 - skilji tilgang og virkni þeirra þátta sem byggja upp síðu: fyrirsagnar, textadálka, mynda o.þ.h.
- þekki tæknilegar forsendur prentunar og birtingar
 - skilji hvaða forsendur eru að baki letursetningu, birtingu og útprentun í prent- og skjámiðlum
 - skilji hvaða forsendur eru að baki myndbirtingu í prent- og skjámiðlum
- kunnir skil á mismunandi hönnun síðna með tilliti til ólíks efnis og tilgangs

- sé fær um að fjalla um og meta eigin hönnunarverk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt og gera grein fyrir forsendum
 - sé fær um að ræða opinskátt um þær hugmyndir sem hann er að reyna að túlka í verkum sínum
 - sé fær um að ræða opinskátt um og gagnrýna hönnunarverk samnemenda sinna á uppbyggilegan hátt
 - sé fær um að taka gagnrýna afstöðu til verka þekktra grafískra hönnuða og túlka þau í ræðu og riti
- geti sýnt fram á að hann sé fær um að þróa myndhugmyndir sínar á meðvitaðan og gagnrýninn hátt

Efnisatriði/kjarnahugtök

Skrift, letur, latneskt letur, fornaskrift, brotaletur, hástafaletur, letursetning, prenttækni, síðuútlit, textadálkar, fyrirsgagnir, upphafsstafur, myndskreytingar, bakgrunnur, myndbygging, jafnvægi í síðu, áhersluatriði, litanotkun, tengsl útlits og innihalds, táknfræði, siðferði í hönnun, þróun hugmynda.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á tilfinningu nemenda fyrir myndbyggingu, meðferð þeirra á myndefni og texta og samspili þessara þátta, hvernig umgjörð hæfir innihaldi, hugmyndaauðgi og frumleika sem kemur fram í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

MHL 304 Kyrr tvívídd: verkstæði

Undanfari: MHL 203 213 MHS 103

Áfangalýsing

Við lok áfangans á nemandinn að hafa þróað og ígrundað framsetningu á hugmyndum og upplýsingum með aðferðum margmiðlunar. Í áfanganum vinna nemendur að sjálfstæðum verkefnum á sviði margmiðlunarhönnunar. Þeir skilgreina eigin verkefni á sínu áhugasviði í samráði við kennara. Ef um viðameiri verkefni er að ræða er sá möguleiki fyrir hendi að fleiri en einn standi að sama verkefni. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér meðvitað og sjálfsgagnrýnið vinnuferli frá fyrstu hugmynd til lokafrágangs. Samhliða eigin verkefnavinnu ræða nemendur skipulega verkefni hver annars og kanna einnig viðfangsefni fagmanna á þessu sviði. Merkingarfræði miðlunar skipar ríkulegan sess sem undirstaða umræðnanna og sjálfsgagnrýni nemenda.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kunni að setja fram efni og hugmyndir af öryggi á tvívíðum fleti
 - sýni öryggi í uppsetningu og myndbyggingu
 - sýni að hann getur sett saman myndir og texta á tvívíðum fleti á áhrifaríkan hátt
 - sýni að hann getur tengt saman ólíka þætti verks á skýran hátt, hvort sem um er að ræða síður og efni í prenthönnun eða síður í gagnvirku kerfi
- geti unnið út frá persónulegum hugmyndum sínum á sviði margmiðlunar
 - hafi þjálfast í að móta sínar eigin hugmyndir
 - sýni að hann getur unnið hugmynd á skipulagðan hátt yfir í lokaafurð
 - geti metið merkingu eigin framsetningar á öllum stigum ferlisins

- geti beitt sér af rökfestu við að greina og gagnrýna hugmyndir og vinnu annarra á sviði margmiðlunar
 - sé fær um að ræða opinskátt um og gagnrýna hugmyndir og verk samnemenda sinna á uppbyggilegan hátt
 - sé fær um að taka gagnrýna afstöðu til verka á sviði margmiðlunar og túlka þau í ræðu og riti

Efnisatriði/kjarnahugtök

Margmiðlun, Netið, síðuhönnun, útlitshönnun, tengsl myndar og texta, innbyrðis tengsl í verkefni, grunnskipulag, vinnuferli frá hugmynd að afurð, útlit og innihald, gagnrýnin hugsun.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á tilfinningu nemenda fyrir myndbyggingu, meðferð þeirra á myndefni og texta og samspili þessara þátta, tengingar á milli einstakra þátta verksins, hvernig umgjörðin hæfir innihaldi, hugmyndaauðgi og frumleika sem kemur fram í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

MHL 313 Tvívídd, hreyfimyndir: myndbandagerð

Undanfari: MHL 203

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur að beita aðferðum kvikmyndunar til að tjá hugmynd sína og tilfinningu fyrir umheiminum. Þeir læra allar helstu aðferðir við framleiðslu myndbands, frá hugmyndavinnu og handritagerð til klippingar og lokafrágangs. Rík áhersla er lögð á greiningu nemenda á áhrifum þess myndstíls sem þeir beita í verkum sínum. Einnig rannsaka nemendur myndefni úr samtíma sínum og greina merkingu þess og möguleg áhrif. Tveir þættir vega þýngst í vinnunni: annars vegar sköpun, túlkun og tjáning þar sem nemendur vinna að eigin verkefnum innan ákveðins ramma sem kennari ákveður, hér vinna nemendur að smáum og stórum kvikmyndaverkefnum; og hins vegar skynjun, greining og mat þar sem nemendur greina eigin verk, verk samnemenda og valin verk samtímakvikmyndagerðarmanna og annarra samtímalistamanna með tilliti til inntaks, stílbrigða og tækni.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti búið til einföld myndbönd
 - þekki forsendur einfaldrar handritagerðar fyrir myndbönd
 - sýni að hann geti notað myndbandstökuvél af öryggi
 - geti nýtt sér nokkur stílbrögð við kvikmyndun
 - kunni að klippa saman mynd
 - kunni vinnubrögð við titlun
 - kunni einfaldrar aðferðir við hljóðsetningu
- geri sér grein fyrir áhrifum stílbrigða á merkingu kvikmyndar
 - skilji hvernig sjónarhorn hefur áhrif á merkingu myndar

- skilji hvernig klippistill breytir merkingu myndar
- skilji hvernig tónlist og hljóð mótar merkingu myndar
- taki þátt í hóp sem deilir með sér verkum við gerð myndar
- sé fær um að fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt og gera grein fyrir forsendum
- sé fær um að ræða opinskátt um þær hugmyndir sem hann er að túlka í verkum sínum
- sé fær um að ræða opinskátt hugmyndir og kvikmyndir samnemenda sinna á uppbyggilegan hátt
- sé fær um að taka gagnrýna afstöðu til kvikmyndaefnis og túlka í ræðu og riti
- geti sýnt fram á að hann sé fær um að þróa myndhugmyndir sínar á meðvitaðan og gagnrýninn hátt
- geti sýnt fram á að hann geti nýtt sér kvikmyndun sem miðil til að tjá skoðanir sínar og hugmyndir um umhverfi sitt

Efnisatriði/kjarnahugtök

Myndband, kvikmyndun, stuttmynd, heimildarmynd, auglýsing, tónlistarmyndband, listaverk, táknmál, afstaða til myndefnis, handrit, hugmynd, söguþráður, textahandrit, persónusköpun, „storyboard“, leikstjórn, kvikmyndun, tökuskipulag, sjónarhorn, dýpt myndflatar, nærmynd, hálfmynd, heilmynd, yfirlitsmynd, súm, pan, línuleg og ólínuleg klipping, titlun, hljóðsetning.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, handrit, tilraunir, myndefni, myndbönd o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á tæknilega færni við handritagerð, skipulag, kvikmyndun og eftirvinnslu og hugmyndaauðgi og frumleika sem kemur fram í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

MHL 323 Tvívídd, hreyfimyndir og sýndarþrívídd: teiknimyndagerð

Undanfari: MHL 213

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur að búa til hluti og umhverfi í sýndarþrívídd og að vinna teiknaðar hreyfimyndir. Þeir læra einfalda tækni við hugmyndavinnu, skissugerð og skipulag þrívíddar og teiknaðra hreyfimynda. Mikil áhersla er lögð á táknræn, sálfræðileg og merkingarleg áhrif þeirra mynda og hugmynda sem nemendur eru að vinna með. Hér eru nemendur hvattir til að skoða vel áhrif þess sýndarheims sem þeir eru að skapa í verkum sínum. Tveir þættir vega þyngst í vinnunni: annars vegar sköpun, túlkun og tjáning þar sem nemendur vinna að eigin verkefnum innan ákveðins ramma sem kennari ákveður, hér þróa nemendur hugmyndir sínar, skissa og vinna þær síðan með aðstoð tölvu þar til þær eru tilbúnar til birtingar í ákveðnu samhengi; og hins vegar skynjun, greining og mat þar sem nemendur greina eigin verk, verk samnemenda og verk úr myndumhverfi sínu með tilliti til áhrifa, inntaks og mynduppbyggingar.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kunni að búa til einfalda hluti og umhverfi í sýndarþrívídd
 - geti nýtt sér helstu aðferðir við að forma og móta hluti í sýndarþrívídd
 - kunni að tengja saman hluti í sýndarþrívídd
 - kunni að vinna með mismunandi efnisáferð, lit og gljáa á hlutum í sýndarþrívídd
 - geti hannað markvissa ljósnotkun í sýndarþrívídd
 - geti hannað umhverfi og bakgrunn við hluti í sýndarþrívídd

- kunningu vinnubrögð við hönnun teiknaðra hreyfimynda
 - kunningu að leggja drög að verki með skissum
 - kunningu að skipuleggja hreyfingu hluta og persóna
 - kunningu að vinna með mismunandi plön bakgrunns og atburða
- grein sé grein fyrir áhrifum stílbrigða á merkingu hreyfimynda og þrívíddarmynda
 - skilji hvernig sjónarhorn hefur áhrif á merkingu myndar
 - skilji hvernig uppröðun sena og atburða breytir merkingu myndar
 - skilji hvernig mismunandi teiknistíll og áferð breytir merkingu myndar
- sé fær um að fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt og gera grein fyrir forsendum
 - sé fær um að ræða opinskátt um þær hugmyndir sem hann er að reyna að túlka í verkum sínum
 - sé fær um að ræða opinskátt um og gagnrýna hugmyndir og verk samnemenda sinna á uppbyggilegan hátt
 - sé fær um að taka gagnrýna afstöðu til sýndarþrívíddarverka og teiknaðra hreyfimynda og túlka í ræðu og riti
- geti sýnt fram á að hann sé fær um að þróa myndhugmyndir sínar áfram á meðvitaðan og gagnrýninn hátt
- geti sýnt fram á að hann geti nýtt sér sýndarþrívídd og teiknimyndir til að tjá skoðanir sínar og hugmyndir um umhverfi sitt

Efnisatriði/kjarnahugtök

Teikning, hugmyndavinna, formmótun, snúningsás, ljósgjafir, ljósdreifing, skygging, áferð, litur, gljái, umhverfisheild, samsetning forma, hreyfing, tímarammi, hraði, bakgrunnur, forgrunnur, figúrir, umbreyting forma, afstaða, sjónarhorn.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, skissur, tilraunir, myndir í sýndarþrívídd, teiknaðar hreyfimyndir o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á tæknilega færni við undirbúning, skipulag, mynd- og eftirvinnslu og hugmyndaauðgi og frumleika sem kemur fram í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

MHL 333 Margmiðlun: hljóðsetning og tónlist

Undanfari: MHL 313 (eða samhlíða)

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur grunnatriði þess að vinna með tónlist í margmiðlunarumhverfi. Þeir kynnst forsendum upptökutækni og stafrænnar vinnslu á tónlist. Þeir kynnst einnig ólíkum tónlistartegundum og -stíl og læra að skipuleggja hljóðsetningu á myndböndum og margmiðlunarefni þannig að það auki áhrif þess efnis sem þeir eru að vinna með. Hluti námsins byggist á því að greina eigin verk og samnemanda og túlka niðurstöðurnar bæði skriflega og í umræðum. Einnig vinna nemendur verkefni þar sem þeir eiga að greina tónlistar- og hljóðvinnsluverkefni á margmiðlunarsviði.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kunni skil á helstu tónlistartegundum og stíl
 - kunni skil á helstu stílbreytingum evrópskrar tónlistar
 - kunni skil á ólíkum áherslum í tónlist um heim allan
 - kunni skil á helstu tegundum dægurtónlistar á þessari öld
 - kunni skil á helstu hugmyndum og stílbrigðum í framsækinni tónlist á þessari öld
- kunni grunnatriði í upptökutækni og hljóðvinnslu á stafrænu formi
 - geti tekið upp hljóð í hljóðveri
 - geti unnið hljóð, blandað það, mótað og hreinsað
- kunni að hagnýta sér tónlist og hljóðáhrif í samspili við myndefni og texta í margmiðlun
 - geti nýtt sér tónlist til að auka áhrif myndefnis í myndböndum
 - geti nýtt sér tónlist markvisst til að auka dýpt efnis á margmiðlunarformi

- sýni færni í að fjalla um eigin hugmyndir á gagnrýninn hátt
 - geti rætt um álitamál í sambandi við tónlistarnotkun sína á margmiðlunarformi
- geti beitt sér af rökfestu við að greina og gagnrýna hugmyndir og vinnu annarra á sviði tónlistar- og hljóðvinnslu
 - sé fær um að ræða opinskátt um og gagnrýna hugmyndir og verk samnemenda sinna
 - sé fær um að taka gagnrýna afstöðu til nýtingar tónlistar og hljóðs á sviði margmiðlunar og túlka í ræðu og riti

Efnisatriði/kjarnahugtök

Hljóð, tónlist, taktur, tónar, stígangi, hrynjandi, sígild tónlist, popptónlist, djass, rokk, vísnatónlist, nútímatónlist, kvikmyndatónlist, mismunandi hljóðfæri, hljóðupptaka, hljóðblöndun, hljóðgervill, hljóðeðlisfræði, samspil hljóðs og myndar, samfella, umhverfishljóð, bakgrunnshljóð, bakgrunnstónlist.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á hæfni nemenda í að vinna með tónlist og hljóð í samspili við annað margmiðlunarefni, hugmyndaauðgi og frumleika sem kemur fram í afurð.

Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

MHL 403 Margmiðlun: verkstæði

Undanfari: MHL 304 313 323 MHS 203

Áfangalýsing

Í áfanganum vinna nemendur að sjálfstæðum verkefnum á sviði margmiðlunarhönnunar. Þeir skilgreina verkefni sín á áhugasviði sínu í samráði við kennara. Ef um viðameiri verkefni er að ræða er sá möguleiki fyrir hendi að fleiri en einn standi að sama verkefni. Áhersla er lögð á að nemendur sýni agað og skipulagt vinnuferli frá fyrstu hugmynd til lokafrágangs hönnunarverkefnis. Samhliða eigin verkefnavinnu gagnrýna nemendur verkefni hver annars og rannsaka viðfangsefni og hugmyndafræði fagmanna á sínu sviði til að kynna fyrir öðrum nemendum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti unnið nokkuð viðamikil verkefni á margmiðlunarformi
 - geti þróað hugmyndir sínar skipulega
 - geti unnið efni í samræmi við hugmyndir sínar á áhrifaríkan hátt
- sýni færni í að fjalla um eigin hugmyndir á gagnrýninn hátt
 - geri sér grein fyrir fagurfræðilegum álitamálum í sambandi við hönnun sína
 - geri sér grein fyrir siðferðilegum álitamálum í sambandi við hönnun sína
 - geri sér grein fyrir tákfræðilegum álitamálum í sambandi við hönnun sína
- geti beitt sér af rökfestu við að greina og gagnrýna hugmyndir og vinnu annarra á sviði margmiðlunar
 - sé fær um að ræða opinskátt um og gagnrýna hugmyndir og verk samnemenda sinna á uppbyggilegan hátt
 - sé fær um að taka gagnrýna afstöðu til verka á sviði margmiðlunar og túlka þau í ræðu og riti

Efnisatriði/kjarnahugtök

Margmiðlun, Netið, útlitshönnun, tengsl myndar og texta, myndbönd, hreyfimyndir, gagnvirkni, innbyrðis tengsl í verkefni, grunnskipulag, vinnuferli frá hugmynd að afurð, útlit og innihald, fagurfræðilegt mat, siðferðilegt mat, táknfræðilegt mat, gagnrýni.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á tilfinningu nemenda fyrir hönnun, meðferð þeirra á myndefni og texta og samspili þessara þátta, tengingar á milli einstakra þátta verksins, hvernig umgjörð hæfir innihaldi, hugmyndaauðgi og frumleika sem kemur fram í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

MHL 504 Margmiðlun: lokaverkefni

Undanfari: MHL 403

Áfangalýsing

Í áfanganum vinna nemendur að lokaverkefni sínu á sviði margmiðlunarhönnunar. Þeir skilgreina verkefni sitt á áhugasviði sínu í samráði við kennara. Sá möguleiki er fyrir hendi að fleiri en einn standi að sama verkefni. Áhersla er lögð á að nemendur sýni agað og skipulagt vinnuferli frá fyrstu hugmynd til lokafrágangs hönnunarverkefnis. Einnig er mikilvægt að góður heildarsvipur sé á lokaútfærslu verkefnis. Samhliða eigin verkefnavinnu gagnrýna nemendur verkefni hver annars og rannsaka viðfangsefni og hugmyndafræði fagmanna á sínu sviði til að kynna fyrir öðrum nemendum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- hafi unnið viðamikil verkefni á margmiðlunarformi
 - geti þróað hugmyndir sínar skipulega
 - geti unnið efni í samræmi við hugmyndir sínar á áhrifaríkan hátt
 - sýni góða heildarhugsun í verkefnavinnu sinni
- sýni færni í að fjalla um eigin hugmyndir á gagnrýninn hátt
 - geri sér grein fyrir fagurfræðilegum álitamálum í sambandi við hönnun sína
 - geri sér grein fyrir siðferðilegum álitamálum í sambandi við hönnun sína
 - geri sér grein fyrir tákfræðilegum álitamálum í sambandi við hönnun sína
- geti beitt sér af rökfestu við að greina og gagnrýna hugmyndir og vinnu annarra á sviði margmiðlunar
- sé fær um að ræða opinskátt um og gagnrýna hugmyndir og verk samnemenda sinna
- sé fær um að taka gagnrýna afstöðu til verka á sviði margmiðlunar og túlka þau í ræðu og riti

Efnisatriði/kjarnahugtök

Margmiðlun, Netið, útlitshönnun, tengsl myndar og texta, myndbönd, hreyfimyndir, gagnvirkni, innbyrðis tengsl í verkefni, grunnskipulag, heildarhugmynd, vinnuferli frá hugmynd að afurð, útlit og innihald, fagurfræðilegt mat, siðferðilegt mat, táknfræðilegt mat, gagnrýni.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi u.þ.b. 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, tilraunir, skissur o.þ.h. Þessi verk skulu metin út frá markmiðum í lok áfangans. Meta á tilfinningu nemenda fyrir hönnun, heildaryfirbragð lokaútfærslu, meðferð þeirra á myndefni og texta og samspili þessara þátta, tengingar á milli einstakra þátta verksins, hvernig umgjörð hæfir innihaldi, hugmyndaauðgi og frumleika sem kemur fram í afurð. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla öll gögn nemenda sem tengjast þeirri færni, skrifleg greiningarverkefni, dagbækur og þátttaka nemenda í umræðum á önninni. Mögulegt er að hluti námsmats felist í munnlegu prófi í lokin þar sem nemandi geri grein fyrir hugmyndum að baki verkefnum sínum.

MHS 103 Félagslegt og sögulegt samhengi grafískra miðla

Undanfari: LIM 103 113

Áfangalýsing

Í áfanganum kynnst nemendur sögu grafískra miðla, allt frá fyrstu ritun til ljósmynda og prentunar í samtíma sínum. Samfélagsleg áhrif grafískra miðla verða rannsóknarefni áfangans og þau merkingarfræðilegu og siðferðislegu álitamál sem sprottið hafa út frá hagnýtingu þeirra. Nemendur fá góða innsýn í mótun þessara miðla og öðlast betri skilning á þeirri hugmyndafræði sem býr að baki þeim og á tengslum þeirra við samfélagið á okkar tímum. Námið er byggt upp á þematískan hátt og er reiknað með að í hverri viku verði ákveðið viðfangsefni á þessu sviði krufið. Mælst er til þess að námið fari að mestu leyti fram í verkefnavinnu þar sem nemendur nálgist viðfangsefnið út frá eigin forsendum, vinni verkefni út frá þema vikunnar, kynni það hver fyrir öðrum og ræði þau álitamál sem upp koma.

Áfangamarkmið

Nemandi

- hafi hlotið innsýn í stílfræðilega og hugmyndafræðilega þróun grafískra miðla
 - geri sér grein fyrir því hvernig merkingarsamhengi grafískra miðla hefur þróast
- geri sér grein fyrir þeim áhrifum sem grafískir miðlar hafa haft á þróun samfélagsins
 - greini fjölbreytta beitingu grafískra miðla í gegnum tíðina
 - skilji hvernig þróun þessara miðla hefur getað valdið breytingum á samskiptamynstri innan samfélaga
- geti túlkað mögulega merkingu ljósmynda og prentefnis
 - skilji hvernig beita má grafískum miðlum í áróðurskyni

- skilji hvernig grafískir miðlar geta haft áhrif á skoðanir fólks
- skilji hvernig grafískir miðlar geta verkað á sjálfsmynd fólks
- skilji hvernig birting ímynda fólks getur ýmist styrkt ráðandi kerfi eða sett spurningarmerki við það
- skilji hvernig atriði eins og lýsing, skurður og sjónarhorn geta haft áhrif á okkur tilfinningalega
- geti greint flókið samspil texta og myndar í prentmiðlum og álitamál varðandi merkinguna
- geti rætt um álitamál myndmerkingar og -áhrifa
- geti kynnt niðurstöður sínar á fjölbreyttan hátt
- geti tekið á virkan hátt þátt í umræðu um verkefni sín og annarra nemenda

Efnisatriði/kjarnahugtök

- Letur, uppgötvun þess, letur sem miðill, samfélagslegar breytingar við tilkomu leturs, munur á ritmenningu og munnlegri geymd.
- Prentlistin, bækur og rit sem miðlar, félagslegar og menningarlegar breytingar í kjölfar prentlistarinnar.
- Ljósmyndin sem frumstæð tækni í upphafi, töfrar hennar, félagsleg merking hennar, álitamál um táknræna merkingu ljósmyndar.
- Skráning veruleikans með ljósmyndum, landslagsljósmyndun, framandi lönd, uppfræðslugildi ljósmynda, skemmtigildi ljósmynda.
- Portrettljósmyndun, frosinn tími, ígildi minninga.
- Ljósmyndun í þágu vísinda og tækni, tækniljósmyndun, tæknileg tjáning á tækni, tjáning nútímahyggjunnar.
- Ljósmyndin sem listform, líkaminn í ljósmyndum, ljósmyndin sem tjáningarmiðill.
- Ljósmyndin í meðferð súrrealista, ljósteikning á ljósmyndapappír, samklippur, sálræn tákn.
- Veggspjaldið sem áróðurstæki, veggspjaldagerð og prent konstrúktífista.

- Gildi ljósmynda í dagblöðum og tímaritum, gildi fréttar af stríði og hörmungum.
- Ljósmyndin sem sönnunargagn, trúverðugleiki ljósmynda, persónunjósni, eftirlit með almenningi.
- Ímyndin í auglýsingum, merking myndefnis í auglýsingum, tengsl texta og myndefnis, ómeðvituð áhrif merkingartengsla.
- Ljósmyndun og kynferði, kvenímyndin, karlímyndin, kynímyndir, samkynhneigð, klám.
- Ljósmyndun sem samtímalistform, persónuleg tjáning, samfélagsleg tjáning, írónísk notkun ljósmynda.

Námsmat

Námsmat getur að miklu leyti falist í mati á verkefnum og umræðuþátttöku nemenda út frá markmiðum áfangans. Þar skal meta árangur nemenda í rannsóknum, kynningu þeirra á þeim árangri, þátttöku í umræðum og skilning sem þeir sýna og vald á því efni sem fjallað er um. Mögulegt er að hluti námsmats byggist á skriflegu prófi í lokin þar sem nemendur geti sýnt fram á skilning sinn og þekkingu á efni áfangans.

MHS 203 Félagslegt og sögulegt samhengi kvik- og teiknimynda

Undanfari: MHS 103

Áfangalýsing

Í áfanganum kynnast nemendur sögu kvik- og teiknimynda, frá upphafi þessarar aldar fram til um 1980. Samfélagsleg áhrif kvikmynda á áhorfendur sína verða rannsóknarefni áfangans, auk merkingarfræðilegra og siðferðislegra álitamála sem þeim tengjast. Nemendur fá góða innsýn í mótun þessara miðla og öðlast betri skilning á þeirri hugmyndafræði sem býr að baki þeim og á tengslum þeirra við samfélagið á okkar tímum. Námið er byggt upp á þematískan hátt og er reiknað með að í hverri viku verði ákveðið viðfangsefni á þessu sviði krufið. Mælst er til þess að námið fari að miklu leyti fram í verkefnavinnu þar sem nemendur nálgist viðfangsefnið út frá eigin forsendum, vinni verkefni út frá þema vikunnar, kynni það hver fyrir öðrum og ræði þau álitamál sem upp koma.

Áfangamarkmið

Nemandi

- hafi hlotið innsýn í stilfræðilega og hugmyndafræðilega þróun kvik- og teiknimynda
 - geri sér grein fyrir því hvernig merkingarsamhengi kvik- og teiknimynda hefur þróast
 - þekki ólíka tjáningarmöguleika kvik- og teiknimynda
- geri sér grein fyrir þeim áhrifum sem kvikmyndir hafa haft á þróun samfélagsins
 - greini fjölbreytta beitingu kvikmyndunar í gegnum tíðina
 - skilji hvernig þróun þessara miðla hefur getað valdið breytingum á samskiptamynstri innan samfélaga
- geti túlkað mögulega merkingu kvik- og teiknimynda
 - skilji hvernig beita má kvikmyndum í áróðursskyni
 - skilji hvernig kvikmyndir geta haft áhrif á skoðanir fólks

- skilji hvernig kvikmyndir geta verkað á sjálfsímynd fólks
- skilji hvernig fyrirmyndir í kvikmyndum geta ýmist styrkt ráðandi kerfi eða sett spurningarmerki við það
- skilji hvernig atriði eins og lýsing, klipping, sjónarhorn, hreyfing og tónlist geta haft áhrif á okkur tilfinningalega
- geti rætt um álitamál í merkingu kvikmynda
- geti kynnt niðurstöður sínar á fjölbreyttan hátt

Efnisatriði/kjarnahugtök

- Kvikmyndun í Þýskalandi og á Norðurlöndum fram yfir fyrri heimsstyrjöld, upphaf kvikmyndunar, sköpun söguþráðar, takmörkuð tækni, alþjóðlegur markaður þögulla mynda.
- Rússnesk kvikmyndalist á milli stríða, filmalaus kvikmyndaskóli, „montage“-klippihugmyndir, samspil stjórn mála og listar, fjölbreytileg sjónarhorn.
- Uppgangur bandarískrar kvikmyndagerðar fram til 1940, stúdíókerfið, tegundamyndir, samfella í klippingum og söguþræði.
- Evrópskar „auteur“-myndir (1950-1970), leikstjórinn sem höfundur, flókin samvinna við gerð kvikmynda, persónulegur stilli í persónusköpun, tókum, klippingu og uppbyggingu söguþráðar.
- Bandarísk kvikmyndagerð frá 1950 til 1970, áhrif sjónvarps, stórmyndir, breiðtjald, þróun stúdíókerfisins, ritskoðun kvikmyndaiðnaðarins, kalda stríðið, upphaf unglíngamenningar.
- Kvikmyndagerð í Japan eftir stríð, japanskar tegundir: samúræja-, sögu- og hversdagsmyndir, japanska stúdíókerfið, ástæður þess að sumar japanskar myndir náðu fótfestu á Vesturlöndum.
- Kvikmyndun sem myndlist, borgarmyndir, abstraktkvikmyndun, súrrealismi, hugtakalist, nýting 16 og 8 mm véla, sjálfstæði listamanna gagnvart miðlinum.

- Myndbandagerð sem myndlist, tilkoma myndbandsins, listræn skráning, tengsl kvikmyndunar og gjörningalistar, þróun listmyndbanda, hugtakalist, nýting texta í myndböndum, myndbönd í innsetningum.
- Þróun heimildarkvikmynda fram til 1970, mannfræðirannsóknir, náttúrurannsóknir, félagslegar heimildir, fjarlægir heimar, stríð, vandamál, sérstök samfélög.
- Þróun teiknimynda fram til 1970, tækniþróun við gerð teiknimynda, fjölbreyttar vinnsluaðferðir, teiknimyndir sem aukaefni í upphafi, teiknimyndir í fullri lengd, vandamál og frjálsræði við vinnslu teiknimynda.
- Teiknimyndin 1970-1985, þróun í teiknimyndum, félagslegar teiknimyndir, teiknimyndir í alræðisríkjum, teiknimyndir og stjórnsmál.
- Vísindaskáldskapur sem þema í kvikmyndum, félagsleg merking, B-myndir, stórmyndir, áhersla á tækni, dulin ádeila, flótti frá raunveruleikanum.
- Kvikmyndun í V-Þýskalandi 1970-1980, þjóðfélagsleg rýni í kvikmyndum, lýsing áttakasamfélags, uppgjör við fortíðina.
- Póstmódernísk kvikmyndun í Bretlandi og Bandaríkjunum, staða mannsins í samfélaginu, spurningar um merkingu og tilgang.

Námsmat

Námsmat getur að miklu leyti falist í mati á verkefnum og umræðuþátttöku nemenda út frá markmiðum áfangans. Þar skal meta árangur nemenda í rannsóknnum, kynningu þeirra á þeim árangri, þátttöku í umræðum og skilning sem þeir sýna og vald á því efni sem fjallað er um. Mögulegt er að hluti námsmats byggist á skriflegu prófi í lokin þar sem nemendur geti sýnt fram á skilning sinn og þekkingu á efni áfangans.

MHS 304 Sögulegt, sálfræðilegt, merkingarfræðilegt, heimspekilegt og félagslegt samhengi myndmiðla í samfélaginu

Undanfari: MHS 203 LIM 203

Áfangalýsing

Í áfanganum rannsaka nemendur fjölmiðlaástand samtíma síns undir leiðsögn kennara. Þeir fjalla um fjölmiðlaheiminn út frá fjölbreyttum sjónarhornum, út frá t.d. félagsfræði, siðfræði, táknfræði, stjórn málafræði og sálfræði, til að reyna að komast að því hvernig samtímaumhverfi þeirra virkar, bæði á yfirborðinu og á bak við tjöldin. Reiknað er með að uppbygging námsins byggist á tvennu: annars vegar innlögn kennara þar sem hann leggur inn helstu forsendur og aðferðir við að rannsaka viðfangsefnið; hins vegar verkefnavinnu nemenda þar sem þeir kanna viðfangsefnið, ræða álitamálin sem koma upp og viðra niðurstöður rannsókna sinna.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geri sér grein fyrir tæknilegum og hugmyndafræðilegum forsendum fjölmiðla í samtímanum
 - greini forsendur og fjölbreytta aðferðafræði fjölmiðla í samtímanum
 - greini mismunandi möguleika fjölmiðla til að hafa áhrif á mismunandi hópa fólks
 - þekki forsendur að baki félagslegri virkni í fjölmiðlum samtímans
 - geri sér grein fyrir þeim áhrifum sem tæknibreytingar hafa haft á möguleika manna til að tjá sig almennt í samfélaginu
- geri sér grein fyrir tengslum samfélagslegra þátta og fjölmiðla
 - geri sér grein fyrir áhrifum fjölmiðla á stjórn málaþróun og -átök

- geri sér grein fyrir möguleikum manna til að hafa áhrif hver á annan í fjölmiðlum
- þekki til markaðsumhverfis fjölmiðla
- þekki helstu forsendur fjölmiðlagagnrýni
- geti rætt um siðferðileg álitamál sem tengjast fjölmiðlum
- sé fær um að fjalla um fjölmiðla og áhrif þeirra á gagnrýninn hátt í ræðu og riti

Efnisatriði/kjarnahugtök

Áhrif sjónvarpsins, efnistösk og stíll í sjónvarpi nútímans, auglýsingar, fjölbreytni, mismunandi stíll og mótandi áhrif í samfélaginu, stjórnun fjölmiðla og yfirráð, tölvuleikir, hönnun, siðferðileg atriði, Netíð, hönnun þess og siðferði, möguleikar á stýringu, stjórnleysi og mögulegar afleiðingar, reglur, höft, margmiðlunarhönnun, útgáfa margmiðlunarefnis, þróun slíkrar útgáfu í nútíð og framtíð, breytingar á tækni og möguleikum til miðlunar efnis, spurningar um úrvinnslu efnis, gagnaleynd, gagnaadgangur, spurningar um persónuvernd og persónurétt, staða dagblaða og tímarita, möguleikar til mótunar siðferðislega, stjórnmalalega og viðskiptalega, spurningar um siðferði, ofbeldi og afstöðu til barna og minnihlutahópa, sköpun og viðhald áhorfs.

Námsmat

Námsmat getur að miklu leyti falist í mati á verkefnum og umræðuþáttöku nemenda út frá markmiðum áfangans. Þar skal meta árangur nemenda í rannsóknnum, kynningu þeirra á þeim árangri, þáttöku í umræðum og skilning sem þeir sýna á því efni sem fjallað er um. Mögulegt er að hluti námsmats byggist á skriflegu prófi í lokin þar sem nemendur geti sýnt fram á skilning sinn og þekkingu á efni áfangans.



VALÁFANGAR Í LISTUM

Valáfangar í listum geta verið afar fjölbreytilegir og tekið til hvers konar listgreina. Einnig mætti bjóða upp á samþætt listnám í vali. Hver framhaldsskóli þarf að skilgreina það valgreinanám sem nemendum stendur til boða á sviði lista, hvort sem það er skipulagt innan skólans eða í samstarfi við sérskóla. Hér eru skilgreind þrjú dæmi um valáfanga í listum sem líta ber á sem þjónustu við skóla. Í eftirfarandi tónlistar- og sjónlistaáföngum er áhersla lögð á að þroska með nemendunum hæfni til að skilja og meta listir. Einnig þyrftu að standa til boða áfangar í þessum greinum með meiri áherslu á tjáningu, þ.e. þekkingu og færni í aðferðum, efniviði og miðlum. Leiklistaráfanginn er dæmi um slíkar áherslur.

Áfangar

TÓN 102 Tónlist (valgrein)

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur að greina helstu stíltegundir klassískrar tónlistar, djass og heimstónlistar. Þeir gera sjálfir könnun á einkennum mismunandi stíls innan rokktonlistar og kynna niðurstöður sínar fyrir öðrum nemendum. Aðrir þættir áfangans tengjast stíllæsi á einn eða annan hátt. Þeir eru

- að skilja efnis- og túlkunarþætti tónlistar
- að þekkja dæmigerð verk frá helstu tímabilum vest-rænnar tónlistarsögu
- að kunna skil á algengum fagorðaförða tónlistar
- að þekkja eftir heyrn öll algengustu hljómsveitarhljóð-færi og hljómsveitargerðir eftir tímabilum
- að þekkja helstu tegundir söngradda eftir heyrn
- að hafa staðgóða yfirsýn yfir þróun og sögu klassískrar tónlistar, djass- og rokktonlistar

Áhersla er lögð á greinandi hlustun. Helstu kennsluáð-ferðir: útlistunarkennsla, umræðu- og spurnaraðferðir og þjálfunaræfingar. Einnig vinna nemendur þrjú smáhópa-verkefni sem felast í vali og öflun upplýsinga um tónlist með aðstoð Netsins, greiningu og loks kynningu á tónlist-inni fyrir öðrum nemendum. Nemendur eru hvattir til að sækja tónleika með fjölbreyttri tónlist og fjalla um þá á gagnrýninn hátt.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti aðgreint barokk, klassiskan, rómantískan og 20. aldar tónstíl eftir heyrn
- þekki dæmigert tónverk frá þessum tímabilum
- geti aðgreint blús, ragtime, dixieland, swing og be-bop-stíl eftir heyrn
- þekki helstu hljómsveitarhljóðfæri og söngraddir eftir heyrn
- sýni skilning á helstu efnispáttum tónlistar með því að flokka rétt yfir- og undirhugtök
- geti greint efnivið og tónlistarhugtök í verkum sem hlustað er á með viðeigandi orðaforða (hendingar, mótíf, kadensa, pólýfóníu o.s.frv.)
- hafi yfirsýn yfir þróun og sögu klassískrar tónlistar, djass- og rokktonlistar, helstu höfunda, frumherja og verk
- geti á einfaldan hátt rökstutt eigin skoðanir á tónlist og flutningi hennar með réttum tilvisunum í efnis- og túlkunarþætti

Efnisatriði/kjarnahugtök

Endurreisnartónlist, barokkstíll, klassískur stíll, rómantískur stíll, tuttugustu aldar framúrstefna, blús, ragtime, dixieland, swing, be-bop, rytmablús, þungarokk, fram-sækið rokk, pönk, alternatív, tölvupopp, hrynur, laglína, hljómar, tónblær, tónstyrkur, formgerð, slag, tempó, hend-ingar, mótíf, symmetría, kadens, spenna, slökun, taktfesta, sveigjanleiki, óræðni, stefnufesta, samhengi, fjölbreytni, formstefna, skírskotunarstefna.

Námsmat

Dæmi um námsmat gæti verið eftirfarandi: Þrjú hlustunar-próf (45%), (1) hljóðfæri og söngraddir, (2) tónverk og tón-listarhugtök, (3) stílgreining í klassískri tónlist og djassi. Þrjú smáhópaverkefni í stílkennslu (10%). Bóklegt próf í sögu klassískrar tónlistar, djass- og rokktonlistar, ásamt fagorðum og tónlistarhugtökum (35%). Frjálst verkefni einstaklings (10%). Matið skal miðast við lokamarkmið áfangans.

MYN 102 Myndlist (valgrein)

Áfangalýsing

Í áfanganum er stefnt að því að nemendur verði læsir á myndmál í nútímasamfélagi og að þeir öðlist grundvöll til þess að meta og skilja menningarleg verðmæti sjónlista. Hér er m.a. átt við byggingarlist, myndlist, kvikmyndalist og hönnun en einnig verður fjallað um auglýsingar, tölvu-myndmál og fréttamyndir.

Í áfanganum læra nemendur að myndgreina og þjálfast í tungumáli sjónlista.

- Nemendur fá innsýn í íslenska byggingarlistarsögu og skoða byggingar frá mismunandi tímabilum í umhverfi sínu. Þeir taka ljósmyndir af byggingum og kynna sér hina mismunandi þætti sem snerta byggingarlistina.
- Nemendur kynnast listasögu Íslands og Evrópu frá 1850 til okkar daga, hlusta á fyrirlestra, skoða myndir og taka þátt í hópumræðum. Æskilegt er að fara í vettvangsferðir, s.s. skoða höggmyndir, fara á myndlistarsýningar og sækja heim listamenn.
- Nemendur fá greinargóða kynningu á litafraeði.
- Hönnunarsagan er rakin í fyrirlestrum með skyggnum. Nemendur skoða hluti út frá forsendum hönnunar. Að lokum fá nemendur að hanna nytjahlut.
- Fjallað er um kvikmyndir í fyrirlestrum og nemendur skoða eina kvikmynd sem þeir svo myndgreina.
- Ljósmyndasagan er rakin í fyrirlestri.

Áfangamarkmið

Nemandi

- skoði og skilgreini myndmál nútímasamfélags, svo sem auglýsingar, fréttamyndir, tölvur, ljósmyndir og tölvumyndmál
- öðlist skilning á grundvallarhugtökum litافرæði
- fái innsýn í byggingarlist og hönnun
 - geti greint byggingarstil frá ýmsum tímabilum
 - þekki helstu þætti er varða forsendur hönnunar, s.s. notagildi, fagurfræði, kostnað, efnisfræði, framleiðsluferli o.s.frv.
 - geti gert greinarmun á listhönnun og iðnhönnun
 - hanni nytjahlut
- fái innsýn í evrópska og íslenska myndlist frá 1850
 - þekki helstu stíltegundir og stefnur tímabilsins
 - öðlist skilning á nokkrum grundvallarhugtökum myndlistar
- velti fyrir sér markmiðum og tilgangi kvikmyndalistar og læri grunnatriði kvikmyndagagnrýni
 - skoði og myndgreini eina kvikmynd (myndmál, sagan, tákni, leikur, klipping, lýsing o.s.frv.)
- fái innsýn í sögu, tilurð og tilgang ljósmyndarinnar

Efnisatriði/kjarnahugtök

Auglýsingar, fréttamyndir, tölvumyndmál, hönnun, byggingarlist, kvikmyndalist, litافرæði, heitir litir, kaldir litir, andstæðir litir, dempaðir litir, hreinir litir, frumlitir ljóss, frumlitir litarefna, litatónar, litur, lína, grunnform, fjarvídd, tvívídd, þrívídd, lágmynd, portrett, höggmynd, myndbygging, forgrunnur, bakgrunnur, miðgrunnur, prófill, módernismi, listmálun, olíulitur, vatnslitur, akríllitur, freska, grafík, æting, tré- og dúkrista, silkiþrykk, gullinsnið, mósaík, ismar (stíll/listastefnur), kitsch, efnislæg list, huglæg list, tákn, textill, endurreisn, impressjónismi, expressjónismi, kúbismi, fútúrismi, abstrakt, geómetrískt abstrakt, abstrakt expressjónismi, dadaismi, naumhyggja (minimalismi), súrrealismi, popplíst, oplíst, súperrealismi, konseptlíst, landlíst, nútímalíst, funksjónalismi, listhönnun, iðnhönnun, oddbogi, hringbogi, camera obscura, ljósnæmni, fókus, víðmynd, heilmýnd, hálfmýnd, nærmýnd, ýkt nærmýnd, tilt, súm, klípping, sjónarhorn.

Námsmat

Dæmi um námsmat gæti verið eftirfarandi: Skrifleg verkefni um safnferðir og heimsóknir til listamanna (15%). Nemendur ljósmynda og skrifa um byggingar og höggmyndir (20%). Hönnunarverkefni (5%). Bíóferð: nemendur skoða bíómynd og skrifa ritgerð (20%). Lokapróf (40%). Matið skal miðast við lokamarkmið áfangans.

LEK 103 Leiklist (valgrein)

Áfangalýsing

Í áfanganum þjálfast nemendur í undirstöðuatríðum leiklistar svo sem persónusköpun, spuna og látbragðsleik. Nemendur lesa ljóð, fara með ræður, lesa leikrit eða hluta úr leikritum og þjálfast í að sviðsetja þau. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist skilning á hinu fjölþætta eðli leiklistarinnar og hvernig hún tengist á órjúfanlegan hátt öðrum listgreinum. Kynnt eru hugtök og orðaforði sem tengist greininni. Einnig eru nemendur hvattir til að fylgjast með umfjöllun um leiksýningar í fjölmiðlum og sækja leiksýningar og fjalla um þær á gagnrýninn hátt. Nemendur eru stöðugt þjálfaðir í að gagnrýna eigin frammistöðu og annarra og vestræn leiklistarsaga er kynnt eftir föngum í tengslum við þá vinnu sem fram fer í áfanganum. Vettvangsheimsóknir í leikhús og á aðra staði, sem tengjast leiklist, ættu að vera hluti af náminu þar sem aðstæður leyfa.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti nýtt sér upphitunar-, radd- og slökunaræfingar til að undirbúa sig undir að koma fram opinberlega
- geti lesið upp úr handriti leikrits undirbúningslaust og tekið þátt í áheyrnarprufum
- geti beitt röddinni á mismunandi hátt eftir aðstæðum og ólíku rými
- geti leikið á óþvingaðan og sannfærandi hátt fyrir framan aðra
- kunni að leika með grímur
- geti farið með ljóð og flutt ræður á óþvingaðan, skapandi hátt
- sé fær um að nýta sér bardagalist (detta, rekast á vegg og slást) í leikrænni tjáningu

- geti á skapandi hátt tekið þátt í fjölbreytilegum spuna-
verkefnum
- kunni undirstöðuatriði látbragðsleiks
- geti fjallað um og metið eigin frammistöðu og annarra
á upplýstan og greinargóðan hátt og gert grein fyrir
forsendum
- sé fær um að ræða þær hugmyndir sem liggja að baki
eigin persónusköpun
- sé fær um að ræða opinskátt um þær hugmyndir sem
hann reynir að túlka í útfærslu sinni á leikatriðum og
ramma þeirra (leikmynd, lýsing, tónlist, förðun og
búningar)
- sé fær um að taka gagnrýna afstöðu til leikverka og
túlka hana í ræðu og riti
- geri sér grein fyrir því hvernig leiklistin tengist öðrum
listgreinum
- fái innsýn í vestræna leiklistarsögu

Efnisatriði/kjarnahugtök

Upphitunaræfingar, traustsæfingar, slökun, raddbeiting, persónusköpun, spuni, förðun, leikritalestur, bardagalist, látbragðsleikur, trúðalist, leikur með grímur, búninga- og sviðsmyndahönnun.

Námsmat

Æskilegt er að sköpun, túlkun og tjáning vegi 2/3 af lokamati og skynjun, greining og mat 1/3. Undir ferlið sköpun/túlkun/tjáningu falla skilgreind verkefni nemenda, svo sem látbragðsleikur, ljóðalestur, spuni og leikur þar sem nemendur túlka og fullvinna til sýningar atriði leikverka eða leikverk í heild sinni. Undir ferlið skynjun/greiningu/mat falla munnleg og skrifleg verkefni nemenda, svo sem leiklistargagnrýni og þátttaka nemenda í umræðum á önninni.